



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 25. september 2019 varðandi eftirfarandi mál.

HverfisSKIPULAG, Árbær 7.1 Ártúnsholt

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga að hverfisSKIPULAGI Árbæjar, hverfi 7.1 Ártúnsholt dags. 14. desember 2018, br. 12. september 2019 ásamt almenntri greinargerð og stefnu dags. 14. desember 2018, br. 12. september 2019 og skipulagsskilmálum dags. 14. desember 2018, br. 14. september 2019. Tillagan var auglýst frá 2. febrúar 2019 til og með 17. mars 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: María Gísladóttir og Birgir Guðmundsson mótt. 25. febrúar 2019, Jóhann P. Jónsson mótt. 28. febrúar 2019, Þorsteinn Sigurðsson mótt. 10. mars 2019, Pálína Björnsdóttir mótt. 8., 11. og 14. mars 2019, Linda Björk mótt. 11. mars 2019, Hallur Steinar Jónsson og Jóhanna Valgerður Magnúsdóttir mótt. 12. mars 2019, Ragnar W. Hallbergsson mótt. 12. mars 2019, Björn H. Sigurðsson og Bryndís Magnúsdóttir mótt. 12. mars 2019, Ragnheiður Valdimarsdóttir dags. 12. mars 2019, Sigrún Hjartardóttir og Elvar Vilhjálmsson mótt. 13. mars 2019, Erla Rannveig Gunnlaugsdóttir og Pálmar Guðmundsson mótt. 13. mars 2019, Þorgeir Björnsson mótt. 13. mars 2019, Vilhelmína Sigurðardóttir dags. 13. mars 2019, Ingibjörg Tómasdóttir mótt. 12., 13. og 14. mars 2019, íbúar og fasteignaeigendur við Birtinga- og Bleikjukvísl, undirskriftalisti 101 aðili, mótt. 14. mars 2019, Bryndís Björnsdóttir og Magni Sigurður Sigmarsson dags. 14. mars 2019, Þór Austmar mótt. 15. mars 2019, Sigurður Ingvarsson og María Bjarnadóttir mótt. 15. mars 2019, Lovísa Hallgrímsdóttir f.h. Regnbogans leikskóla mótt. 15. mars 2019, Ólöf Guðný Valdimarsdóttir f.h. eigenda Birtingakvíslar 50 dags. 16. mars 2019, Elísabet Jónsdóttir mótt. 16. mars 2019, Einar Guðberg Jónsson mótt. 17. mars 2019, Guðný Klara Kristjánsdóttir mótt. 17. mars 2019, Ágústa Kristófersdóttir og Óli Jón Jónsson dags. 17. mars 2019, Sigurgeir A. Jónsson dags. 17. mars 2019, Inga Lára Karlsdóttir og Jökull Úlfarsson mótt. 17. mars 2019, Árný Þórarinsdóttir og Ragnar Jónsson mótt. 17. mars 2019, Árný Þórarinsdóttir, Ragnar Jónsson, Ásdís Sigurgeirsdóttir og Þórarinn Klemensson mótt. 17. mars 2019, Anna Kristín Karlsdóttir og Lárus Þórhallsdóttir mótt. 17. mars 2019, Sigmundur Einarsson og Margrét I Kjartansdóttir mótt. 17. mars 2019, Díana Hilmarsdóttir mótt. 17. mars 2019, Stefán Orri Stefánsson mótt. 17. mars 2019, Snæbjörn Ingi Ingólfsson mótt. 17. mars 2019, Ingólfur Finnbogason mótt. 18. mars 2019 og Viktoría Áskelsdóttir mótt. 18. mars 2019. Einnig sendu eftirtaldir stofnanir inn umsagnir: Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 20. mars 2019, Skipulagsstofnun dags. 29. mars 2019 og Veitur dags. 22. mars 2019. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. september 2019.



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Samþykkt sbr. 1. mgr. 42 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. september 2019.

Vísað til borgarráðs

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins bóka: Hverfisskipulag er til þess fallið að einfalda stjórnkerfið og auka gagnsæi fyrir íbúa um rétt þeirra í hverfunum. Að loknu ítarlegu samráðsferli hefur verið ákveðið að falla frá heimild til að reisa fjölbýlishús við Birtingarkvísl. Það er jákvætt að hér hafi verið komið til móts við þann vilja íbúana.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjöl: tillaga að hverfisskipulagi Árbæjar, hverfi 7.1 Ártúnsholt dags. 14. desember 2018, br. 12. september 2019 ásamt almennri greinargerð og stefnu dags. 14. desember 2018, br. 12. september 2019 og skipulagsskilmálum dags. 14. desember 2018, br. 14. september 2019, innkomnar athugasemdir, umsögn Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 20. mars 2019, umsögn Skipulagsstofnun dags. 29. mars 2019, umsögn Veitur dags. 22. mars 2019 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. september 2019.



Bók 2

Ártúnsholt Skipulagsskilmálar





ÚTGEFANDI

Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

ÁBYRGÐ, UMSJÓN OG RÁÐGJÖF

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Björn Axelsson *skipulagsfulltrúi*

Verkefnisstjórar skipulagsfulltrúa

Ævar Harðarson *verkefnisstjóri hverfisskipulags*

Guðlaug Erna Jónsdóttir *verkefnisstjóri*

Jón Kjartan Ágústsson *verkefnisstjóri*

Ráðgjafar hverfisskipulags í borgarluta 7

Gylfi Guðjónsson *Teiknistofa arkitekta*

Jóhann Einar Jónsson *Teiknistofa arkitekta*

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir *EFLA*

Pétur Jónsson *Landark*

Hönnun, teikningar og ljósmyndir

Ox Collective *grafísk hönnun*

Rán Flygenring *myndlist*

Pétur Stefánsson *teiknari*

Trípólí Arkitektar *myndefni*

DLD - Dagný Land Design ehf *myndefni*

Búi Hrafn Jónuson *hönnun og myndefni*

Hulda Einarsdóttir *umbrot og lokafrágangur*

Særós Sigþórsdóttir *umbrot og lokafrágangur*

Ólafur Ingibergsson *umbrot og lokafrágangur*

SAMÞYKKTAR- OG STAÐFESTINGARFERLI

Hverfisskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 5. mgr. 37. gr. sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____
_____ þann _____ 20__.

og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann
_____ 20__.

Skipulagsfulltrúi

Listi yfir helstu breytingar

7.1 Ártúnsholt: Bók II

Eftirfarandi breytingar voru gerðar eftir auglýsingu á hverfisskipulagi og eftir ábendingum á auglýsingatíma frá Skipulagsstofnun, Veitum ohf, heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Borgarsögusafni og íbúum og hagsmunaaðilum í hverfinu. Ekki er um að ræða efnislegar breytingar frá auglýstu skipulagi.

Hverfisskipulagsupprættir

- Fornleifar, hverfisvernd og friðuð og friðlýst hús merkt inn á upprætti í 7.1 Ártúnsholti, 7.2 Árbæ og 7.3 Selási.
- Stofnlagnir Veitna merktar inn á upprætti í 7.1 Ártúnsholti, 7.2 Árbæ og 7.3 Selási.
- Kyrrlát svæði merkt inn á upprætti í 7.1 Ártúnsholti, 7.2 Árbæ og 7.3 Selási.
- Þéttingarreitur við Birtingakvísl 3-9 tekinn út af upprætti í 7.1 Ártúnsholti

Breytingar á skilmálum þvert á einingar:

Helstu áherslur

- Tekið út orðalagið „til útleigu“ í umfjöllun um aukaíbúðir í skilmálaeiningum þar sem aukaíbúðir eru heimilaðar.

Starfsemi

- Bætt við ákvæði um að afla skuli viðeigandi leyfa fyrir leyfisskyldri starfsemi.
- Bætt við umfjöllun um starfsemi í íbúðarhúsi.
- Ekki lengur talað um sértæk búsetuúrræði heldur húsnæði fyrir fatlað fólk sem nýtur stuðnings starfsmanna.

Fjölgun íbúða

- Orðið „viðbótaríbúðir“ tekið út í skilmálatexta og í staðin notað „nýjar íbúðir“ svo samræmi sé í hugtakanotkun um íbúðagerðir í efni hverfisskipulags.
- Bætt við ákvæði um samráð við Veitur ohf. um tengingu aukaíbúða við fráveitukerfi.

Yfirfærðar byggingarheimildir

- Framsetning yfirfærðra byggingarheimilda hefur verið endurskoðuð og samræmd. Sett eru almenn ákvæði um nýtingu yfirfærðra heimilda. Upplýsingar um byggingarmagn yfirfærðra heimilda eru birtar í töflu ásamt útskýringum og tilvísunum í hvaðan heimildin er yfirfærð.

Viðbótarbyggingarheimildir

- Framsetning viðbótarbyggingarheimilda hefur verið endurskoðuð og samræmd. Sett eru almenn ákvæði og sérstök ákvæði ásamt því sem byggingarmagn er birt í töflu.

Svalir og svalalokanir

- Tekin út eftirfarandi setning: „Þaksvallir eru heimilar. Þakverandir eru ekki heimilar“.

Þakgerð og frágangur þaks

- Skilmálaliður sem áður var nr. 15, Kvistir, felldur út og umfjöllun færð undir þennan skilmálalið.

Kjallari

- Texta skilmálaliðsins breytt eftir athugasemd Skipulagsstofnunar.

Niðurrif

- Bætt við ákvæði um samþykki byggingar- og skipulagsyfirvalda og heilbrigðiseftirlits.

Ósamþykktar framkvæmdir

- Texta skilmálaliðsins breytt eftir athugasemd Skipulagsstofnunar.

Útfærsla lóða

- Í skilmálatexta er vísað í upplýsingar í leiðbeiningu um útfærslu lóða um umsóknarferli og málsmeðferð um trjáfellingar.

Loftgæði

- Skilmáli fluttur úr yfirlokknum SAMFÉLAG í flokkinn GÆÐI BYGGÐAR. Skilmálinn hét áður Loftmengun.

Meðhöndlun úrgangs

- Tekið út ákvæði um að lóðarhafar geti tekið sig saman um sameiginlegar úrgangslausrir.
- Tekið út ákvæði um að þar sem aðgengi sorphirðu og íbúa að ílátum undir úrgang sé slakt geti lóðarhafar óskað eftir að Reykjavíkurborg gefi eftir borgarland undir nýjar úrgangslausrir.
- Tekin út umfjöllun um lágmarksfjölda og stærð sorpíláta við sérbýli.
- Bætt við ákvæði um að þegar byggð eru sorpskýli, -gerði eða -geymslur á lóð við íbúðarhús skuli fylgja hönnunarviðmiðum um úrgangslausrir sem Reykjavíkurborg hefur gefið út.
- Umfjöllun um úrgangslausrir á borgarlandi tekin úr sérstöku undirkafla og færð undir almenn ákvæði.

Blágrænar ofanvatnslausrir

- Bætt við ákvæði um að innleiða skuli blágrænar ofanvatnslausrir á lóðum þar sem aukið er við byggingarmagn.

Fornleifar

- Skilmálatexti uppfærður skv. tillögum Borgarsögusafns.

Almenningssamgöngur

- Nýr skilmálaliður.

Bílastæði og innkeyrslur

- Fjöldi heimilaðra bílastæða fyrir hverja lóð gefinn upp í töflum.
- Skilmálum um bílastæði vegna nýrra íbúða (séríbúða) í fjölbýlishúsum breytt.

Deiliskipulag fellt úr gildi

- Upplýsingar um deiliskipulag sem fellt er úr gildi með hverfisSKIPULAGI eru færðar í sérstaka heimildaskrá aftast í bók II.

7.1 Ártúnsholt - Aðrar skilmálabreytingar

Skilmálaeining 7.1.5

Fjölgun íbúða

- Tekin út heimild til að fjölga íbúðum með ofanábyggingu á fjölbýlishús.

Viðbótarbyggingarheimildir

- Tekin út heimild til hækkunar fjölbýlishúsa.

Skilmálaeining 7.1.8

Helstu áherslur

- Tekin út umfjöllun um nýbyggingar við Birtingakvísl 3-9.

Fjölgun íbúða

- Tekin út umfjöllun um fjölgun íbúða vegna nýbygginga við Birtingakvísl 3-9.

Nýbyggingar

- Tekin út heimild fyrir nýbyggingum við Birtingakvísl 3-9.

Skilmálaeining 7.1.9

Bílastæði og innkeyrslur

- Texta breytt (Á EFTIR AÐ GERA)

Skilmálaeining 7.1.11

Um skilmálaeiningu

- Tekin út umfjöllun um Rafstöðvarveg 41 sem færast yfir í skilmálaeiningu 7.1.14.

Byggingarmagn aðalbygginga

- Tekin út umfjöllun um Rafstöðvarveg 41 sem færast yfir í skilmálaeiningu 7.1.14.

Almenningsrými

- Bætt við ákvæði um kyrrlát svæði.

Kyrrlát svæði

- Bætt við ákvæði um kyrrlát svæði.

Skilmálaeining 7.1.12

Verndarákvæði

- Texta breytt skv. tillögum Borgarsögusafns.

Skilmálaeining 7.1.14

Helstu áherslur

- Bætt við umfjöllun um hverfisvernd skilmálaeiningarinnar.

Byggingarmagn aðalbygginga

- Umfjöllun um Rafstöðvarveg 41 bætt við (færast úr skilmálaeiningu 7.1.11)
- Ákvæðum um hæðir húsa og hæðafjölda breytt eftir ábendinar Borgarsögusafns.

Byggingarreitir og gjöld

- Texta breytt (Á EFTIR AÐ GERA)

Svalir og svalalokanir

- Skilmálatexta breytt í samráði við Borgarsögusafn.

Þakgerð og frágangur þaks

- Skilmálatexta breytt í samráði við Borgarsögusafn.

Útlitsbreytingar og viðhald

- Skilmálatexta breytt í samráði við Borgarsögusafn.

Kjallari

- Skilmálatexta breytt í samráði við Borgarsögusafn.

Niðurrif

- Skilmálatexta breytt í samráði við Borgarsögusafn.

Tæknibúnaður

- Skilmálatexta breytt í samráði við Borgarsögusafn.

Ósamþykktar framkvæmdir

- Skilmálatexta breytt í samráði við Borgarsögusafn.

Borgarbúskapur

- Bætt við ákvæði um húsdýrahald á Árbæjarsafni.

Verndarákvæði

- Skilmálatexta breytt í samráði við Borgarsögusafn.
- Umfjöllun um Rafstöðvarveg 41 bætt við skilmálatexta.

Efnisyfirlit

KAFLAR

BLS

Skipulagsskilmálar fyrir Ártúnsholt

6

SKILMÁLAEININGAR	BLS	SKILMÁLAEININGAR	BLS	SKILMÁLAEININGAR	BLS
7.1.1	12	7.1.7	24	7.1.13	36
7.1.2	14	7.1.8	26	7.1.14	38
7.1.3	16	7.1.9	28		
7.1.4	18	7.1.10	30		
7.1.5	20	7.1.11	32		
7.1.6	22	7.1.12	34		

Skipulagsskilmálar fyrir Selás

Yfirlit

Eins og fram kemur í formála í bók I er hverfisskipulagi Seláss skipt í tvö bindi sem mynda eina heild ásamt skipulagsupprætti. Skiptingin er til þess gerð að auðvelda lestur á prentaðri útgáfu. Bók I er almenn greinargerð og stefna en í bók II eru skipulagsskilmálar fyrir Selás. Gerð er grein fyrir bindandi stefnum í kafla 5 í bók I, *Stefna og helstu áherslur í Selási*, en þar eru lagðar línur fyrir alla mikilvægustu þætti hverfisskipulagsins sem síðan eru útfærðir í skipulagsskilmálum.

Hverfisskipulag fyrir Selás mun leysa af hólmi eldri deiliskipulagsáætlanir, sem felldar eru úr gildi við samþykkt hverfisskipulags. Í hverfisskipulagi eru settir nýir skipulagsskilmálar sem byggja á:

- Yfirfærsla á helstu byggingarheimildum úr eldra deiliskipulagi, sem fellt er úr gildi.
- Helstu óskum íbúa og hagsmunaaðila um breytingar.
- Nýjum, vistvænum og sjálfbærum áherslum.

Það sem yfirfærist úr eldra deiliskipulagi yfir í hverfisskipulag eru byggingarheimildir og heimildir um bílastæði. Upplýsingar um gögn sem yfirfærsla á eldri skipulagsheimildum byggir á er að finna í skilmálanum yfirfærðar byggingarheimildir undir kafla um MANNVIRKI og skilmála um bílastæði og innkeyrslur undir kafla um SAMGÖNGUR í hverri skilmálaeiningu. Aftast í bók II er skrá yfir deiliskipulagsáætlanir þaðan sem heimildir eru yfirfærðar og deiliskipulag sem fellt er úr gildi við samþykkt hverfisskipulags.



Skýringar

- Afmörkun hverfisskipulags
- Svæði utan hverfisskipulags
- Afmörkun skilmálaeininga
- Hús / byggingar
- Lóðamörk
- Íbúðarbyggð
- Miðsvæði
- Samfélagsþjónusta
- Verslun og þjónusta
- Íþróttasvæði
- Ekki hluti af hverfisskipulagi
- H Hverfigarður: Garðar innan hverfis sem þjóna íbúum hverfis
- Græn svæði: Gróður við göturými og önnur óskilgreind græn svæði
- Leiksvæði: Hefðbundin leiksvæði með gróðri og leikmöguleikum
- Dvalarsvæði: Græn yfirbragð, gróður og íverusvæði
- Kyllart svæði: «Eftið til dvalar og slökunar á opnu svæði í skjóli frá heitum umferðarleiðum
- Götur
- Borgargötur (aðalgötur)
- Bílastæði (leiðbeinandi staðsetn.)
- Gangstéttir / göngustigir
- Ný göngutenging (leiðbeinandi lega)
- Nýr hjólastigur (leiðbeinandi lega)
- Núverandi göngubrú/undirgöng
- Blætt göngubrú/undirgöng
- Ný göngubrú/undirgöng
- Þróunar-/athugasvæði (sérstakt deiliskipulag)
- I. Byggingarreitur, minni byggingar, sjá skilmála
- II. Byggingarreitur, stærri byggingar, sjá skilmála
- Möguleg hækkun fjölbýlishúsa
- Grenndarstöð (leiðbeinandi lega)
- Deilibílar (leiðbeinandi lega)
- Hléslustæði (leiðbeinandi lega)
- Náttúrusríkenni
- Hljóðvörn (leiðbeinandi staðsetn.)
- Hverfistorg og leða fegurnd göturýma
- Kvæðir (sjá nánar í bók 2)
- Hverfisvernd
- Fornleifar og yngri minjar

Mynd 1
Hverfisskipulagsuppláttur fyrir 7.1 Ártúnsholt.

Skilmálaeiningar í Selási


Eins og fram kemur í kafla 7, *Skilgreiningar og lykilhugtök*, er hugtakið skilmálaeining skilgreint sem: *Þyrping húsa, lóða og/eða borgarumhverfi á afmörkuðu landsvæði innan hverfis sem heyrir saman af sögulegum, landfræðilegum, byggingartæknilegum og/eða fagurfræðilegum ástæðum og fær því sameiginlega skipulagsskilmála.*

Selási hefur verið skipt upp í þrettán skilmálaeiningar sem hver hefur fengið sérstakt auðkenni frá 7.3.1 til 7.3.13, sbr. merkingar og afmörkun á uppdrætti. Hver þessara skilmálaeininga fær sérstaka skilmála.

7.1.1	Urriðahvísil	Íbúðarbyggð
7.1.2	Silungakvísil	Íbúðarbyggð
7.1.3	Seiðakvísil	Íbúðarbyggð
7.1.4	Árkvörn og Bleikjukvísil	Samfélagsþjónusta
7.1.5	Laxakvísil, Reyðarkvísil og Fiskakvísil	Íbúðarbyggð
7.1.6	Strengur	Borgargata
7.1.7	Álakvísil, Birtingakvísil og Sílakvísil	Íbúðarbyggð
7.1.8	Birtingakvísil, Bleikjukvísil og Blöndukvísil	Íbúðarbyggð
7.1.9	Hyljir	Miðsvæði
7.1.10	Straumur	Þjónusta og opin svæði
7.1.11	Opin svæði í hverfinu	Allt hverfið
7.1.12	Rafstöðvarvegur	Íbúðarbyggð
7.1.14	Árbæjarsafn	Samfélagsþjónusta

Mynd 2

7.1 Ártúnsholt skiptist í 13 skilmálaeiningar. Á myndinni má sjá staðsetningu skilmálaeininga í hverfinu.



Skilmálar í Selási

Skipulagsskilmálar flokkast í sjö áherslupætti:



SAMFÉLAG

Skilmálar um íbúasamsetningu, starfsemi og verslun, þjónustu í hverfinu og lýðheilsu eins og hljóð- og loftmengun.



GÆÐI BYGGÐAR

Skilmálar um lóðir, opin svæði, gróður, borgarbúskap, ljósvist og kvaðir á lóðum og opnum svæðum.



SAMGÖNGUR

Skilmálar um samgöngur eins og götur, stíga, bílastæði, innkeyrslur, bílakjallara og sameiginleg bílastæði og hjólstæði.



VISTKERFI OG MINJAR

Skilmálar um blágrænar ofanvatnslausnir, byggðavernd, fornleifar og verndun náttúrusérkenna.



ORKA OG AUÐLINDIR

Skilmálar um flokkun úrgangs, rafhleðslustæði og dreifistöðvar og lagnir.



MANNVIRKI

Skilmálar um húsagerð, yfirfærðar byggingarheimildir, viðbótarbyggingarheimildir, heimildir fyrir nýbyggingar, viðhald og breytingar, niðurrif, tækjabúnað á húsum og ósamþykktar framkvæmdir.



NÁTTÚRUVÁ

Skilmálar um aðgerðir vegna flóða, náttúruhamfara, loftslagsbreytinga og óveðurs.

Flokkun skilmála er í samræmi við *Gátlista um vistvæna byggð*, sjá fylgiskjal hverfissskipulags, *Verklýsingu hverfissskipulags fyrir borgarhluta 7 Árbæ dags. 16. mars 2015*.

Yfirlit yfir efnisatriði skipulagsskilmála er að finna fremst í umfjöllun um hverja skilmálaeiningu. Þar er skilmálaflokkum raðað þannig að fremst eru skilmálar um samfélag, þá koma skilmálar um mannvirki, sem er umfangsmikil flokkur skilmála en síðast eru skilmálar um náttúrvá.

Skilmálarnir fjalla um vistvænar áherslur, byggðamynstur, landnotkun, þróun og yfirbragð byggðar, þ.m.t. húsbýggingar, allt umhverfi og innviði. Skilmálar innviða taka til samgangna, hjóla- og bílastæða, útfærslu gatna, hjóla- og göngustíga og almenningsrýma, þ.m.t. leiksvæða, efnisflokunar heimilisúrgangs og helgunarsvæða fyrir veitur. Skilmálar fyrir lóðir ná til starfsemi, byggingarmagns og hæðafjölda, svo og annarra þátta sem taldir eru upp. Í hverfisSKIPULAGinu eru byggingarreitir stækkaðir svo þeir ná utan um núverandi og nýjar byggingar sem eru heimilaðar. Aftast í einstökum skilmálum eru tilvísanir í viðeigandi *leiðbeiningar hverfisSKIPULAGS* en þær eru skýringargögn með skýringarmyndum sem fjalla um nánari útfærslu á einstökum skipulagsskilmálum.

Um hverja skilmálaeiningu gilda almenn skipulagsákvæði hverfisSKIPULAGS eins og þau birtast í bókum I og II og á hverfisSKIPULAGsuppdrætti.

HverfisSKIPULAGsuppdráttur fyrir Selás sýnir notkun á einstökum svæðum innan hverfisins, afmörkun skilmálaeininga, nýja byggingarreiti, fyrirkomulag samgöngumála, opin svæði og önnur skipulagsákvæði. Til hliðar við skipulagsuppdrátt eru skýringar á táknum og litanotkun á uppdrætti. Skipulagsuppdrátturinn er af stærð A1 eða A0 og í mælikvarða 1:3000.

Hægt er að nálgast öll gögn hverfisSKIPULAGSins á vefsíðunni <http://hverfisSKIPULAG.is>.



7.1.1

Urriðakvísl 1–26

Um skilmálaeiningu

- Í skilmálaeiningu 7.1.1 er eingöngu íbúðabyggð.
- Engin þjónusta er innan hennar.
- Skilmálaeiningin stendur vestast og nyrst í hverfinu næst Ártúnsbrekku og afmarkast af Vesturlandsvegi í norðri og Streng í austri. Aðkoma að skilmálaeiningunni er úr austri frá Streng. Íbúðabyggðin raðar sér meðfram Urriðakvísl sem er skeifulaga gata með stuttum götuás til vesturs. Byggðin myndar afmarkaða heild með opnum svæðum á þrjá vegu og leiksvæði miðsvæðis. Byggðarmynstur einkennist af einnar hæðar einbýlishúsum með portbyggðu eða háreistu þaki og bílageymslum sem eru annaðhvort stakstæðar eða samtengdar aðalhúsi. Vestustu húsin njóta mikils útsýnis yfir borgina. Skilmálaeiningin byggðist upp á níunda áratug seinustu aldar og hefur heildstætt yfirbragð. Fáar breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulagi og þær hafa nánast einvörðungu varðað lóðastækkunar.

Helstu áherslur


- Byggingarskilmálar og skilmálar um bílastæði úr eldra deiliskipulagi sem fellt er úr gildi eru yfirfærðir í nýja skilmála hverfisskipulags.
- Byggingarreitir á lóðum eru stækkaðir.
- Viðbótarbyggingarheimildir eru gefnar fyrir viðbyggingar.
- Heimilað verður að byggja sorpskýli, hjólaskýli og smáhýsi á lóð.
- Heimilað verður að taka í notkun rými í kjöllum.
- Heimild er gefin fyrir aukaíbúð í sérbýlishúsum.

- Heimilað verður að stunda atvinnustarfsemi innan íbúðar.
- Fjöldi bílastæða á lóð er skilgreindur í skilmálum.
- Sett eru sérstök ákvæði um vistvænar áherslur, þ.m.t. ofanvatnslausnir, gróður og flokkun úrgangs innan lóðar.
- Í leiðbeiningum hverfisskipulags er að finna nánari útlistun á skipulags- og byggingarskilmálum fyrir svæðið.

Ónýttað byggingarheimildir sem fram koma í þeim deiliskipulagsáætlunum sem falla úr gildi með gildistöku hverfisskipulagsins halda sér í skipulagsskilmálum hverfisskipulags.

Aftast í þessum kafla er að finna upplýsingar um eldra deiliskipulag sem fellt er úr gildi ásamt síðari breytingum.

Hverfisskipulagsuppráttur fyrir skilmálaeiningu 7.1.1



Skilmálaeining-7.1.1

Stækkuð mynd af hverfisskipulagsupprætti fyrir skilmálaeiningu 7.1.1. Sé munur á uppráttum fyrir einstakar skilmálaeiningar og hverfisskipulagsupprætti sem birtur er aftast í bók II, í vasa innan á baksíðu, gildir hverfisskipulagsupprátturinn aftast í bókinni.

Skilmálaeining 7.1.1

Loftmynd sem sýnir hvar skilmálaeiningin er í hverfinu.



YFIRLIT

	SAMFÉLAG			GÆÐI BYGGÐAR			SAMGÖNGUR	
	1. Starfsemi	24		18. Lóðamörk	33		33. Almenningsamgöngur	38
	2. Húsagerðir	24		19. Útfærsla lóða	34		34. Samgöngustefna	38
	3. Verslun og þjónusta	24		20. Almenningsrými	34		35. Götur, stígar og gangstéttir	38
	4. Fjölgun íbúða	24		21. Borgarbúskapur	35		36. Bílastæði og innkeyrslur	38
	5. Lýðheilsa	24		22. Ljósvist	35		37. Sameiginleg bílageymsla	39
	MANNVIRKI			23. Hljóðvist	35		38. Hjólastæði	39
	6. Yfirfærðar byggingarheimildir	25		24. Loftgæði	35		NÁTTÚRUVÁ	
	8. Nýbyggingar	31		25. Kvaðir	35		39. Flóð og aðrar náttúruhamfarir	39
	9. Aðrar byggingar á lóð	31		ORKA OG AUÐLINDIR			40. Vindafar	39
	10. Byggingarreitir og gjöld	31		26. Meðhöndlun úrgangs	36			
	11. Svalir og svalalokanir	32		27. Rafhleðslustæði	36			
	12. Þakgerð og frágangur þaks	32		28. Dreifistöðvar, lagnir og veitur	37			
	13. Útlitsbreytingar og viðhald	32		VISTKERFI OG MINJAR				
	14. Kjallari	32		29. Blágrænar ofanvatnslausnir	37			
	15. Niðurrif	32		30. Verndarákvæði	37			
	16. Tæknibúnaður	33		31. Fornleifar	38			
	17. Ósamþykktar framkvæmdir	33		32. Náttúrusérkenni	38			



SAMFÉLAG

1. Starfsemi

- Landnotkun er íbúðarbyggð skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030. Þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk annarrar umfangslíttillar starfsemi.
- Innan íbúðarbyggðar er ekki heimiluð mengandi starfsemi sem krefst starfsleyfis frá Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd, skv. reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- Starfsemi skal falla vel að íbúðarbyggð og má ekki valda ónæði, hávaða eða lykt eða vera lýti á hverfinu.
- Afla skal tilskilinna leyfa fyrir starfsemi sem skv. lögum og reglugerðum er leyfisskyld.
- Starfsemi sem fer fram í íbúðarhúsnæði má ekki vera íþyngjandi fyrir aðliggjandi lóðarhafa og/eða meðlóðarhafa og verður að fara fram á almennum vinnutíma. Miðað er við rekstur með 1–3 starfsmenn. Ekki er heimilt að fjölga bílastæðum í hverfinu, hvorki á borgarlandi né á lóð, vegna starfsemi í íbúðarbyggð. Meginnýting húsnæðis skal áfram vera íbúðarhúsnæði með lögheimilisskráningu.
- Gististarfsemi er ekki heimiluð, nema heimagisting til 90 daga í flokki I.
- Heimilað er húsnæði fyrir fatlað fólk sem nýtur stuðnings starfsmanna allan sólarhringinn. Áhrif á aðliggjandi lóðir skal vera í lágmarki og umfang starfseminnar ekki umfram það sem búast má við af nýbýli í þéttbýli. Starfsemin má ekki krefjast öryggisgæslu lögreglu.

Sjá leiðbeiningar

- Starfsemi í íbúðabyggð

2. Húsagerðir

- Sérbýlishús með aukaíbúð, á einni hæð með háu eða portbyggðu risi. Bílageymslur annaðhvort samtengdar aðalhúsi eða stakar.

- Kjallari heimilaður þar sem landhalli leyfir.

Sjá leiðbeiningar

- Fjölgun íbúða

3. Verslun og þjónusta

- Í skilmálaeiningunni eru ekki skilgreind verslunar- eða þjónustuhúsnæði.

4. Fjölgun íbúða

- Til að fjölga litlum íbúðum og leiguíbúðum er heimiluð ein aukaíbúð í hverju rað-, par- og sérbýlishúsi, allt að 50 m². Aðalíbúð og aukaíbúð skulu tilheyra sama matshluta og vera í einni eigu.
- Við breytingar þarf að fylgja ákvæðum gildandi byggingarreglugerðar og leiðbeiningum hverfisskipulags um fjölgun íbúða.
- Samráð skal haft við Veitur ohf. um tengingu aukaíbúða við fráveitukerfi.

Sjá leiðbeiningar

- Fjölgun íbúða

5. Lýðheilsa

- Til að stuðla að bættri lýðheilsu þarf að tryggja gott aðgengi um allt svæðið fyrir gangandi vegfarendur. Aðgengi þarf að vera sérstaklega gott að almenningsrýmum, sbr. skilmálalið um almenningsrými. Við hönnun og útfærslu almenningsrýma þarf að huga að þörfum allra, sérstaklega barna og ungmenna.
- Lýsing og hönnun mannvirkja, gróðurs og annarra innviða í almenningsrýmum skal auka öryggistilfinningu þeirra sem þau nota og hvetja þannig til notkunar sem flestra þjóðfélagshópa.



MANNVIRKI

6. Yfirfærðar byggingarheimildir

ALMENN ÁKVÆÐI

- Byggingarheimildir eldra deiliskipulags sem fellur úr gildi við gildistöku hverfisskipulags yfirfærast í hverfisskipulag. Í töflunni fyrir neðan eru birtar yfirfærðar byggingarheimildir, tilvísanir í skilmála sem yfirfærast og upplýsingar um brúttóflatarmál bygginga, skv. fasteignaskrá og landupplýsingum Reykjavíkur (LUKR). Í töflunni er vísað í útskýringar sem lýsa yfirfærðri byggingarheimild og því hvernig mismunur á brúttóflatarmáli og yfirfærðum byggingarheimildum er fundinn út. Útskýringarnar eru birtar fyrir aftan töfluna.
- Þeir fyrirvarar eru gerðir að upplýsingar um brúttóflatarmál, eins og það birtist í lið F í töflu, geta verið rangar bæði hjá fasteignaskrá og LUKR en bent er á að fasteignareigandi sem hyggst nýta sér yfirfærðar ónýttar byggingarheimildir ber ábyrgð á því að brúttóflatarmál fasteignar sé rétt skráð, í samræmi við samþykka aðaluppdrætti. Af þeim sökum er þess krafist að þegar sótt er um byggingarleyfi til að nýta yfirfærðar ónýttar heimildir fylgi umsókninni samþykktur aðaluppdráttur af byggingunni eins og hún er, þeim breytingum sem óskað er eftir og uppfærðri skráningartöflu, sbr. ákvæði í gr. 2.4.1 í byggingarreglugerð 12/2012.
- Þar sem til staðar eru ónýttar byggingarheimildir sem yfirfærast í hverfisskipulag skal nýting þeirra vera svona:
 - a) Nýting skal vera innan byggingarreits eins og hann var afmarkaður í eldra deiliskipulagi. Upplýsingar um eldri byggingarreiti er að finna á uppdrætti/korti fyrir neðan. Uppdrátturinn sýnir skilmálaeininguna, lóðarmörk og eldri byggingarreit.
 - b) Nýting skal vera í samræmi við eldri skilmála, þ.m.t. þakform, þakhalla og önnur takmarkandi atriði sem fram koma í útskýringum fyrir aftan.
 - c) Fyrir samtengd hús, s.s. rað- og parhús og fjölbýlishús skulu breytingar hannaðar heildstætt.

- Í þeim tilfellum þar sem byggingarmagn húsa er meira en segir í skilmálum í yfirfærðu deiliskipulagi eða engar byggingarheimildir yfirfærast, gilda samþykktir aðaluppdrættir.
- Aftast í skilmálaeiningunni, í kaflanum Deiliskipulag sem felld er úr gildi, er að finna skrá yfir deiliskipulag þaðan sem yfirfærðar byggingarheimildir flytjast.

Yfirfærsla byggingaheimilda

Y	Yfirfært byggingarmagn (m ²) úr eldra deiliskipulagi
Ú	Útskýring – útlistun á yfirfærðum heimildum. Útskýringar eru birtar fyrir aftan töflu
H	Heimild – deiliskipulag sem felld er úr gildi þaðan sem byggingarmagn yfirfærast
B	Brúttóflatarmál (m ²) núverandi byggingar
Ó	Ónýtt byggingarmagn (m ²) sem yfirfærast úr eldra deiliskipulagi

Lóðarheiti	Y	Ú	H	B	Ó
Urriðakvísl 5	238.5 m ²	AA	H1	272 m ²	-33 m ²
Urriðakvísl 6	238.5 m ²	AA	H1	250 m ²	-11 m ²
Urriðakvísl 7	238.5 m ²	AA	H1	266 m ²	-27 m ²
Urriðakvísl 8	238.5 m ²	AA	H1	220 m ²	19 m ²
Urriðakvísl 9	238.5 m ²	AA	H1	322 m ²	-83 m ²
Urriðakvísl 1	238.5 m ²	AA	H1	227 m ²	12 m ²
Urriðakvísl 10	238.5 m ²	AA	H1	240 m ²	-1 m ²
Urriðakvísl 11	238.5 m ²	AA	H1	220 m ²	19 m ²
Urriðakvísl 12	238.5 m ²	AA	H1	224 m ²	15 m ²
Urriðakvísl 13	238.5 m ²	AA	H1	234 m ²	5 m ²
Urriðakvísl 14	238.5 m ²	AA	H1	243 m ²	-4 m ²
Urriðakvísl 15	238.5 m ²	AA	H1	238 m ²	1 m ²

Lóðarheiti	Y	Ú	H	B	Ó
Urriðakvísl 16	238.5 m ²	AA	H1	283 m ²	-44 m ²
Urriðakvísl 17	238.5 m ²	AA	H1,2,50	287 m ²	-48 m ²
Urriðakvísl 18	238.5 m ²	AA	H1,4	466 m ²	-227 m ²
Urriðakvísl 19	238.5 m ²	AA	H1	221 m ²	18 m ²
Urriðakvísl 20	238.5 m ²	AA	H1	336 m ²	-97 m ²
Urriðakvísl 2	238.5 m ²	AA	H1	234 m ²	5 m ²
Urriðakvísl 21	238.5 m ²	AA	H1	227 m ²	12 m ²
Urriðakvísl 22	238.5 m ²	AA	H1	345 m ²	-106 m ²
Urriðakvísl 23	238.5 m ²	AA	H1	217 m ²	22 m ²
Urriðakvísl 24	238.5 m ²	AA	H1	236 m ²	3 m ²
Urriðakvísl 25	238.5 m ²	AA	H1	217 m ²	22 m ²
Urriðakvísl 26	238.5 m ²	AA	H1,3	215 m ²	24 m ²
Urriðakvísl 3	238.5 m ²	AA	H1	252 m ²	-13 m ²
Urriðakvísl 4	238.5 m ²	AA	H1	225 m ²	14 m ²

Útskýring Urriðakvísl 1–26

Einbýlishús á einni hæð með risi eða portbyggðri efri hæð.
– Húsgerð A-1 samkvæmt eldra deiliskipulagi.

Heildarstærðir með útbyggingu

Grunnflötur húss (12 × 8 m)	96 m ²
Útbygging	12 m ²

Ris eða porthæð	90 m ²
Bílskúr sambyggður eða sérstæður (4,2 × 7,5 m)	31,5 m ²
Hámarksbyggingarmagn lóðar með útbyggingu	229,5 m ²
Heildarstærðir án útbyggingar	
Grunnflötur húss (14 × 8 m)	112 m ²
Ris eða porthæð	95 m ²
Bílskúr sambyggður eða sérstæður	31,5 m ²
Hámarksbyggingarmagn lóðar án útbyggingar	238,5 m ²

HÆÐIR HÚSA OG HÆÐAFJÖLDI

- Einnar hæðar.
- Mesta hæð langveggja aðalhúss 3,7 metrar og bílageymslu 2,7 metrar. Mælist frá efri brún gólfplötu að þakklæðningu við útbrún veggjar.
- Hæð viðbyggingar við aðalbyggingu skal ekki vera meiri en 3,7 metrar.
- Kjallari er heimilaður þar sem landhalli og aðstæður leyfa.

ÞAKGERÐ

- Þakhalli skal vera 40–45 gráður.
- Þakhalli á bílskúrum skal vera 14–20 gráður.

ANNAD

- Hústegundir innan skilmálaeiningarinnar eru með eða án útbyggingar.
- Yfirferðar heimildir miðast við hústegundina án útbyggingar.
- Umfram byggingarmagn skýrist af kjallara.

HEIMILDALISTI FYRIR SKILMÁLAEININGU 71.1

H1	Aðaluppdráttur, Rafstöðvarvegur 51	9. jún 1967
H2	Ártúnsholt, Skilmálar fyrir Ártúnsholt	22. des 1981
H3	Ártúnsholt, Skýringarbók fyrir Ártúnsholt, Bröndukvísl og Bleikjukvísl	22. des 1981
H4	Ártúnsholt, Heildarskipulag	3. des 1982
H50	Ártúnsholt, Bröndukvísl 18	4. jún 2010

Eldri byggingarreitir


Uppdráttur sem sýnir byggingarreiti eins og þeir voru afmarkaðir í eldra skipulagi.

Nýting yfirfærðra ónýttar byggingaheimilda skal vera innan eldri byggingarreits sbr. almenn ákvæði um yfirfærðar byggingarheimildir fyrir framan.

Ártúnsholt 7.1.1

Skýringar

- Byggingarreitur skv. eldra deiliskipulagi
- Afmörkun skilmálaeiningar
- Núverandi hús
- Lóðamörk



7. Viðbótarbyggingarheimildir

- Í þessum skilmálalið eru birtar viðbótarbyggingarheimildir fyrir viðbyggingar og ofanábyggingar við þegar byggð hús í skilmálaeiningunni. Viðbótarbyggingarheimildirnar sem hér koma fram bætast við ónýttar byggingarheimildir, ef einhverjar eru, sbr. skilmálið að framan um yfirfærðar byggingarheimildir.
- Við hönnun og útfæslu ofaná- og viðbyggingar skal huga að skuggavarpí á helstu íverusvæði á lóð og nágrenni, svo sem útirými í mikilli notkun, svalir og/eða palla.
- Viðbygging skal falla vel að efnisvali, formi og hlutföllum núverandi byggingar. Vanda skal efnisval og horfa til efniseiginleka, útlits, áferðar og endingar. Sjá nánar leiðbeiningar hverfisskipulags um viðeigandi húsagerð.
- Samráð skal haft við Veitur ohf. ef um breytingar á fráveitulögnum er að ræða. Meginreglan er sú að færsla á lögnum er á kostnað lóðarhafa.
- Í töflunni fyrir neðan eru birtar upplýsingar um hámarks viðbótarbyggingarheimild, nýtt hámarks nýtingarhlutfalla og hámarksbyggingarmagn á lóð.
- Skv. heimild í skilmála um Ósamþykktar framkvæmdir er heimilt að sækja um byggingarleyfi fyrir ósamþykktum rýmum sem stækkar ekki umfang hússins frá samþykktum aðaltekningum og hækkar við það heimilað nýtingarhlutfall lóðarinnar til samræmis við nýtinguna. Ekki þarf að breyta hverfisskipulagi ef stækkunin uppfyllir 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

EINBÝLISHÚS

- Heimilt er að byggja viðbyggingar við öll einbýlishús í skilmálaeiningunni og má hver viðbygging ekki vera stærri en 40 m² á einni hæð, nema annað sé tekið fram, sjá töflu fyrir neðan. Viðbyggingar eiga að vera innan

byggingarreits, sbr. skilmálalið um byggingarreiti og gjöld, og skal fylgja leiðbeiningum hverfisskipulags um viðbyggingar þegar heimild er nýtt.

Sjá leiðbeiningar

➤ [Einbýlishús](#)

➤ [Einbýlishús](#)

VIÐBÓTARBYGGINGAHEIMILDIR

	SL	BE	NE	VA	VB	NN	BN
SL Stærð lóðar í m ²							
BE Byggingarmagn skv. eldra deiliskipulagi í m ²							
NE Nýtingarhlutfall skv. eldra deiliskipulagi							
VA Hámarks viðbótarbyggingarmagn – A rými í m ²							
VB Hámarks viðbótarbyggingarmagn – B rými í m ²							
NN Nýtt hámarks nýtingarhlutfall á lóð							
BN Nýtt hámarks byggingarmagn á lóð í m ²							
Lóðarheiti	SL	BE	NE	VA	VB	NN	BN
Urriðakvísl 2	692	238.5	0.34	40	6	0.41	285
- Urriðakvísl 2				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 4	728	238.5	0.32	40	6	0.39	285
- Urriðakvísl 4				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 6	678	238.5	0.35	40	6	0.42	285
- Urriðakvísl 6				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Lóðarheiti	SL	BE	NE	VA	VB	NN	BN
Urriðakvísl 8	687	238.5	0.34	40	6	0.41	285
- Urriðakvísl 8				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 10	691	238.5	0.34	40	6	0.41	285
- Urriðakvísl 10				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 12	687	238.5	0.34	40	6	0.41	285
- Urriðakvísl 12				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 14	663	238.5	0.35	40	6	0.42	285
- Urriðakvísl 14				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 16	634	238.5	0.37	40	6	0.44	285
- Urriðakvísl 16				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 18	647	238.5	0.36	40	6	0.44	285
- Urriðakvísl 18				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 20	655	238.5	0.36	40	6	0.43	285
- Urriðakvísl 20				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 22	634	238.5	0.37	40	6	0.44	285
- Urriðakvísl 22				40	6		

Lóðarheiti	SL	BE	NE	VA	VB	NN	BN
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 24	636	238.5	0.37	40	6	0.44	285
- Urriðakvísl 24				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 26	652	238.5	0.36	40	6	0.43	285
- Urriðakvísl 26				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 9	631	238.5	0.37	40	6	0.45	285
- Urriðakvísl 9				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 11	629	238.5	0.37	40	6	0.45	285
- Urriðakvísl 11				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 13	640	238.5	0.37	40	6	0.44	285
- Urriðakvísl 13				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 15	629	238.5	0.37	40	6	0.45	285
- Urriðakvísl 15				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 17	739	238.5	0.32	40	6	0.38	285
- Urriðakvísl 17				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 19	640	238.5	0.37	40	6	0.44	285

Lóðarheiti	SL	BE	NE	VA	VB	NN	BN
- Urriðakvísl 19				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 21	629	238.5	0.37	40	6	0.45	285
- Urriðakvísl 21				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 23	631	238.5	0.37	40	6	0.45	285
- Urriðakvísl 23				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 25	625	238.5	0.38	40	6	0.45	285
- Urriðakvísl 25				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 1	708	238.5	0.33	40	6	0.40	285
- Urriðakvísl 1				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 3	698	238.5	0.34	40	6	0.40	285
- Urriðakvísl 3				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 5	704	238.5	0.33	40	6	0.40	285
- Urriðakvísl 5				40	6		
- Yfirfært		238.5					
Urriðakvísl 7	623	238.5	0.38	40	6	0.45	285
- Urriðakvísl 7				40	6		
- Yfirfært		238.5					

8. Nýbyggingar

- Innan skilmálaeiningarinnar eru ekki skilgreindar nýbyggingar.

9. Aðrar byggingar á lóð

SORPSKÝLI

- Heimilt er að byggja sorpskýli á lóð sem þurfa þó að vera innan skilgreinds byggingarreits. Fylgja skal leiðbeiningum og skilmálum hverfisskipulags um meðhöndlun úrgangs.
- Einungis er heimilt að byggja eitt sorpskýli á hverri lóð og reiknast það ekki inn í nýtingarhlutfall lóðar.

HJÓLASKÝLI

- Heimilt er að byggja hjólaskýli á lóð sem þurfa þó að vera innan skilgreinds byggingarreits.
- Einungis er heimilt að byggja eitt hjólaskýli á hverri lóð og reiknast það ekki inn í nýtingarhlutfall lóðar.

SMÁHÝSI

- Heimilt er að byggja stakstæð smáhýsi á lóð sem þurfa þó að vera innan skilgreinds byggingarreits. Smáhýsi á lóð mega vera garðskúrar, garðskálar o.þ.h. Stakstæð smáhýsi mega að hámarki vera 15 m² hvert og mesta hæð þeirra 2,5 metrar frá yfirborði lóðar og upp á efstu brún þaks, skv. byggingarreglugerð 2012, gr. 2.3.5.
- Einungis er heimilt að byggja eitt smáhýsi á lóð við sérbýlishús. Þar sem par- og raðhús standa á sameiginlegum lóðum er heimilt að byggja eitt smáhýsi á sérafnotareit hverrar íbúðar. Á lóðum fjölbýlishúsa er að hámarki heimilt að byggja þrjú smáhýsi á sameiginlegri lóð. Ekki er heimilt að byggja smáhýsi á sérafnotareitum einstakra íbúða í fjölbýlishúsum.
- Smáhýsi reiknast ekki inn í nýtingarhlutfall lóða.

10. Byggingarreitir og gjöld

BYGGINGARREITIR

- Á hverfisskipulagsupprætti eru sýndir tveir byggingarreitir.

- Byggingarreitir fyrir minni viðbyggingar við sérbýlishús, lyftur og stigahús við fjölbýlishús, smáhýsi og færarlegar kennslustofur eru sýnd með rauðri brotinni línu. Þessir byggingarreitir eru rúmir og ekki er gert ráð fyrir að þeir séu fullnýttir heldur sýna þeir mögulegt svæði fyrir minni viðbyggingar og stakstæðar byggingar. Útfærsla á staðsetningu smærri viðbygginga á sér stað á hönnunarstigi og skal fylgja viðeigandi leiðbeiningum hverfisskipulags þegar heimildir eru nýttar.
- Byggingarreitir fyrir stærri viðbyggingar, eins og ofanábyggingar fjölbýlishúsa, viðbyggingar og nýbyggingar, eru sýndir með blárra brotinni línu. Fullnýta má þessa byggingarreiti. Útfærsla á stærri viðbyggingum og nýbyggingum á sér stað á hönnunarstigi og skal fylgja viðeigandi leiðbeiningum hverfisskipulags þegar heimildir eru nýttar.

- Allar byggingar á lóð skulu vera innan byggingarreits.

BUNDIN BYGGINGARLÍNA

- Bundin byggingarlína kemur fram á hverfisskipulagsupprætti sem heil rauð lína. Bundin byggingarlína er notuð þar sem halda skal í húsalínur og götumyndir, t.d. vegna hverfisverndar eða annarra skipulagssjónarmiða. Skilyrt er að minnst 50% þeirrar húshliðar sem snýr að bundinni byggingarlínu skuli liggja að línunni. Leitast skal við að brjóta upp húshlið sem snýr að bundinni byggingarlínu, t.d. með inndrætti, uppbroti og/eða efnisvali.

GJÖLD FYRIR BYGGINGARHEIMILDIR

- Greiða þarf gatnagerðargjöld fyrir viðbótarfermetra sem samþykkt er að byggja á grundvelli þessa hverfisskipulags skv. lögum nr. 153/2007 um gatnagerðargjöld og samþykktar um gatnagerðargjöld í Reykjavík 725/2007. Þá skal greiða innviðagjöld þegar aukinn byggingarréttur er umfram 1000 m² skv. samkomulagi sem gert er milli byggingarréttarhafa og Reykjavíkurborgar í samræmi við samningsmarkmið Reykjavíkurborgar. Ganga skal frá slíku samkomulagi áður en byggingarleyfi er gefið út.

- Sjá upplýsingar um gatnagerðargjöld.

11. Svalir og svalalokanir

- Svalir og svalalokanir eru heimilar enda falli þær vel að viðkomandi húsi hvað varðar byggingarstíl, stærð, form, efni og frágang.
- Við útfærslu og staðsetningu svala og svalalokana skal taka mið af þéttleika byggðar og tryggja viðunandi dagsbirtuskilyrði. Svalir og svalalokanir skulu ekki auka skuggavarp eða innsýn til nágranna verulega.
- Hönnun og útfærsla svala og svalalokana skal vera samræmd fyrir allt húsið nema aðstæður og hlutverk svalanna sé mismunandi og ekki um sömu hlið á húsinu að ræða.
- Lágmarkshæð undir svalir við gangstétt er 2,4 metrar.
- Í leiðbeiningum hverfisskipulags um svalir og þakbreytingar er fjallað nánar um hvernig framangreind skilyrði eru uppfyllt.

Sjá leiðbeiningar

- Svalir og útlitsbreytingar
- Þakbreytingar

12. Þakgerð og frágangur þaks

- Þakefni og tæknilegur frágangur þaks er frjáls. Heimilt er að tæknibúnaður fari 1,5 metra upp fyrir gefnar hámarkshæðir á þakfleti, sbr. skilmálalið um tæknibúnað.
- Kvistir eru heimilir þar sem þakhalli leyfir enda falli þeir vel að viðkomandi húsi hvað varðar byggingarstíl, stærð, form og efni.
- Samanlögð breidd kvista skal ekki vera meiri en 1/2 af miðlínu þaks.
- Í leiðbeiningum hverfisskipulags um þakbreytingar er fjallað nánar um hvernig þessi skilyrði eru uppfyllt.
- Þakhalli viðbyggingar skal vera sá sami og á aðalhúsi eða 40–45 gráður.

- Þakhalli stakstæðrar bílageymslu skal vera á bilinu 14–20 gráður.

Sjá leiðbeiningar

- Þakbreytingar

13. Útlitsbreytingar og viðhald

- Við allar útlitsbreytingar og viðhald skal taka tillit til og raska sem minnst frumgerð húss og sérkennum þess, s.s. formum og hlutföllum, gluggum og gluggasetningu, inngöngum, áferð, efnisvali, litum og mynstrum.

Sjá leiðbeiningar

- Svalir og útlitsbreytingar

14. Kjallari

- Kjallarar eru heimilir þar sem aðstæður leyfa. Heimilt er að taka í notkun ósamþykkt rými í kjöllum húsa sem til hafa orðið s.s. vegna náttúrulegs landhalla, enda mun umfang húss ekki aukast. Heimilt er að grafa frá einni úthlið kjallara en þó ekki dýpra en sem nemur helmingi salarhæðar kjallara. Sækja þarf um byggingarleyfi. Verði fallist á byggingarleyfissókn mun hámarksbyggingarmagn lóðar aukast til samræmis við stærð kjallara, sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sjá leiðbeiningar

- Fjölgun íbúða

15. Niðurrif

- Almennt er niðurrif húsa óheimilt. Ríkar ástæður skulu vera fyrir niðurrifi og áður en það er heimilað skal liggja fyrir greinargerð óháðs sérfræðings í mannvirkjagerð um ástand hússins og varðveislugildi þess. Lóðarhafi skal einnig lýsa með teikningum fyrirætlunum um það hús sem byggja á í staðinn. Þær teikningar skal kynna fyrir byggingar- og skipulagsyfirvöldum. Leyfi fyrir niðurrifi er samþykkt samhliða byggingarleyfi fyrir nýju húsi og er háð samþykki byggingar- og skipulagsyfirvalda og heilbrigðiseftirlits.

16. Tæknibúnaður

- Heimilt er að koma fyrir tæknibúnaði eins og sólarcellum, loftneti, gervihnattadiski og reykháfi utan á húsi. Tæknibúnaður á borð við sólarcellur þarf að falla vel að yfirborði vegg- og þakflata. Ef sólarcellur eru staðsettar á þaki skulu þær vera hluti af þakfleti og falla að honum.
- Hámarkshæð tæknibúnaðar eins og loftnets, gervihnattadisks og reykháfs er 1,5 metrar upp fyrir hæstu brún þakflatar.
- Í fjöleignarhúsum þarf samþykki húsfunda/meðlóðarhafa fyrir uppsetningu á hvers konar tækjabúnaði á þaki og veggjum.

Sjá leiðbeiningar

- [Þakbreytingar](#)

17. Ósamþykktar framkvæmdir

- Fasteignaeigendur bera ábyrgð á að notkun fasteignar sé í samræmi við samþykktar teikningar.
- Hægt er að sækja um byggingarleyfi fyrir rýmum sem hafa verið tekin í notkun en eru skilgreind sem lokuð rými, t.d. í kjöllum, enda hafi umfang húss ekki breyst frá síðasta samþykktu byggingarleyfi. Verði fallist á byggingarleyfisumsókn mun hámarksbyggingarmagn lóðar aukast til samræmis, sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



GÆÐI BYGGÐAR

18. Lóðamörk

- Lóðarmörk eru sýnd á hverfisskipulagsupprætti. Nánari afmörkun lóðar er útfærð með hnitasettum lóðarupprætti landupplýsingadeildar Reykjavíkurborgar. Lóðarhöfum er óheimilt að fara út fyrir lóðarmörk með hvers kyns framkvæmdir og/eða nýtingu á borgarlandi í eigin þágu.

FRÁGANGUR Á LÓÐAMÖRKUM

- Lóðarhafar skulu hafa samráð um frágang á sameiginlegum lóðamörkum aðliggjandi lóða. Æskilegra er að afmarka lóð með gróðri en girðingum. Séu girðingar notaðar skulu þær að jafnaði ekki vera hærri en 1,2 metrar og leitast skal við að brjóta þær upp og gróðursetja meðfram þeim. Gróður á sameiginlegum lóðamörkum skal ekki vera hærri en 1,8 metrar og há tré í a.m.k. 4 metra fjarlægð frá lóðamörkum, nema nágrannar ákveði annað í sameiningu.
- Ef byggður er skjólveggur inni á lóð skal hann ekki vera hærri en 1,8 metrar, miðað við hæð frá jörðu. Hann skal staðsetja þannig að á tímabilinu frá vorjafndægum til haustjafndægra sé aldrei skuggavarp frá honum inn á nágrannalóð.
- Á lóðarmörkum sem snúa að götum, gatnamótum, innkeyrslum og/eða stígum má ekki hefta sjónlínur með girðingum eða gróðri. Hámarkshæð girðinga á slíkum stöðum er 1,2 metrar. Gróður og girðingar skal velja með það í huga. Við sérstakar aðstæður getur þurft að draga girðingar og gróður inn á lóð til að tryggja sjónlínur. Lóðarhafi ber ábyrgð á að gróður vaxi ekki fyrir sjónlínur vegfarenda.
- Þar sem lóðir liggja að jaðri opinna eða náttúrulegra svæða skal afmarka lóð með gróðri, grjóthleðslum eða með öðrum hætti sem fellur vel að hinu opna eða náttúrulega svæði. Ekki er leyfilegt að setja upp girðingar á slíkum lóðamörkum.

Sjá leiðbeiningar

- [Útfærsla lóða](#)

19. Útfærsla lóða

- Almennt gildir um útfærslu lóða að gætt sé í hvívetna að því að skerða ekki nýtingu á næstu lóðum. Hér er þó ekki átt við lítils háttar skuggavarp eða útsýnisskerðingu. Vanda skal til alls frágangs á lóðum, s.s. með gróðursetningu og hellulögn. Vandaður frágangur skal vera á bílastæðum og leitast við að brjóta upp ásýnd þeirra með gróðri.
- Hæðir á lóðamörkum koma fram á hæðarblaði, annars vegar G-tölur við götu sem eru bindandi og hins vegar L-tölur sem eru leiðbeinandi.
- Heimilt er að útbúa niðurgrafna verönd við hús þar sem aðstæður leyfa. Niðurgráfin verönd má ekki fara nær lóðamörkum en 3 metra og þarf að vera innan byggingarreits. Heimilt er að grafa frá einni úthlið kjallara en þó ekki dýpra en sem nemur helmingi salarhæðar kjallara, sbr. skilmála um kjallara.
- Við uppbyggingu skal lóðaruppdráttur sem sýnir fyrirkomulag lóðar fylgja aðaluppdrætti. Þar skal sýna skipulag og útfærslu lóðar, þ.m.t. hæðarsetningu, frágang bílastæða, gróðursetningu, plöntuval og ofanvatnslausnir ásamt öðrum almennum frágangi á lóðinni.

GRÓÐUR Á LÓÐUM

- Við uppbyggingu eða viðbyggingu á lóð skal sjá til þess að hlutfall gróðurs innan lóðar minnki sem minnst. Leiðir til þess eru t.d. að rækta nýjan gróður annars staðar og/eða að auka gegndræpi á lóð, sbr. skilmála um blágrænar ofanvatnslausnir.
- Gróðurval skal styðja við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni og skulu aðliggjandi lóðarhafar koma sér saman um gróðurval á lóðamörkum.
- Sækja þarf um leyfi til Reykjavíkurborgar til að fella tré sem eru hærrí en 8 metrar eða eldri en 60 ára. Sjá nánar um umsóknarferli og meðferð umsókna í leiðbeiningu um útfærslu lóða.

Sjá leiðbeiningar

- Útfærsla lóða

20. Almenningsrými

- Almenningsrými á svæðinu, s.s. torg, götur og önnur opin svæði, skal útfæra þannig að þau séu í senn skjólsæl, sólrík og aðlaðandi og á þeim skal gert ráð fyrir blágrænum ofanvatnslausnum. Við hönnun almenningsrýma skal fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um algilda hönnun og tryggja aðgengi allra, óháð hreyfigetu.
- Lóðarhafar skulu sammælast um frágang á mörkum gatna, gangstétta og húsa. Gróðurval skal styðja við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilegan fjölbreytileika.
- Leggja þarf ríka áherslu á að aðlaga opin svæði og tengja þau við Elliðaárdal.

GRÓÐUR Á OPNUM SVÆÐUM

- Við uppbyggingu eða breytingar á opnum svæðum skal sjá til þess að hlutfall gróðurs minnki sem minnst. Leiðir til þess eru t.d. að rækta nýjan gróður annars staðar og/eða að auka gegndræpi, sbr. skilmála um blágrænar ofanvatnslausnir.
- Gróðurval skal styðja við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni og skulu aðliggjandi lóðarhafar koma sér saman um gróðurval.
- Sækja þarf um leyfi til Reykjavíkurborgar til að fella tré sem eru hærrí en 8 metrar eða eldri en 60 ára. Sjá nánar um umsóknarferli og meðferð umsókna í leiðbeiningu um almenningsrými.

DVALAR- OG LEIKSVÆÐI

- Innan skilmálaeiningarinnar eru svæði sem teljast dvalar- og/eða leiksvæði samkvæmt leiksvæðastefnu Reykjavíkur, sjá hverfisskipulagsuppdrátt.
- Frágangur skal fylgja leiksvæðastefnu Reykjavíkur og leiðbeiningum hverfisskipulags.

Sjá leiðbeiningar

- Almenningsrými

21. Borgarbúskapur

- Heimilt er að nýta lóðir og borgarland fyrir borgarbúskap sem ætlaður er íbúum í hverfinu, s.s. ræktun á matjurtum og hæsnahald. Ef nýta á borgarland fyrir borgarbúskap skal sækja um leyfi til umhverfis- og skipulagssviðs sem ákvarðar stærð og nánari legu svæðis.
- Ef stunda á hæsnahald þarf að sækja um leyfi heilbrigðisnefndar og fylgja samþykkt um hæsnahald í Reykjavík utan skipulagðra landbúnaðarsvæða nr. 815/2014 ásamt tilheyrandi leiðbeiningum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.
- Heimild til matvælaræktunar á borgarlandi er tímabundinn afnotaréttur sem nánar er skilgreindur í afnotaleyfi.
- Þegar heimildir um borgarbúskap eru nýttar þarf að fylgja leiðbeiningum.

Sjá leiðbeiningar

- [Borgarbúskapur](#)

22. Ljósvist

- Lýsing skal fyrst og fremst beinast að aðkomu, þ.e. bílastæðum, göngu/hjólaleiðum og að inngöngum húsa. Lýsing við verandir og á lóð skal vera dempuð.
- Ljósabúnaður og hönnun lýsingar skal vera með þeim hætti að ekki sé hætt á að vegfarendur blindist af lýsingunni eða hún valdi glýju eða óþarfa ljósmengun.
- Við hönnun og framkvæmd lýsingar innan lóða, á byggingum, opnum svæðum eða á borgarlandi skal fylgja leiðbeiningum hverfisskipulags um ljósvist.

Sjá leiðbeiningar

- [Ljósvist](#)

23. Hljóðvist

- Skilmálaeiningin liggur nærri umferðarþungri götu eða götum. Gera má ráð fyrir ýmsum mótvægisáðgerðum, s.s. hljóðmönnum, hljóðveggjum eða byggingartæknilegum aðgerðum. Sýna þarf fram á hvernig kröfur um hljóðstig utandyra eru uppfylltar, t.d. með fyrirkomulagi bygginga og/eða annarra mannvirkja. Í hönnun skal einnig sýnt fram á að kröfur um hljóðstig við byggingar séu uppfylltar.
- Hljóðvist innandyra skal leyst með byggingartæknilegum aðgerðum. Sýna skal fram á gildi mótvægisáðgerða vegna hljóðvistar með gerð hljóðvistarskýrslu fyrir hverja framkvæmd við uppbyggingu á svæðinu. Gera skal grein fyrir völdum lausnum fyrir útveggi, glugga, svalalokanir, aðgerðir á lóð o.s.frv. og hvernig viðkomandi aðgerðir mæta kröfum um hljóðstig við byggingar og á útisvæðum, sbr. ákvæði í byggingarreglugerð og leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar um hljóðvist.
- Helstu hljóðvistarvandamál innan skilmálaeiningarinnar eru tengd nálægð við Vesturlandsveg.

24. Loftgæði

- Útfæra skal gróðurbelti á lóðum og borgarlandi nálægt umferðarþungum götum til að draga úr loftmengun.
- Gróðurbeltið skal styðja við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni.
- Við hönnun og útfæslu ofaná- og viðbyggingar skal huga að skuggavarpí á helstu íverusvæði á lóð og nágrenni, svo sem útirými í mikilli notkun, svalir og/eða palla.
- Viðbygging skal falla vel að efnisvali, formi og hlutföllum núverandi byggingar. Vanda skal efnisval og horfa til efniseiginleka, útlits, áferðar og endingar. Sjá nánar leiðbeiningar hverfisskipulags um viðeigandi húsagerð.
- Samráð skal haft við Veitur ohf. ef um breytingar á fráveitulögnum er að ræða. Meginreglan er sú að færsla á lögnum er á kostnað lóðarhafa.
- Í töflunni fyrir neðan eru birtar upplýsingar um hámarks viðbótarbyggingarheimild, nýtt hámarks nýtingarhlutfalla og hámarksbyggingarmagn á lóð.
- Skv. heimild í skilmála um Ósamþykktar framkvæmdir er heimilt að sækja um byggingarleyfi fyrir ósamþykktum rýmum sem stækkar ekki umfang hússins frá samþykktum aðaltekningum og hækkar við það heimilað nýtingarhlutfall lóðarinnar til samræmis við nýtinguna. Ekki þarf að breyta hverfisskipulagi ef stækkunin uppfyllir 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Flutningshús. Heimilað nýtt byggingarmagn: 2.241 m².
- Samtals byggingarmagn: 4.759 + 2.241 = 7.000 m².

Sjá leiðbeiningar

➔ Einbýlishús

VIÐBÓTARBYGGINGAHEIMILDIR

- SL** Stærð lóðar í m²
- BE** Byggingarmagn skv. eldra deiliskipulagi í m²
- NE** Nýtingarhlutfall skv. eldra deiliskipulagi
- VA** Hámarks viðbótarbyggingarmagn – A rými í m²
- VB** Hámarks viðbótarbyggingarmagn – B rými í m²
- NN** Nýtt hámarks nýtingarhlutfall á lóð
- BN** Nýtt hámarks byggingarmagn á lóð í m²

Lóðarheiti	SL	BE	NE	VA	VB	NN	BN
Kistuhylur 4		4759	NaN	2241	337	NaN	7337
- Kistuhylur 4				2241	337		
- Yfirfært		0					
- Yfirfært		0					
- Yfirfært		334					
- Yfirfært		134					
- Yfirfært		306					
- Yfirfært		7					
- Yfirfært		38					

Lóðarheiti	SL	BE	NE	VA	VB	NN	BN	Lóðarheiti	SL	BE	NE	VA	VB	NN	BN
- Yfirfært		50						- Yfirfært		22					
- Yfirfært		40						- Yfirfært		4					
- Yfirfært		91						- Yfirfært		167					
- Yfirfært		41						- Yfirfært		233					
- Yfirfært		276						- Yfirfært		99					
- Yfirfært		12						- Yfirfært		91					
- Yfirfært		41						- Yfirfært		537					
- Yfirfært		49						- Yfirfært		43					
- Yfirfært		33													
- Yfirfært		12													
- Yfirfært		40													
- Yfirfært		132													
- Yfirfært		156													
- Yfirfært		29													
- Yfirfært		169													
- Yfirfært		415													
- Yfirfært		326													
- Yfirfært		46													
- Yfirfært		17													
- Yfirfært		264													
- Yfirfært		334													
- Yfirfært		167													
- Yfirfært		4													

8. Nýbyggingar

- Flutningshús. Heimilað nýtt byggingarmagn: 2.241 m².
- Samtals byggingarmagn: 4.759 + 2.241 = 7.000 m².

9. Aðrar byggingar á lóð

SORPSKÝLI

- Heimilt er að byggja sorpskýli á lóð sem þurfa þó að vera innan skilgreinds byggingarreits. Fylgja skal leiðbeiningum og skilmálum hverfisskipulags um meðhöndlun úrgangs.
- Einungis er heimilt að byggja eitt sorpskýli á hverri lóð og reiknast það ekki inn í nýtingarhlutfall lóðar.

HJÓLASKÝLI

- Heimilt er að byggja hjólaskýli á lóð sem þurfa þó að vera innan skilgreinds byggingarreits.

- Einungis er heimilt að byggja eitt hjólaskýli á hverri lóð og reiknast það ekki inn í nýtingarhlutfall lóðar.

SMÁHÝSI

- Heimilt er að byggja stakstæð smáhýsi á lóð sem þurfa þó að vera innan skilgreinds byggingarreits. Smáhýsi á lóð mega vera garðskúrar, garðskálar o.þ.h. Stakstæð smáhýsi mega að hámarki vera 15 m² hvert og mesta hæð þeirra 2,5 metrar frá yfirborði lóðar og upp á efstu brún þaks, skv. byggingarreglugerð 2012, gr. 2.3.5.
- Einungis er heimilt að byggja eitt smáhýsi á lóð við sérbýlishús. Þar sem par- og raðhús standa á sameiginlegum lóðum er heimilt að byggja eitt smáhýsi á séráfnótareit hverrar íbúðar. Á lóðum fjölbýlishúsa er að hámarki heimilt að byggja þrjú smáhýsi á sameiginlegri lóð. Ekki er heimilt að byggja smáhýsi á séráfnótareitum einstakra íbúða í fjölbýlishúsum.
- Smáhýsi reiknast ekki inn í nýtingarhlutfall lóða.

10. Byggingarreitir og gjöld

BYGGINGARREITIR

- Á hverfisskipulagsupprætti fyrir Árbæjarsafn er sýndur einn byggingarreitur fyrir safnasvæðið en innan hans skal staðsetja flutningshús og önnur mannvirki sem tileyra starfsemi Árbæjarsafns. Útfærsla á staðsetningu flutningshúsa og annarra mannvirkja sem tilheyra starfsemi safnsins á sér stað á hönnunarstigi þegar heimildir eru nýttar.
- Allar byggingar á svæðinu skulu vera innan byggingarreits.

GJÖLD FYRIR BYGGINGARHEIMILDIR

- Greiða þarf gatnagerðargjöld fyrir viðbótarfermetra sem samþykkt er að byggja á grundvelli þessa hverfaskipulags skv. lögum nr. 153/2007 um gatnagerðargjöld og samþykktar um gatnagerðargjöld í Reykjavík 725/2007. Þá skal greiða innviðagjöld þegar aukinn byggingarréttur er umfram 1000 m² skv. samkomulagi sem gert er milli byggingarréttarhafa og Reykjavíkurborgar í samræmi við samningsmarkmið Reykjavíkurborgar. Ganga skal frá slíku samkomulagi áður en byggingarleyfi er gefið út.

- Sjá upplýsingar um gatnagerðargjöld.

11. Svalir og svalalokanir

- Svæðið er hverfisverndað og innan þess er fjöldi friðaðra og friðlýstra húsa, en samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 104/2012 skal leita áhlits og/eða leyfis Minjastofnunar Íslands um allar breytingar á, niðurrif og flutning friðaðra og friðlýstra húsa og um endurbætur og viðhald á friðlýstum húsum.

Sjá leiðbeiningar

- Svalir og útlitsbreytingar

12. Þakgerð og frágangur þaks

- Svæðið er hverfisverndað og innan þess er fjöldi friðaðra og friðlýstra húsa, en samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 104/2012 skal leita áhlits og/eða leyfis Minjastofnunar Íslands um allar breytingar á, niðurrif og flutning friðaðra og friðlýstra húsa og um endurbætur og viðhald á friðlýstum húsum.

Sjá leiðbeiningar

- Þakbreytingar

13. Útlitsbreytingar og viðhald

- Svæðið er hverfisverndað og innan þess er fjöldi friðaðra og friðlýstra húsa, en samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 104/2012 skal leita áhlits og/eða leyfis Minjastofnunar Íslands um allar breytingar á, niðurrif og flutning friðaðra og friðlýstra húsa og um endurbætur og viðhald á friðlýstum húsum.

14. Kjallari

– Svæðið er hverfisverndað og innan þess er fjöldi friðaðra og friðlýstra húsa, en samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 104/2012 skal leita áhlits og/ eða leyfis Minjastofnunar Íslands um allar breytingar á, niðurrif og flutning friðaðra og friðlýstra húsa og um endurbætur og viðhald á friðlýstum húsum.

15. Niðurrif

– Svæðið er hverfisverndað og innan þess er fjöldi friðaðra og friðlýstra húsa, en samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 104/2012 skal leita áhlits og/ eða leyfis Minjastofnunar Íslands um allar breytingar á, niðurrif og flutning friðaðra og friðlýstra húsa og um endurbætur og viðhald á friðlýstum húsum.

16. Tæknibúnaður

– Svæðið er hverfisverndað og innan þess er fjöldi friðaðra og friðlýstra húsa, en samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 104/2012 skal leita áhlits og/ eða leyfis Minjastofnunar Íslands um allar breytingar á, niðurrif og flutning friðaðra og friðlýstra húsa og um endurbætur og viðhald á friðlýstum húsum.

17. Ósamþykktar framkvæmdir

– Svæðið er hverfisverndað og innan þess er fjöldi friðaðra og friðlýstra húsa, en samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 104/2012 skal leita áhlits og/ eða leyfis Minjastofnunar Íslands um allar breytingar á, niðurrif og flutning friðaðra og friðlýstra húsa og um endurbætur og viðhald á friðlýstum húsum.



GÆÐI BYGGÐAR

18. Lóðamörk

– Á ekki við. Engar lóðir eru innan skilmálaeiningarinnar.

19. Útfærsla lóða

– Á ekki við. Engar lóðir eru innan skilmálaeiningarinnar.

Sjá leiðbeiningar

- Útfærsla lóða
- Almenningsrými

20. Almenningsrými

- Almenningsrými á svæðinu, s.s. torg, götur og önnur opin svæði, skal útfæra þannig að þau séu í senn skjólsæl, sólrík og aðlaðandi og á þeim skal gert ráð fyrir blágrænum ofanvatnslausnum. Við hönnun almenningsrýma skal fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um algilda hönnun og tryggja aðgengi allra, óháð hreyfigetu.
- Lóðarhafar skulu sammælast um frágang á mörkum gatna, gangstétta og húsa. Gróðurval skal styðja við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilegan fjölbreytileika.
- Heimilt er að koma fyrir útilistaverki innan skilmálaeiningarinnar. Í samræmi við markmið Reykjavíkurborgar verður ákveðinni fjárhæð varið í listsköpun í almenningsrýmum á skipulagssvæðinu.
- Áður en listaverki er komið fyrir þarf að liggja fyrir umsögn skipulagsfulltrúa og verkefnisstjóra á skrifstofu umhverfisgæða.
- Val og útfærsla á listaverkum og list í almenningsrýmum skal vinna í samráði við Listasafn Reykjavíkur.

GRÓÐUR Á OPNUM SVÆÐUM

- Við uppbyggingu eða breytingar á opnum svæðum skal sjá til þess að hlutfall gróðurs minnki sem minnst. Leiðir til þess eru t.d. að rækta nýjan gróður annars staðar og/eða að auka gegndræpi, sbr. skilmála um blágrænar ofanvatnslausnir.
- Gróðurval skal styðja við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni og skulu aðliggjandi lóðarhafar koma sér saman um gróðurval.
- Sækja þarf um leyfi til Reykjavíkurborgar til að fella tré sem eru hærri en 8 metrar eða eldri en 60 ára. Sjá nánar um umsóknarferli og meðferð umsókna í leiðbeiningu um almenningsrými.

Sjá leiðbeiningar

- [Almenningsrými](#)

21. Borgarbúskapur

- Heimilt er að nýta lóðir og borgarland fyrir borgarbúskap sem ætlaður er íbúum í hverfinu, s.s. ræktun á matjurtum og hæsnahald. Ef nýta á borgarland fyrir borgarbúskap skal sækja um leyfi til umhverfis- og skipulagssviðs sem ákvarðar stærð og nánari legu svæðis.
- Ef stunda á hæsnahald þarf að sækja um leyfi heilbrigðisnefndar og fylgja samþykkt um hæsnahald í Reykjavík utan skipulagðra landbúnaðarsvæða nr. 815/2014 ásamt tilheyrandi leiðbeiningum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.
- Heimild til matvælaræktunar á borgarlandi er tímabundinn afnotaréttur sem nánar er skilgreindur í afnotaleyfi.
- Þegar heimildir um borgarbúskap eru nýttar þarf að fylgja leiðbeiningum.
- Húsdýrahald sem tengist starfsemi Árbæjarsafns er heimilað.

Sjá leiðbeiningar

- [Borgarbúskapur](#)

22. Ljósvist

- Lýsing skal fyrst og fremst beinast að aðkomu, þ.e. bílastæðum, göngu/hjólaleiðum og að inngöngum húsa. Lýsing við verandir og á lóð skal vera dempuð.
- Ljósabúnaður og hönnun lýsingar skal vera með þeim hætti að ekki sé hætta á að vegfarendur blindist af lýsingunni eða hún valdi glýju eða óþarfa ljósmengun.
- Við hönnun og framkvæmd lýsingar innan lóða, á byggingum, opnum svæðum eða á borgarlandi skal fylgja leiðbeiningum hverfisskipulags um ljósvist.

Sjá leiðbeiningar

- [Ljósvist](#)

23. Hljóðvist

- Skilmálaeiningin liggur nærri umferðarpungri götu eða götum. Gera má ráð fyrir ýmsum mótvægisaðgerðum, s.s. hljóðmönnum, hljóðveggjum eða byggingartæknilegum aðgerðum. Sýna þarf fram á hvernig kröfur um hljóðstig utandyra eru uppfylltar, t.d. með fyrirkomulagi bygginga og/eða annarra mannvirkja. Í hönnun skal einnig sýnt fram á að kröfur um hljóðstig við byggingar séu uppfylltar.
- Hljóðvist innandyra skal leyst með byggingartæknilegum aðgerðum. Sýna skal fram á gildi mótvægisaðgerða vegna hljóðvistar með gerð hljóðvistarstýrslu fyrir hverja framkvæmd við uppbyggingu á svæðinu. Gera skal grein fyrir völdum lausnum fyrir útveggi, glugga, svalalokanir, aðgerðir á lóð o.s.frv. og hvernig viðkomandi aðgerðir mæta kröfum um hljóðstig við byggingar og á útisvæðum, sbr. ákvæði í byggingarreglugerð og leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar um hljóðvist.
- Helstu hljóðvistarvandamál innan skilmálaeiningarinnar eru tengd nálægð við Höfðabakka.

24. Loftgæði

- Útfæra skal gróðurbelti á lóðum og borgarlandi nálægt umferðarþungum götum til að draga úr loftmengun.
- Gróðurbeltið skal styðja við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni.
- Gert er ráð fyrir gróðurbeltum meðfram Vesturlandsvegi, Höfðabakka og Streng með það að markmiði að bæta loftgæði á svæðinu.

25. Kvaðir

- Kvaðir eru tilgreindar á útgefnum mæliblöðum, í þinglýstum heimildum og lóðarleigusamningum.
- Dæmi um kvaðir eru:
 - Lagnaleiðir veitna
 - Aðgengi um lóð
 - Hönnun og frágangur byggingar og lóða
 - Tímabundnar ráðstafanir á lóð eða starfsemi



ORKA OG AUÐLINDIR

26. Meðhöndlun úrgangs

- Í gildi er Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg og skal hafa þá samþykkt til hliðsjónar við ákvarðanir um úrgangslausnir í hverfinu.
- Á borgarlandi er heimilt að koma fyrir stömpum undir úrgang, s.s. meðfram göngustígum og/eða á opnum svæðum innan skilmálaeiningarinnar. Leitast skal við að setja upp flokkunarstampa þar sem endurvinnsluefni falla til og söfnun þeirra þykir hagkvæm.

SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU- OG ATVINNUHÚSNÆÐI

- Heimilt er að byggja skýli, gerði eða geymslu fyrir úrgang innan lóðar, sbr. skilmála um aðrar byggingar á lóð. Einnig er heimilt að koma fyrir gámum á yfirborði eða djúpgámum. Tilgangur heimildarinnar er að gera flokkun endurvinnsluefna aðgengilegri fyrir stór fjöleignarhús með mörgum geymslum undir úrgang og bæta aðgengi starfsfólks við sorphirðu og hirðubíla.
- Lóðarhafi ber ábyrgð á að rými fyrir ílát henti áætluðu úrgangsmagni sem til fellur í húsnæðinu og að aðgengi sé gott til losunar íláta. Ílát undir úrgang skulu staðsett á jarðhæð, á einum stað og standa sem næst aðkomu að lóð þegar losun fer fram eða ekki lengra en 15 m frá lóðarmörkum. Ef innan skilmálaeiningarinnar eru eldri hús með innbyggða rennu og geymslu undir úrgang skal hætta notkun á rennum og geymslum þegar þessi heimild er nýtt. Heimilt er að breyta aflögðum geymslum í almenna geymslu.
- Heimilt er að setja upp safnkassa á lóð sem tekur við lífrænum úrgangi og skilar næringarríki gróðurmold til baka í lóðina.
- Heimilt er að afmarka svæði og byggja skýli eða gerði á lóð til að íbúar geti skipst á nytjahlutum. Umhirða og umsjón er á ábyrgð lóðarhafa.

27. Rafhleðslustæði

- Heimilt er að koma fyrir rafhleðslustæðum innan skilmálaeiningarinnar á borgarlandi.
- Fylgja skal leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar við gerð rafhleðslustæða.

28. Dreifistöðvar, lagnir og veitur

- Kvaðir um lagnaleiðir og inntök koma fram á útgefnum mæliblöðum.



VISTKERFI OG MINJAR

29. Blágrænar ofanvatnslausnir

- Við frágang og útfærslu opinna svæða innan og utan lóða og þar sem aðstæður og fyrirkomulag leyfa skal leggja áherslu á að auka gegndræpt yfirborð með blágrænum ofanvatnslausnum og útfærslum, sbr. leiðbeiningar þar að lútandi.
- Ekki er heimilt að fleyta ofanvatni af lóð yfir á borgarland og/eða opið svæði nema í undantekningartilfellum og þá í samráði við skipulagsyfyrvöld í borginni.
- Þar sem aukið er við byggingarmagn innan lóðar skal innleiða blágrænar ofanvatnslausnir (þ.m.t. gegndræpt yfirborð) svo að afrennslisstuðull lóðarinnar hækki ekki.
- Við nýframkvæmdir á borgarlandi skal leitast við að innleiða blágrænar ofanvatnslausnir, s.s. við hönnun og útfærslur á almenningsrýmum, opnum svæðum, götum og stígum.

Sjá leiðbeiningar

- [Blágrænar ofanvatnslausnir](#)

30. Verndarákvæði

- Innan reitsins er fjöldi friðaðra og friðlýstra húsa, en sakvæmt lögum um menningarminjar nr. 104/2012 skal leita áhlits og/eða leyfis Minjastofnunar Íslands um allar breytingar á, niðurrif og flutning friðaðra og friðlýstra húsa og um endurbætur og viðhald á friðlýstum húsum.
- Safnsvæði Árbæjarsafns, ásamt húsi við Rafstöðvarveg 41 (hús án lóðar) sem hefur tengingu við sögu Árbæjar, nýtur jafnframt hverfisverndar í gulum flokki vegna sögulegs og umhverfislegs gildis og sem merk minjaheild sem mikilvægt er að vernda sem slíka.
- Í því felst að breytingar og viðbætur verði takmarkaðar og samræmdar og miðist við að viðhalda þeirri minjaheild sem svæðið felur í sér og

samanstendur bæði af fornminjum og menningarlandslagi sem tilheyrir gamla Árbænum og safnhúsum og skipulagi Árbæjarsafns, eins elsta útisafns landsins.

- Sjá Byggðakönnun fyrir Borgarhluta 7 – Árbær, skýrsla nr. 183. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2017.
- Sjá Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Sjá leiðbeiningar

- Höfundaréttur á byggingum

31. Fornleifar


- Fornleifar eru skráðar innan skilmálaeiningarinnar, sjá hverfisskipulagsuppdrátt. Áður en til jarðrasks eða framkvæmda kemur skal leita til Minjastofnunar Íslands um meðferð á viðkomandi minjum.
- Sjá Byggðakönnun fyrir Borgarhluta 7 – Árbær, skýrsla nr. 183. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2017.
- Sjá lög um menningarminjar nr. 80/2012.

32. Náttúrusérkenni

- Innan skilmálaeiningarinnar eru náttúrusérkenni, sjá afmörkun á hverfisskipulagsuppdraetti. Óheimilt er að raska eða skerða þessi náttúrusérkenni.
- Um er að ræða stórt grágrýtisholt með mólendisgróðri og sýnilegum jökulrákum nyrst á reitnum.

Minjar á Árbæjarsafni

Mynd nr. 47 í fornleifarskýrslu sem sýnir minjar á lóð Árbæjarsafns.





SAMGÖNGUR

33. Almenningsamgöngur

- Við akstursleiðir almenningsamgangna innan einingarinnar er heimilt að staðsetja biðstöðvar og reisa við þær biðskýli.
- Við hönnun biðstöðva skal fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um algilda hönnun og tryggja aðgengi allra, óháð hreyfigetu.

34. Samgöngustefna

- Gerð er grein fyrir samgöngustefnu fyrir hverfið í almennri greinargerð og stefnu í kafla 5.
- Mælt er til þess að fyrirtæki og stofnanir á svæðinu móti sér samgöngustefnu og setji sér markmið um að efla vistvæna samgöngumáta fyrir starfsfólk og starfsemi á svæðinu.

35. Götur, stígar og gangstéttir

- Gangstéttir, hjólastígar og vegir eru sýndir á hverfisskipulagsupprætti.
- Nýir göngustígar og hjólastígar eru sýndir með leiðbeinandi legu á hverfisskipulagsupprætti.
- Við hönnun nýrra samgöngumannvirkja skal fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um algilda hönnun og tryggja að aðgengi milli borgarlands og lóða sé fullnægjandi fyrir alla einstaklinga óháð hreyfigetu.
- Bæta skal samgöngutengingar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur í gegnum Árbæjarsafn og tengingar við aðliggjandi hverfi.
- Heimilt er að opna nýja aðkomu að safninu frá Rafstöðvarvegi, sjá leiðbeinandi legu á upprætti.
- Heimilt er að breikka undirgöng undir Höfðabakka við Rofabæ og bæta göngustígakerfið í nágrenni þeirra. Heimilað er að breyta fyrirkomulagi bílastæða og hljóðmana við Árbæjarsafn.

- Bent er á að leiðbeinandi lega göngustígs á norðvesturhluta lóðar Árbæjarsafns, sunnan við Ártúnsskóla, má ekki skerða friðaða þjóðleið sem þar er fyrir.
- Sjá Byggðakönnun fyrir Borgarhluta 7 – Árbær, skýrsla nr. 183. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2017.

Sjá leiðbeiningar

- [Borgargötur](#)

36. Bílastæði og innkeyrslur

- Bílastæði Árbæjarsafns eru staðsett við Kistuhyl og sýnd á upprætti.
- Heildarfjöldi stæða við Kistuhyl er 88 auk 6 stæða fyrir hreyfihamlaða. Alls eru 27 þeirra staðsett innan þessarar skilmálaeiningarinnar en 61 eru staðsett á opnu svæði, skilmálaeiningu 7.1.11.

37. Sameiginleg bílageymsla

- Ekki heimilað.

38. Hjólastæði

- Heimilt er að koma fyrir hjólastæðum á borgarlandi.



NÁTTÚRUVÁ

39. Flóð og aðrar náttúruhamfarir

- Náttúruvá vegna flóða er talin lítil í skilmálaeiningunni.

40. Vindafar

- Nota skal tré og gróður til að binda jarðveg, tempra vind og auka skjól.

Deiliskipulag sem fellt er úr gildi

Hverfisskipulag er heildstæð endurskoðun á gildandi deiliskipulagsáætlunum og mun leysa af hólmi eldri deiliskipulagsáætlanir. Þegar hverfisskipulagið tekur gildi með samþykkt borgarráðs/borgarstjórnar og birtingu í B-deild Stjórnartíðinda munu upphaflegar deiliskipulagsáætlanir ásamt breytingum á þeim, falla úr gildi.

Skrá yfir þessar deiliskipulagsáætlanir ásamt breytingum er að finna í heimildarskrá aftast í bók II.

Heimildaskrá um deiliskipulag sem felld er úr gildi

7.1 Ártúnsholt: Bók II

Hér fyrir neðan er skrá yfir eldri deiliskipulagsáætlanir ásamt síðari breytingum sem falla úr gildi samhliða því sem hverfisskipulag tekur gildi eftir samþykkt borgarráðs/borgarstjórnar og birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Upphaflegt deiliskipulag hverfisins er birt efst en síðari tíma breytingar þar fyrir aftan í tímaröð, elsta breytingin er efst en sú síðasta neðst.

Táknin H2 til H51 fyrir framan eldri deiliskipulagsáætlanir eru tilvísanir í heimildalista sem birtist aftast í hverri skilmálaeiningu í skilmálum um yfirfærðar byggingarheimildir.

H2	Ártúnsholt, Skilmálar fyrir Ártúnsholt	22. des 1981	H11	Ártúnsholt, Bleikjukvísl 17	21. mar 1989
H3	Ártúnsholt, Skýringarbók fyrir Ártúnsholt, Bröndukvísl og Bleikjukvísl	22. des 1981	H12	Árbæjarsafn, Heildarskipulag	23. maí 1989
H4	Ártúnsholt, Heildarskipulag	3. des 1982	H13	Ártúnsholt, Silungakvísl 17–31	4. júl 1989
H5	Ártúnsholt, Heildarskilmálar	3. des 1982	H14	Ártúnsholt, Silungakvísl 15	28. maí 1991
H6	Ártúnsholt, Birtingakvísl 11-19 og 24-68, skilmálar	16. apr 1985	H15	Ártúnsholt, Birtingakvísl, bílastæði	2. júl 1991
H7	Ártúnsholt, Fiskakvísl 2–8	26. maí 1987	H16	Ártúnsholt, Reyðarkvísl 2	23. júl 1991
H8	Ártúnsholt, Urriðakvísl 18	14. júl 1987	H17	Ártúnsholt, Árkvörn 2	13. ágú 1991
H9	Ártúnsholt, Birtingakvísl 11–13	3. maí 1988	H18	Ártúnsholt, Árkvörn 2	18. feb 1992
H10	Ártúnsholt, Fiskakvísl 18–24	21. jún 1988	H19	Ártúnsholt, Stangarhylur 1	12. maí 1992
			H20	Ártúnsholt, Árkvörn 2	19. nóv 1992

H21	Ártúnsholt, Stangarhylur 1A	20. apr 1993	H36	Ártúnsholt, Bleikjukvísl 10	24. ágú 2004
H22	Ártúnsholt, Stangarhylur 3 og 3A	24. maí 1994	H37	Rafstöðvarvegur, Rafstöðvarvegur 31	6. sep 2004
H23	, Árbæjarsafn, skemmur	11. okt 1994	H38	Ártúnsholt, Nethylur 3	24. nóv 2004
H24	Ártúnsholt, Stangarhylur 1	14. nóv 1995	H39	Ártúnsholt, Urriðakvísl 17	6. apr 2005
H25	Rafstöðvarvegur, Heildarskipulag	6. feb 1996	H40	Ártúnsholt, Urriðakvísl 17	11. ágú 2005
H26	Ártúnsholt, Silungakvísl 5–7	4. jún 1996	H41	Ártúnsholt, Nethylur 1	9. nóv 2005
H27	Ártúnsholt, Birtingakvísl 62-68	2. júl 1996	H42	Ártúnsholt, Árkvörn 6, Ártúnsskóli	8. nóv 2006
H28	Ártúnsholt, Stangarhylur 2	13. ágú 1996	H43	Ártúnsholt, Straumur 9	9. maí 2007
H29	Ártúnsholt, Stangarhylur 4	13. ágú 1996	H44	Ártúnsholt, Seiðakvísl 34	28. nóv 2007
H30	Ártúnsholt, Stangarhylur 7	11. feb 1997	H45	Ártúnsholt, Nethylur 2	12. mar 2008
H31	Ártúnsholt, Stangarhylur 1, vararafstöð	3. nóv 1998	H46	Ártúnsholt, Árbæjarsafn, bílastæði	16. maí 2008
H32	Ártúnsholt, Urriðakvísl 26	15. jún 1999	H47	Ártúnsholt, Bröndukvísl, bílastæði	17. sep 2008
H33	Rafstöðvarvegur, Rafstöðvarvegur 33	10. ágú 1999	H48	Ártúnsholt, Seiðakvísl 43	24. ágú 2009
H34	Ártúnsholt, Árkvörn 6, Ártúnsskóli	13. jún 2001	H49	Rafstöðvarvegur, Rafstöðvarvegur 23	25. sep 2009
H35	Ártúnsholt, Bleikjukvísl 10	30. apr 2002	H50	Ártúnsholt, Bröndukvísl 18	4. jún 2010

H51	Rafstöðvarvegur, Rafstöðvarvegur 25	8. feb 2019
-----	-------------------------------------	-------------






Hverfi 7.1

Ártúnsholt

Bók 2: Skipulagsskilmálar



Hverfisskipulag

7.1 Ártúnsholt

Vöfangsefni og efnistösk

Tilgangur hverfisskipulags í 7.1 Ártúnsholti er að gera hverfið sjálfbærara, vistvænna og heiliseffandi, auka gæði byggðarinnar, vernda og styrkja byggðarmynstur og staðarana. Íbúðum, einkum ílitum og meðalstórum, er fylgja til að jafna aldurshæfni þessa og vegna þess að íbúabættleiki er undir lágmarki skv. Gátlista um visthætt byggðar. Einnig er nærbjónusta í hverfinu styrkt og tengingar bættar við meginljána borgarhlutans í Árbæ. Eldri skilmálar eru sameinaðir nýjum skilmálum og byggingarreitir stækkaðir til að greiða fyrir þróun hverfisins til framtíðar.

Afmörkun hverfisins

Hverfisskipulag þetta nær eingöngu til Ártúnsholts, hverfis 7.1. Hverfið stendur á hæðardragi og er grómléga afmarkað af Vesturlandsvegi, Höfðabakka og Stafstæravegi á norðurlaugarhluta Ellisáráss. Hverfisskipulag Ártúnsholts er sýnt á skipulagsupprætti og nær eingöngu til hins afmarkaða svæðis á uppdráttinum.

Lýsing á hverfinu

Landslag hverfisins er ávallt og hallar til suðurs og vesturs að Ellisánum og Ártúnstökkum og til norðs að Vesturlandsvegi. Hverfið er 70,8 hektarar að stærð og er í 42-68 metra hæð yfir sjávarmáli. Það nýtur góðs af nálagðri vöð Ellisárdalinn, bæði hvað varðar útrívist og náttúru einnig vegna tenginga við göngustígaferri borgarinnar og við dalinn.

Deiliskipulag fyrir Ártúnsholt var samþykkt árið 1982 og í framlíðinu hófust byggingarframkvæmdir í hverfinu. Það er afleiðing byggilæstmis sérbýlishúsum og lítillum fjölbýlishúsum. Arbúðarsafn er staðsett í útgáfu hverfisins og í litlum tengingum við það. Atvinnusvæði er í Hjújumum. Stærstur hluti byggðarinnar er á háþingri hæðarinnar. Gunnakóli og tveir leikskólar eru miðsvæði hverfisins og tengjast vel Ellisárdalnum og fjöðrið leiksvæði. Engin matvöðversun er í hverfinu en norðan Vesturlandsvegur og kjarna borgarhlutans í Árbæ er fjölbreytt verslun og bjónusta.

Lýsing á skilmálum og skilmálaeiningum

Hverfisskipulag fyrir Ártúnsholt mun leysa af hólmi eldri deiliskipulagsáætlanir, sem líkdar eru úr gildi samkvæmt samþykkt hverfisskipulagi. Í hverfisskipulagi eru settir nýir skilmálgæðingar sem byggja á: a) yfirfararu á skipulagskili-málum deiliskipulags sem felið er í gildi, b) yfirfararu á örymtum byggingarhlutum frá eldri deiliskipulagi og c) nýjum skilmálum og skilmálaeiningum sem fram koma í skilmálum hverfisskipulags.


Ártúnsholti hafa verið skipt upp í fjórtán skilmálaeiningar, sem hver um sig hefur fengið sérstakt auðkenni frá 7.1.1 til 7.1.14. Sérmerkingar og afmörkun á uppdrátti. Þessar skilmálaeiningar fá sérstaka skilmála.

Skilmálar falla um vistvænna áherslu, byggðarmynstur, landnotkun og þróun og yfirráð byggðar, þ.m.t. hófbyggðingur, allt umhverfi og innvið. Skilmálar innihalda gera grein fyrir samþingum, hjóla- og bílastaðum, útfærslu gatna, hjóla- og göngustígum og almenningsgrunnum, þ.m.t. leiksvæðum, efnistöskunum og helgunarvarðum fyrir veitur.

Skilmálar fyrir lóðir ná til starfsemi, byggingarmagns og hæðarfjölda, svo og til annara þátta. Skipulagsáætlanir gerir almennt ráð fyrir því að byggingarreitir verði stækkaðar eða að þeir ná til uttan númerandi og nýjar byggingar sem heimildir eru í hverfisskipulaginu. Á hverfisskipulagsupprætti eru sýndir tveir byggingarreitir, byggingarreitir 1, sem er fyrir minni byggingar og byggingarreitir 2, sem er fyrir stærri byggingar, sjá skilmála um byggingarreitir og gjöld.

Samfélag

Stefn er að fjölgun íbúa í hverfinu um allt að 280 með eftirfarandi aðgerðum: a) Heimila lóðarhöfðum að innrétta aukabúðir í stórum sérþjónustum, til þessa byggð við Nethyl-Stangarhrygg. Nærbjónusta fyrir hverfið er í bærastöð við Stram og við Nethyl-Stangarhrygg. Bætt aðkoma og aðgengi frá hverfinu að nærbjónustu setti forgang. Til að auka atvinnu í hverfinu er atvinnustarfsemi í lóðarhúsnæði heimilí.



Gæði byggðar

Stefn er að græmi og vistvænni byggð með nýjum skilmálum fyrir hverfið og samþykkt sérstaka leiðbeininga um grannar áherslu hverfisskipulags. Hugab er að gæðum byggðar og staðarana með verndun byggðarmynsturs og staðarana, sem nánar er gætt grein fyrir í stefnu um vistkerfi og minjar. Almenningsgrunni eru efið með því að skipuleggja sérstakt hverfistorg við Streng ásamt tegun og endurhönnun borgargötu. Nýir skilmálar og leiðbeiningar gera ráð fyrir aukinni tryggingu og gróðurætti. Settir eru skilmálar um leiðbeiningar legru hólvarna meðfram Vesturlandsvegi og Höfðabakka. Einnig eru settir skilmálar og leiðbeiningar um kyrrlæt svæði, sem atriði er til dvalar og slóðunar á opnu svæði í skjóli frá helstu umferðarleiðum.



Stefna og helstur áherslu hverfisskipulags

Hverfisskipulagið er byggt á eftirfarandi forsendum:

- Stefna aðalSKIPULAGSINS fyrir hverfið, sbr. umföllun í kafla 3.2 bók I.
- Greiningu á visthætti hverfisins, sbr. kafla 3.3, í bók I.
- Núðurstöðum samráðs, sbr. kafla 4 í bók I og greinargerð um samráð, sem er fylgiskjal hverfisskipulagsins.
- Stefnu og helstu áherslum, sbr. kafla 5, í bók I.
- Umhverfismati hverfisskipulagsáætlunar, sbr. umföllun í kafla 6 í bók I.

Stefna og helstu áherslu hverfisskipulagsins eru samkvæmt meðfylgjandi skýringarmynd.

Umhverfismat hverfisskipulagsáætlunar

Umnið hefur verið umhverfismat vegna helstu áhersna hverfisskipulags í Ártúnsholti. Eftirtaldir umhverfisþættir hafa verið metnar:

- Samfélag.** Áhrif fjölgunar íbúa og meðalstóra íbúa, nærbjónusta á miðsvæði og bættar tenginga við aðlag hverfi.
- Gæði byggðar.** Áhrif þróunar byggðar, byggðarmynsturs, almenningsgrunna, húsavarna og skjólmýndunar og borgarútskapar.
- Samþingur.** Áhrif bættar samþingna, hjóla- og göngustiga, tenginga við nærliggjandi hverfi og skilmála um bílastað.
- Vistkerfi og minjar.** Áhrif ákvæða um blágrannar ofanvatnslausnir, verndun menningar- og fornminja og náttúruséðanna.
- Orka og auðlindir.** Áhrif ágerðs á flokkun á úrgangi og notkun vistvænna orkugjafa.
- Mannvirki.** Áhrif af stækking byggingarrita og skilmálum um víðbyggingar og breytingar.
- Náttúruv.** Áhrif af auknum gróðri til að tempra vind og barta skjól.

Gögn hverfisskipulags

- Almenn greinargerð – Bók I.
- Skipulagskilmálar – Bók II.
- Hverfisskipulagsuppráttur. Prentaður uppdráttur í mælikvæði 1:3000, er að finna áttast í vasa bókar II.
- Leiðbeiningar hverfisskipulags eru skýringargögn með skýringarmyndum sem fylgja skil málar eru nýttir.

Fylgiskjöl

- Borgarhluti 7 Árbæ – Íbúðarhlutta og samráð 14.09.2018
- Byggingakönnun fyrir Borgarhluta 7 – Árbæ, skýrsla nr. 183. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2017.
- Verk lýsing hverfisskipulags fyrir borgarhluta 07 Árbæ dags. 16. mars 2015.

Samgöngur

Stefnan er að gera Streng að borgargötu með endurhönnun, tegun og nýju hverfistorgi. Þar er gætt ráð fyrir kyllí strætóstöð, grenndarstöð, reifhleibúðum og deililium. Stefn er að því að fjölga bílastöðum í hverfinu ekki frá því sem nú er. Númerandi gönguleiðir eru festar í sessi og nýjar gönguleiðir skilgreindar um Arbúðarsafn og meðfram Vesturlandsvegi. Hjólastigir í hverfinu eru skilgreindir og afmarkaðir á hverfisskipulagsupprætti. Stefn er að göngubrú yfir Ártúnshólta og nýjum undirgöngum við Vesturlandsveg ásamt endurbótum á undirgöngum við Höfðabakka.





Vistkerfi og minjar

Stefnan er að verja vistkerfi í hverfinu með því að stýlja við fjölbreyttan gróður og verja númerandi gróður fyrir örökstuddu raski. Sérstakar náttúruminjar eru skilgreindar og vandasar. Stefn er að því að ofanvæðing með leiðbeiningum ofanvatnslausnum, efið því sem við á og að gegndrápft yfirbór í hverfinu haldi sér. Hverfivernd er sett á ákvæði svæði og/öðu hús til að vernda sérkenni byggðarinnar. Friðuð og frjólýst hús ásamt fornminjum eru merkt inn á stefnukort, þar sem við á.



Orka og auðlindir

Stefn er að því að bæta aðbætur fyrir meðhöndun úrgangs með því að staðsetja grenndarstöðvar miðsvæði í hverfinu, heimila hólendurum að reisa stærri úrgangsskýja á eigin lóð og bæta aðbætur fyrir flokkun. Stefn er að því að koma upp aðstöðu fyrir rafbla og deilila miðsvæði í hverfinu. Taka skal tillit til stofnagna, frævlut, hitavætu, vatnsveitu og rafmagns sem merkt eru sem Veitkerfi á stefnukort og hverfisskipulagsupprætti.




Mannvirki

Stefn er að því að mannvirki í hverfinu verði sem mest vistvæn, sjálfbær og að líftími þeirra verði sem lengstur. Samþykktar eru nýjar heimildir sem gera íbúum kleift að byggja, breyta, þróa og viðhalda númerandi húsnæði, t.d. með því að byggja svalir, kvæti, víðbyggingar eða breyta þaki. Jafnframt eru samþykktar nýjar leiðbeiningar hverfisskipulags um breytingar á íbúðarhúsnæði sem er atriði að aðstoða íbúa og einfalda málaaðferð hjá borginni. Önyttar heimildir úr eldri skipulagsáætlunum eru færðar fyrir í nýtt hverfisskipulag.




Náttúruv

Stefn er að mótavágsáætlanum gegn náttúruv með því að heimila frekari trjá- og gróðurætti til þess að binda jarðveg, tempra vind og auka skjól. Stefn er að því að meðhöndla ofanvatni með blágrunnum ofanvatnslausnum. Þak og gróður verður ekki heimilað án rökstutnings og mótavágsáætla.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030
Borgarhluti 7 Árbæ



Skilmálaeiningar - skýringarmynd

Samþykktar og staðfestingarferli
Hverfisskipulag þetta sem fengið hefur meðhöndlað samráði við ákvæði 5. mgr. 37. gr. stö. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í

þann _____ 20____ og í
þann _____ 20____

Tilgatan var auglýst frá _____ 20____ með
athugasemdarfesti til _____ 20____

Auglýsing um gildistöku breytinganna var birt í 8-daldr
Stjórnartíðinda þann _____ 20____

Listi yfir breytingar efið auglýsinga

Útgáfa 8 (02.0.2019):

- Breytingar 9-16: Hætt við uppbyggingu á þéttlingarreit.
- Fornleifar, hverfivernd og friðuð og frjólýst hús merkt inn á uppdrátt og stefnukort (vistkerfi og minjar), skv. göngum frá Borgarsögusafni.
- Hverfivernd sett á einingum 7.1.7, 7.1.12 og 7.1.14.
- Afmörkun kvæða vegna stofnagna Veitna uppfarð og merkt inn á stefnukort (orka og auðlindir).
- Kyrrlæt svæði merkt inn í einingunni 7.1.11 og stefnukort.
- Afmörkun á náttúruvæðingum á Arbúðarsafni lögðu á uppdrátt og stefnukort (vistkerfi og minjar).
- Lega nýrra göngu- og hjólastiga uppfarð.
- Mörk einingar 7.1.10 uppfarð við Vesturlandsveg.

7.1 Ártúnsholt

Hverfisskipulagsuppráttur
Kortagrunnur
Lukr
Hnitakerfi
ISN98
Mælikvæði
1:3.000 á A1
Dagsetning
14.12.2018 breytt: 12.9.2019
Teikninganúmer
0101
Útgáfa
B
Ráðgjafar
Teiknistofa arkitekta Gylfi Guðjónsson
og félagar
Landark ehf.
Efta Verkfræðistofa



Bók 1

Ártúnsholt

Almenn greinargerð og stefna





5 ÞREP SKIPULAGS

1. LANDSSKIPULAG

Skipulagsáætlun sem nær til landsins alls þar sem lagður er grunnur sem stuðst er við til að taka ákvarðanir um t.d. legu vega og flugvalla og staðarval hafna, þéttbýlisstaða, sumarbyggðar, skóla, landbúnaðarsvæða og friðaðra svæða

2. SVÆÐISSKIPULAG

Skipulagsáætlun fyrir tvö sveitarfélög eða fleiri þar sem leitast er við að samræma stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar á svæðinu yfir minnst tólf ára tímabil

3. AÐALSKIPULAG

Skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngur, þjónustu, umhverfismál og þróun byggðar yfir minnst tólf ára tímabil

4. DEILISKIPULAG


Skipulagsáætlanir fyrir afmörkuð svæði eða reiti innan sveitarfélags sem eru byggðar á aðalskipulagi og kveða nánar á um útfærslu, t.a.m. tilhögun gatna og húsa.

Byggð reist í samræmi við deiliskipulagsáætlanir yfir langt tímabil

5. HVERFISSKIPULAG


Tegund deiliskipulags fyrir þegar byggð hverfi þar sem vikið er frá kröfum sem gerðar eru um framsetningu deiliskipulags fyrir nýja byggð. Sjá nánar orðskýringar í kafla 7.

HVERFISSKIPULAG SAMANSTENDUR AF




UPPDRÁTTUR

Myndræn framsetning skilmálaeininga og skipulagsskilmála innan þeirra.



BÓK I

Stefnumótun og almenn greinargerð um hverfið



BÓK II

Skilmálar flokkaðir eftir einingum innan hverfis

LEIÐBEININGAR HVERFISSKIPULAGS ERU SKÝRINGARGÖGN VIÐ SKIPULAGSSKILMÁLA ÞAR SEM STEFNU UM EINSTAKAR ÚTFÆRSLUR ER MIÐLAÐ Í SKÝRINGARTEXTUM OG MYNDUM



- Almenningsrými
- Blágrænar ofanvatnslausnir
- Borgarbúskapur
- Borgargötur
- Einbýlishús
- Fjölbýlishús
- Fjölgun íbúða
- Hverfiskjarnar
- Ljósvist
- Parhús og raðhús
- Starfsemi í íbúðarbyggð
- Svalir og útlitsbreytingar
- Útfærsla lóða
- Þakbreytingar

ÚTGEFANDI

Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

ÁBYRGÐ, UMSJÓN OG RÁÐGJÖF

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Björn Axelsson *skipulagsfulltrúi*

Verkefnisstjórar skipulagsfulltrúa

Ævar Harðarson *verkefnisstjóri hverfisskipulags*

Guðlaug Erna Jónsdóttir *verkefnisstjóri*

Jón Kjartan Ágússon *verkefnisstjóri*

Ráðgjafar við gerð hverfisskipulag

Gylfi Guðjónsson *Teiknistofa arkitekta*

Jóhann Einar Jónsson *Teiknistofa arkitekta*

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir *EFLA*

Pétur Jónsson *Landark*

Hönnun , teikningar og ljósmyndir

Ox Collective *grafísk hönnun*

Rán Flygenring *myndlist*

Pétur Stefánsson *teiknari*

Trípólí Arkitektar *myndefni*

DLD - Dagný Land Design ehf *myndefni*

Búi Hrafn Jónuson *hönnun og myndefni*

Hulda Einarsdóttir *umbrot og lokafrágangur*

Særós Sigþórsdóttir *umbrot og lokafrágangur*

Ólafur Ingibergsson *umbrot og lokafrágangur*

SAMÞYKKTAR- OG STAÐFESTINGARFERLI

Hverfisskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 5. mgr. 37. gr. sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____

_____ þann _____ 20__.

og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

Skipulagsfulltrúi

Listi yfir helstu breytingar

7.1 Ártúnsholt: Bók I

Eftirfarandi breytingar voru gerðar eftir auglýsingu á hverfisskipulagi og eftir ábendingum á auglýsingatíma frá Skipulagsstofnun, Veitum ohf, heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Borgarsögusafni og íbúum og hagsmunaaðilum í hverfinu. Ekki er um að ræða efnislegar breytingar frá auglýstu skipulagi.

- | | |
|-----------|---|
| Inngangur | <ul style="list-style-type: none">• Skilgreiningartexti á hverfisskipulagi á bls. 4 leiðréttur í takt við orðalag í skipulagsreglugerð.• Texta um skipulagsuppdrátt á bls. 4 breytt. |
| 1. Kaffi | <ul style="list-style-type: none">• Umfjöllun um breytingar á hverfisskipulagi bætt við kaflann. |
| 2. Kaffi | <ul style="list-style-type: none">• Umfjöllun um samþykktar- og breytingaferli leiðbeininga hverfisskipulags bætt við kaflann. |
| 3. Kaffi | <ul style="list-style-type: none">• Greiningu á stöðu bílastæða í hverfinu bætt við kaflann.• Texti um forleifar og minjar uppfærður skv. tillögum frá Borgarsögusafni. |
| 4. Kaffi | - Engar breytingar. |

5. kafli

- Kafllinn nokkuð mikið breyttur og umfjöllun ítarlegri en áður
- Kafllinn nokkuð mikið breyttur og umfjöllun ítarlegri en áður.
- Umfjöllun um markmið aðalskipulags bætt við allar greinar kaffans til að gera skýrari grein fyrir tengslum ákvæða aðalskipulags við stefnu hverfisSKIPULAGS.
- Umfjöllun um Verndarákvæði og Fornleifar bætt við undirkaflann um VISTKERFI OG MINJAR og um leið tekin út umfjöllun um Verndun byggðarmynsturs í undirkafla um GÆDI BYGGÐAR.
- Titill umræðu um hljóðvarnir í undirkaflanum GÆDI BYGGÐAR breytist og er nú Hljóðvist og loftmengun í stað Bættar hljóðvarnir meðfram stofnbrautum.
- Titill umræðu um ofanvatnslausnir í undirkaflanum VISTKERFI OG MINJAR breytist og er nú Blágrænar ofanvatnslausnir í stað Meðhöndlun ofanvatns. Umfjöllun um Blágrænar ofanvatnslausnir gerð ítarlegri, skv. tillögum Veitna ofh.
- Fornleifar, hverfisvernd og friðuð og friðlýst hús merkt inn á stefnukort um VISTKERFI OG MINJAR.
- Titill umræðu um verslun og þjónustu í undirkaflanum SAMFÉLAG breytist og er nú Verslun og þjónusta í stað Nærþjónusta.
- Umfjöllun um bílastæði í undirkaflanum SAMGÖNGUR uppfærð og gerð ítarlegri.
- Í umfjöllun um Fjölgun íbúða í undirkaflanum SAMFÉLAG er bætt við umræðu um hvernig vakta má þróun íbúðarbyggðar út frá heimildum hverfisSKIPULAGS.
- Allar stofnlagnir Veitna merktar inn á stefnukort um ORKU OG AUÐLINDIR.
- Umræðu um kyrrlát svæði bætt við umfjöllun um Eflingu almenningsrýma og Hljóðvist og loftmengun í undirkaflanum GÆDI BYGGÐAR.
- Við umfjöllun um Verndarákvæði í undirkaflanum VISTKERFI OG MINJAR er bætt umræðu um hverfisverndun safnsvæðis Árbæjarsafns (7.1.14) og aðliggjandi húss við Rafstöðvarveg 41. Einnig hverfisverndun húsapýrpingar við Rafstöðvarveg (7.1.12).
- Í umfjöllun um Fjölgun íbúða í undirkaflanum SAMFÉLAG er tekin út umræða um heimildir til hækkunar fjölbýlishúsa.
- Í umfjöllun um Vistvæna samgöngumáta í undirkaflanum SAMGÖNGUR er tekið fram að fyrirhugaðar nýjar göngutengingar yfir Vesturlandsveg og undir Höfðabakka séu ekki í gildandi aðalskipulagi en verði það í tilvonandi breytingum.
- Afmörkun á náttúruminum á Árbæjarsafni löguð á stefnukorti um VISTKERFI OG MINJAR.
- Birtingakvísl 3-9. Hætt við uppbyggingu á þéttingarreit. Tekið úr umfjöllun um Fjölgun íbúða og af stefnukorti í undirkaflanum SAMFÉLAG.
- Safnsvæði Árbæjarsafns bætt við á stefnukort um MANNVIRKI.

-
6. kafli
- Nokkur uppstokkun hefur átt sér stað á kaflanum og ýmislegt efni færst milli yfirflokka til samræmis við umfjöllun og flokkun efnis annarsstaðar í gögnum hverfisskipulags. Einnig er umfjöllun um ákveðna þætti orðin ítarlegri.
 - Umfjöllun um hvernig vakta má þróun íbúðarbyggðar út frá heimildum hverfisskipulags bætt við undirkaflann SAMFÉLAG.
 - Umfjöllun um nýbyggingar við Birtingakvísl 3-9 tekin út úr undirkafla um SAMFÉLAG.
 - Tafla um umhverfismat einstakra aðgerða endurskoðuð.
7. kafli
- Skilgreining á hverfisskipulagi uppfærð.
 - Skilgreining á íbúðum endurskoðuð svo samræmi væri í hugtakanotkun í öllu efni hverfisskipulags.
 - Búin til skilgreining á hugtökunum þaksvalir og þakverandir.
 - Bætt við skilgreiningu á kyrrlátum svæðum.
8. kafli
- Felldur út.

Efnisyfirlit

KAFLAR	BLS
1 Formáli og samantekt	12
2 Almennar upplýsingar	22
3 Skipulagsforsendur og greining á hverfinu	32
4 Helstu niðurstöður samráðs	50
5 Stefna og helstu áherslur	60
6 Umhverfismat Ártúnsholts	86
7 Skilgreiningar og lykilhugtök	100



1

Formáli og samantekt

EFNISYFIRLIT

1.1 Hvað er hverfisskipulag?

1.2 Eldri deiliskipulagsáætlanir verða að hverfisskipulagi

1.3 Gátlisti um vistvæna byggð - helsta skipulagstæki hverfisskipulagsins

1.4 Efnistöð og áherslur hverfisskipulags

1. Formáli og samantekt

Í þessari skipulagsgreinargerð, sem skiptist í tvær bækur ásamt skipulagsupprætti, er fjallað um hverfisskipulag fyrir hverfi 7.1 Ártúnsholt en hverfið tilheyrir borgarhluta 7 Árbær. Auk Ártúnsholts eru í borgarhlutanum hverfin 7.2 Árbær, 7.3 Selás og 7.4 Norðlingaholt en unnið hefur verið að hverfisskipulagi fyrir öll þessi hverfi samtímis að undanskildu Norðlingaholti. Ástæða þess að ekki er unnið hverfisskipulag nú fyrir Norðlingaholtið er að þar er nýlegt deiliskipulag með nýlegum breytingum sem látnar verða koma til framkvæmda áður en gert verður hverfisskipulag þar. Mynd 1.1 sýnir hvernig borgarhluta 7 er skipt upp í hverfi.

Hverfisskipulag í borgarhluta 7 var unnið af hópi sérfræðinga Reykjavíkurborgar og þverfaglegu teymi skipulagsráðgjafa. Vinna við þessar hverfisskipulagsáætlanir hefur farið fram í nánu samráði við íbúa og hagsmunaaðila, skrifstofur og svið Reykjavíkurborgar og opinbera aðila eins og Skipulagsstofnun. Gerð er grein fyrir niðurstöðum samráðsins í kafla 4 en nánar er fjallað um samráðið í greinargerð sem er fylgigagn hverfisskipulagsins.

Eins og áður segir er gerð grein fyrir hverfisskipulagi Ártúnsholts í þessari greinargerð sem skiptist í tvær bækur ásamt skipulagsupprætti og fylgigögnum en nánar er gerð grein fyrir innihaldi hverfisskipulagsins í kafla 2. Rétt þykir að nefna að þó að hverfisskipulaginu sé skipt í tvær bækur er um að ræða eina heild sem skoða þarf saman.

Í því sambandi ber sérstaklega að benda á kafla 5, *Stefna og helstu áherslur í Ártúnsholti*, en í þeim kafla koma fram allar mikilvægustu áherslur hverfisskipulagsins. Í bók II, sem inniheldur skilmála hverfisins, er gerð grein fyrir stefnu og áherslum hvernar skilmálaeiningar en þessa stefnu og skilmála ber að skoða í samhengi við það sem fram kemur í kafla 5.

Mynd 1.1

Borgarhluti 7 skiptist í fjögur hverfi sem eru: 7.1 Ártúnsholt, 7.2 Árbær, 7.3 Selás og 7.4 Norðlingaholt. Viðfangsefni þessarar hverfisskipulagsáætlunar er 7.1 Ártúnsholt.



Ártúnsholt


Árbær

Selás


Norðlingaholt



Hverfi til umfjöllunar



Önnur hverfi borgarhlutans sem tekin eru fyrir samtímis



Hverfi ekki tekið fyrir

1.1 Hvað er hverfisskipulag?

Hverfisskipulag er tegund deiliskipulags fyrir byggð hverfi þar sem vikið er frá kröfum sem gerðar eru um framsetningu deiliskipulags fyrir nýja byggð. Hverfisskipulag er nýtt skipulagstæki sem var innleitt með skipulagslögum nr. 123/2010. Hverfisskipulag byggir á þeim markmiðum sem koma fram í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 og ætlað er að stuðla að jákvæðri þróun Reykjavíkur með því að gera hverfi borgarinnar vistvænni, sjálfbærari og heilsueflandi og þróa byggðina í takt við breyttar áherslur í samfélaginu.

Hverfisskipulag byggir á skipulagslögum frá 2010, eins og áður segir, og skipulagsreglugerð frá 2013 þar sem lögfestar voru heimildir sveitarfélaga til að gera hverfisskipulag í þegar byggðu hverfi. Hverfisskipulag varð þar með hluti af þrepaskiptu skipulagskerfi eins og sjá má á mynd 1.2.

- Landsskipulag þar sem sett eru fram leiðarljós um landnotkun og nýtingu lands og landgæða sem tryggir öryggi og heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana.
- Svæðisskipulag sem er samræmd stefna tveggja eða fleiri sveitarfélaga um sameiginleg hagsmunamál, svo sem um byggðapróun, samgöngur eða vatnsvernd.
- Aðalskipulag sem er stefna sveitarfélags um landnotkun, náttúruvernd og þróun byggðar í öllu sveitarfélaginu.
- Deiliskipulag sem er skipulag fyrir afmarkað svæði, til dæmis einstök hverfi eða götueiti. Það felur í sér skipulagsskilmála um byggðamynstur, einstakar lóðir og byggingar o.fl. Hins vegar er hvert hverfisskipulag gert fyrir gróna byggð, með það að markmiði að þróa byggð í takt við breyttar áherslur í samfélaginu. Deiliskipulag og hverfisskipulag eru jafn rétt há í skipulagskerfinu. Hverfisskipulag var hugsað sem vinnutæki til að gera skipulag yfir gróna byggð þar sem ekkert skipulag er fyrir hendi en einnig er hægt að gera hverfisskipulag á þeim svæðum þar sem deiliskipulag er fyrir hendi í gróinni byggð en þá er deiliskipulag fellt úr gildi og eitt samfellt skipulag, hverfisskipulag, gert á svæðinu.

Í hverfisskipulagi birtast skipulagsákvæði sem eru almennar reglur um yfirbragð byggðarinnar og almennir skipulagsskilmálar, kallaðir *skilmálar*. Skilmálar eru eitt af grundvallarhugtökum hverfisskipulagsins en það eru bindandi ákvæði í deiliskipulagi um útfærslu skipulags, svo sem byggðamynstur, byggingarlínur, útlit mannvirkja og form, leyfilegar viðbyggingar, starfsemi í húsum, úrgangsflokkun, samgöngur, fyrirkomulag gatna og stíga, fjölda bílastæða, lóða, gróðurs og opinna svæða, svo það helsta sé nefnt. Annað grundvallarhugtak er *skilmálaeiningar*. Skilmálaeining er þyrping húsa, lóða og/eða borgarumhverfi á afmörkuðu landsvæði innan hverfis sem heyrir saman, annaðhvort af sögulegum, landfræðilegum, byggingartæknilegum og/eða fagurfræðilegum ástæðum, og fær sameiginlega skilmála.

Mynd 1.2

Skipulagskerfið. Skýringarmynd sem sýnir hvernig skipulag er byggt upp á Íslandi. Skipulagið er unnið í nokkrum þrepum. Landsskipulag er efsta þrep, næst er svæðisskipulag og þar á eftir aðalskipulag sveitarfélags. Undir aðalskipulagi má finna deiliskipulag sem er unnið fyrir afmarkað svæði. Hverfisskipulag er deiliskipulag fyrir gróinu hverfi og samanstendur af greinargerð, skipulagsuppdrætti, skilmálum, leiðbeiningum og fylgiskjölum. Nánar er gerð grein fyrir þeim gögnum sem hverfisskipulagið er byggt á í kafla 2.



Landskipulag




Svæðisskipulag



Aðalskipulag sveitarfélags



Deiliskipulag fyrir ákveðin svæði



Hverfisskipulag

Deiliskipulag



ELDRI BYGGINGARHEIMILDIR

Dæmi um deiliskipulags-
áætlanir sem byggt hefur
verið eftir yfir 27 ára tímabil
og þær 45 breytingar sem á
því hafa verið samþykktar



Hverfisskipulag



ÓNÝTTAR BYGGINGARHEIMILDIR

VIÐBÓT

Deiliskipulagsáætlanir eru teknar saman í eina
áætlun með auknum heimildum og vistvænum
áherslum áður en þær eru felldar úr gildi



UPPDRAÐTUR

Afmörkun hverfis og skilmála-
eininga innan þess

BÓK I

Stefnumótun og almenn greinargerð
um hverfið

BÓK II

Skilmálar flokkaðir eftir einingum
innan hverfis

LEIÐBEININGAR

Leiðbeiningar um lausnir á ýmsum
efnisatriðum sem skilmálar kveða á
um



1.2 Eldri deiliskipulagsáætlanir verða að hverfisskipulagi

Mikilvægur hluti af hverfisskipulagi er að umbreyta og sameina eldri deiliskipulagsáætlanir fyrir gróin hverfi Reykjavíkur í eitt heildarskipulag sem gildir fyrir hverfið í heild. Þetta gerist þannig að um leið og hverfisskipulag er samþykkt er eldra deiliskipulag fellt úr gildi. En til þess að ekki tapist mikilvægir þættir úr eldra skipulagi sem mótaði byggðina í upphafi eru ákvæði eldra deiliskipulags yfirfærð í hið nýja hverfisskipulag, þ.m.t. ónýttar byggingarheimildir sem fram koma í þeim deiliskipulagsáætlunum sem falla úr gildi. Gerð er grein fyrir því hvernig þessar heimildir eru yfirfærðar í skilmálum hvernar skilmálaeiningar. Upplýsingar um þær deiliskipulagsáætlanir sem felldar eru úr gildi er síðan að finna aftast í hverri skilmálaeiningu.

Að sameina eldri deiliskipulagsáætlanir í eitt hverfisskipulag mun einfalda til muna gerð og eftirfylgni áætlana því að í forvinnu hverfisskipulagsins kom í ljós að helstu breytingarnar í eldri hverfum borgarinnar voru minni háttar breytingar, svo sem hóflegar viðbyggingar, óskir um aukaíbúðir, smágerð atvinnustarfsemi og óskir um kvisti og svalir, en málsmeðferð slíkra atriða getur verið mjög íþyngjandi ef ekki er gert ráð fyrir þeim í gildandi deiliskipulagi.

Að auki þjónar hverfisskipulag því mikilvæga hlutverki að innleiða vistvænar áherslur Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030. Þessi innleiðing fer fram í gegnum *Gátlista um vistvæna byggð* sem er eitt af grundvallarskipulagstækjum hverfisskipulagsins.

Mynd 1.3

Hverfisskipulag mun leysa af hólmi eldri deiliskipulagsáætlanir hverfisins sem felldar eru úr gildi við samþykkt hverfisskipulags. Í hverfisskipulagi eru settir nýir skipulagsskilmálar sem byggja á a) yfirfærslu á skipulagsskilmálum deiliskipulags sem fellt er úr gildi, b) yfirfærslu á ónýttum byggingarheimildum frá eldra deiliskipulagi og c) nýjum vistvænum og sjálfbærum áherslum sem fram koma í skilmálum hverfisskipulags.

1.3 Breytingar á hverfisskipulagi

Gerð almennra og samræmdra skilmála í hverfisskipulagi, sem taka mið af eldri skilmálum og algengum óskum lóðarhafa um breytingar á húsnæði sínu, ætti að draga úr þörf fyrir breytingar á hverfisskipulagi. Það leiðir af eðli hverfisskipulagsins og sjónarmiðum um samræmi í skipulagsskilmálum að þrengri heimildir kunna að vera til að gera sértækar breytingar á hverfisskipulagi, s.s. í þágu einstakra lóðarhafa, heldur séu breytingar almennar fyrir skilmálaeininguna eða hverfið. Í ljósi þess má gera ráð fyrir að breytingar á hverfisskipulagi séu sjaldan svo óverulegar að grenndarkynning ætti við, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, heldur má ætla að meginreglan verði sú að breytingar á hverfisskipulagi verði auglýstar eins og um nýtt skipulag væri að ræða, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

1.4 Gátlisti um vistvæna byggð – helsta skipulagstæki hverfisskipulagsins

Gátlisti um vistvæna byggð byggir á þeirri stefnu Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030 að með skipulegum aðgerðum megi draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda og byggðapróunar á umhverfið jafnframt því að lífsgæði og þægindi íbúa verða aukin með sjálfbærum og heilsueflandi lausnum. Gátlisti um vistvæna byggð skiptist í sjö lykilherslur sem eru eftirfarandi:



SAMFÉLAG

Að skapa heildstæð hverfi með sem jafnastri aldursdreifingu þar sem mismunandi þjóðfélagshópar geta búið og starfað og sótt verslun og þjónustu í nærumhverfi sitt.



GÆÐI BYGGÐAR

Að hverfi borgarinnar myndi fallega og lífandi umgjörð um daglegt líf og aðlaðandi staði sem ýta undir góð samskipti íbúa.



SAMGÖNGUR

Að verslun og þjónusta sé í göngufjarlægð frá öllum íbúum í hverfinu og að gangandi og hjólandi umferð ásamt almenningssamgöngum verði sett í forgang.



VISTKERFI OG MINJAR

Að tryggja og varðveita náttúrulegan fjölbreytileika lands, lífríkis og menningarminja.



ORKA OG AUÐLINDIR

Að ýta undir sjálfbærari nýtingu orku og auðlinda, auka kolefnisbindingu og stuðla að betri meðhöndlun úrgangs og aukinni endurvinnslu.



MANNVIRKI

Að skipulag hverfisins stuðli að vistvænum og sjálfbærum lausnum bæði við nýbyggingar og við endurbætur á eldri byggingum.



NÁTTÚRUVÁ

Að taka tillit til áhættu vegna náttúruhamfara af völdum eldgosa, jarðskjálfta, sjávarflóða og flóða frá ám og vötnum og huga að náttúruvá vegna óveðurs og loftslagsbreytinga.

Hinar sjö lykilherslur gátlistans er að finna í öllum þáttum hverfisskipulagsins, allt frá greiningu á styrkleikum og veikleikum hverfisins og tillögum sem kynntar eru í samráðsferlinu til stefnu og helstu áherslna og skilmála fyrir einstakar skilmálaeiningar innan hverfisins.





2

Almennar upplýsingar

EFNISYFIRLIT

2.1 Tildrög, tilgangur og markmið hverfisskipulagsins

2.2 Vinnuferli hverfisskipulagsins

2.3 Gögn hverfisskipulagsins fyrir Ártúnsholt

2. Almennar upplýsingar

2.1 Tildrög, tilgangur og markmið hverfisskipulagsins

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 eru sett fram markmið um mótun borgarinnar til langs tíma. Þar er mótuð sú stefna að öll hverfi borgarinnar skuli þróast og byggjast upp á sjálfbærum forsendum. Umhverfis- og auðlindastefna Reykjavíkurborgar frá 2015 tekur til þessara þátta. Bæði aðalskipulag og umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkur má nálgast á heimasíðu borgarinnar á þessari vefslóð: <https://reykjavik.is/stefnumorkun-eftir-malaflokkum>.

Tilgangur hverfisskipulagsins er að bæta samfélagið, auka gæði byggðarinnar og innleiða vistvænar og sjálfbærar lausnir. Mikilvægasta skipulagstækið í þessari vinnu er *Gátlisti um vistvæna byggð* sem fjallað var um í formála. Þannig gegnir hverfisskipulagið mikilvægu hlutverki í því að innleiða þessar stefnur Reykjavíkurborgar þar sem meginmarkmiðin eru eftirfarandi:

- Að stuðla að því að hið manngerða umhverfi verði betra og hvetji til samveru og heilsueflandi athafna.
- Að auka sjálfbærni hverfanna og draga úr neikvæðum þáttum.
- Að færa mótun hverfisskipulagsins nær íbúum með virku samráði.
- Að sameina eldri skilmála í nýja skipulagsáætlun til einföldunar fyrir borgarbúa og skipulagsyfirvöld og koma á skipulagi í þeim hverfum þar sem ekki er til deiliskipulag.
- Að þróa traust og notendavænt skipulagstæki sem hentar nútímapörfum.

Tilgangur hverfisskipulags í 7.1 Ártúnsholti er að auka gæði hverfisins í samræmi við ofangreind markmið.

Mynd 2.1

Ártúnsholt séð úr suðvestri.



2.2 Vinnuferli hverfisskipulagsins

Undirbúningur fyrir hverfisskipulag í Reykjavík hófst árið 2012 samhliða vinnu við endurskoðun á aðalskipulaginu. Á árunum 2013 til 2014 var visthæfi hverfanna í átta borgarhlutum greint út frá *Gátlista um vistvæna byggð* sem var unninn samhliða undirbúningsvinnunni. Niðurstöður þessara greininga fyrir hverfin í borgarhluta 7 er að finna í *Verklýsingu hverfisskipulags fyrir borgarhluta 7* Árbæ, dags. 16. mars 2015, sem jafnframt er skipulags- og matslýsing fyrir 7 Árbæ, hverfi 7.1, 7.2, 7.3 og 7.4. *Verklýsing hverfisskipulags* er fylgiskjal með hverfisskipulagi. Þessi skipulags- og matslýsing var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði 14. apríl 2015 og borgarráði Reykjavíkur 30. apríl 2015 og í framhaldinu kynnt með lögformlegum hætti opinberlega í fjórar vikur.

Frá því í byrjun árs 2015 hefur verið unnið að mótun tillögu að hverfisskipulagi í þremur hverfum borgarhluta 7 Árbæ en þeirri vinnu var skipt upp í sex verkþætti:

- **Verklýsing** sem er jafnframt skipulags- og matslýsing þar sem fyrirhugaðri skipulagsvinnu var lýst, þ.m.t. helstu áherslum borgaryfirvalda og samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila.
- **Stefnumótun** og framtíðarsýn þar sem mótaðar voru tillögur um úrbætur og endurskoðun skipulagsskilmála, sem miðuðu að því að styrkja hverfið.
- **Samráð** þar sem leitað var álits íbúa og hagsmunaaðila á hugmyndum að stefnumótun og framtíðarsýn. Nánari grein er gerð fyrir samráði í kafla 5 og í sérstakri greinargerð um samráð í fylgigögnum hverfisskipulags.

- **Skilmálagærð** þar sem þróaðir voru nýir skilmálar fyrir hverfið á grundvelli eldri skilmála og óska íbúa og hagsmunaaðila sem fram komu í samráðsferlinu.
- **Tillögugerð** þar sem hugmyndir frá stefnumótun og framtíðarsýn og samráði voru felldar inn í heildstæða tillögu að hverfisskipulagi fyrir hverfið.
- **Kynningar- og samþykktarferli** þar sem tillaga að hverfisskipulagi var kynnt fyrir íbúum og hagsmunaaðilum á lögformlegan hátt og leitað eftir samþykki hlutaðeigandi yfirvalda.

Mynd 2.2

Vinna við hverfisskipulag í borgarhluta 7 skiptist í sex verkþætti.



2.3 Gögn hverfisskipulags fyrir Ártúnsholt

Gerð er grein fyrir hverfisskipulagi Ártúnsholts í tveimur bókum til hagræðis fyrir lesendur. Hverfisskipulaginu fylgir skipulagsuppráttur og fylgigögn í aðskildum ritum. Einnig ber að nefna leiðbeiningar hverfisskipulagsins.

Almenn greinargerð og stefna – Bók I

Bók I inniheldur almennar upplýsingar og helstu forsendur verkefnisins ásamt greiningu á stöðu hverfisins út frá *Gátlista um vistvæna byggð*, en gerð er grein fyrir niðurstöðum greiningar í kafla 3. Helstu niðurstöður samráðs eru reifaðar í kafla 4. Einn mikilvægasti kafli bókar I er kafli 5, *Stefna og helstu áherslur í Ártúnsholti*, en hafa þarf þennan kafla til hliðsjónar þegar heimildir í skilmálum eru skoðaðar. Kafli 6 fjallar um umhverfismat fyrir Ártúnsholt. Í kafla 7 er farið yfir þær skilgreiningar og lykilhugtök sem notuð eru í hverfisskipulaginu.

Skipulagsskilmálar – Bók II

Bók II fjallar um skipulagsskilmála. Skipulagsskilmálar eru landfræðilega tengdir því sem hér er kallað skilmálaeining en það er þyrping húsa, lóða og/eða borgarumhverfi á afmörkuðu landsvæði innan hverfis sem heyrir saman, annaðhvort af sögulegum, landfræðilegum, byggingartæknilegum eða fagurfræðilegum ástæðum. Afmörkun skilmálaeiningar er sýnd á loftmynd. Skipulagsákvæði fyrir skilmálaeininguna eru sýnd á stækkaðri mynd af hverfisskipulagsupprætti fyrir hina afmörkuðu skilmálaeiningu og er nákvæmlega eins og hverfisskipulagsupprátturinn fyrir hverfið. Skilmálar ná til atriða eins og leyfilegra viðbygginga, starfsemi í húsum, úrgangsflokkunar, samgangna og gróðurs, svo nokkur atriði séu nefnd.

Rétt er að benda á að leitast er við að hafa skilmálana stuttuð en þess í stað er oft vísað í leiðbeiningar hverfisskipulags þar sem ítarlega er fjallað um einstök efnisatriði.

Myndir 2.3-4

Hverfisskipulag í Ártúnsholti samanstendur af skipulagsgreinargerð sem skiptist í tvær bækur, bók I sem er almenn greinargerð og stefna og bók II sem inniheldur skipulagsskilmálar og hverfisskipulagsupprætti.



Hverfisskipulagsuppdráttur

Hverfisskipulagsuppdráttur fyrir Ártúnsholt er í mælikvarða 1:3000 og sýnir afmörkun hverfisskipulagsins og skiptingu hverfisins í skilmálaeiningar en það eru einingar innan hverfis með sömu skipulagsskilmála. Á uppdrætti eru m.a. sýndar lóðir og byggingarreitir fyrir íbúðarhús, samfélagsþjónustu, miðsvæði og aðra starfsemi, fyrirkomulag samgangna og staðsetningu opinna svæða. Á hverfisskipulagsuppdrætti eru einnig sýnd kort fyrir stefnu og helstu áherslur í Ártúnsholti, sem nánar er gerð grein fyrir í kafla 5 í bók I. Sé munur á uppdráttum fyrir einstakar skilmálaeiningar og hverfisskipulagsuppdrætti sem birtur er aftast í bók II, í vasa innan á baksíður gildir hverfisskipulagsuppdrátturinn aftast í bókinni.



Mynd 2.5

Mynd af hverfisskipulagsuppdrætti fyrir Ártúnsholt, sem er að finna aftast í bók II, í vasa innan á baksíðu. Þessi hverfisskipulagsuppdráttur er hið lögformlega skipulagsgagn ásamt almennri greinargerð í bók I og skipulagsskilmálum í bók II.

Leiðbeiningar hverfisskipulags

Leiðbeiningar hverfisskipulags eru nýjung. *Samþykkt um leiðbeiningar hverfisskipulags* er fylgiskjal með öllum hverfisskipulagsáætlunum Reykjavíkur en samþykktin er grundvöllur málsmeðferðar leiðbeininga fyrir hverfisskipulagið. Leiðbeiningarnar sjálfar eru grundvallaðar í stefnumörkun Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030 og er ætlað að leiðbeina um hvernig skuli útfæra skilmála og heimildir sem hverfisskipulagsáætlun heimilar. Þar er að finna ítarlegri umfjöllun um hugtök og efnisatriði í skipulagsskilmálum hverfisskipulagsins. Leiðbeiningunum er ætlað að miðla nánari útfærslu á skilmálum og stefnu borgaryfirvalda um einstakar útfærslur. Leiðbeiningar hverfisskipulags eru skýringargögn með skýringarmyndum sem fylgja skulu þegar skilmálar eru nýttir. Leiðbeiningar eru ekki tengdar einstökum hverfum eða skilmálaeiningum heldur eru þær algildar og ná til allra borgarhluta.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs, sem haldinn var 19. desember 2018, var samþykkt sérstök samþykkt um málsmeðferð leiðbeininga fyrir hverfisskipulag í Reykjavíkurborg, dags. 17. desember 2018. Samþykktinni var síðan vísað til borgarráðs til samþykktar sem var gert á fundi borgarráðs, þann 24. janúar 2019.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 er heimilt við gerð hverfisskipulags, skv. 4. mgr. 37. gr., að leggja áherslu á almennar reglur um yfirbragð hverfisins í stað þess að setja stranga skipulagsskilmála líkt og gert er þegar unnið er nýtt deiliskipulag. Í skilmálum hverfisskipulagsins er m.a. kveðið á um byggingarmagn, nýtingarhlutfall og byggingarreiti og aðra bindandi skilmála. Ákveðið var að setja inn almennar reglur, svokallaðar leiðbeiningar, um hvernig best væri að útfæra þær byggingarheimildir sem heimilaðar eru í hverfisskipulagi. Þær eru grundvallaðar í stefnumörkun Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030, hverfisskipulagi, og er ætlað að leiðbeina hvernig skuli útfæra skilmála og heimildir sem hverfisskipulagsáætlun heimilar.


Samþykkt fyrir hverfisskipulag í Reykjavíkurborg er hugsað sem grundvöllur fyrir málsmeðferð sem leiðbeiningar hverfisskipulagsins fer í. Til að sömu leiðbeiningarnar þurfi ekki að vera auglýstar með hverju og einu hverfisskipulagi er þessi leið farin, þ.e. að láta málsmeðferð á leiðbeiningum grundvallast á samþykkt fyrir hverfisskipulag.

Þegar leiðbeiningar fyrir hverfisskipulag eru samþykktar gilda þær fyrir öll hverfi í borginni.

Málsmeðferð leiðbeininganna, samkvæmt samþykktinni, verður með þeim hætti að þær verða lagðar fyrir skipulags- og samgönguráð sem samþykkir þær til kynningar, líkt og um auglýsingu á deiliskipulagi sé að ræða. Þá eru leiðbeiningarnar kynntar í 4–6 vikur og hafa allir hagsmunaaðilar aðkomu að því að senda inn athugasemdir. Kynningin fer fram á netinu og er auglýst í víðlesnu dagblaði. Athugasemdir eru síðan teknar saman og tekin afstaða um hvort leiðbeiningarnar verði skoðaðar út frá athugasemdum eða ekki. Síðan eru leiðbeiningarnar lagðar fram, ásamt umsögn, til samþykktar hjá skipulags- og samgönguráði og síðan vísað til borgarráðs til endanlegrar samþykktar. Ef breyta á eða gerðar eru nýjar leiðbeiningar þá er málsmeðferðin eins. *Samþykkt um leiðbeiningar hverfisskipulags* eru samhljóða fylgiskjöl fyrir allar hverfisskipulagsáætlanir Reykjavíkur.

Leiðbeiningar eiga að einfalda hönnun framkvæmda og flýta fyrir málsmeðferð erinda hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur, bæði hjá skipulags- og byggingarfulltrúa. Leiðbeiningar styðja uppbyggingaraðila við að útfæra uppbyggingu svo að hún sé í samræmi við stefnu aðalskipulags borgarinnar.

Leiðbeiningar skal lesa samhliða framtíðarsýn hverrar hverfisskipulagsáætlunar sem og stefnumörkun aðalskipulags Reykjavíkur fyrir borgina í heild. Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar nýta leiðbeiningarnar til að fræðast um hvernig megi þróa og breyta eigin lóðum eða fasteignum. Leiðbeiningarnar sjálfar eru ekki grundvöllur leyfisveitinga heldur eingöngu leiðbeiningarrit til útfærslu þeirra heimilda sem koma fram í hverfisskipulagi.



Mynd 2.6

Forsíður leiðbeininga hverfisskipulagsins.


Fylgigögn hverfisskipulagsins


Gögn HVSK:

- Almenn greinargerð – Bók I.
- Skipulagsskilmálar – Bók II.
- Hverfisskipulagsuppdráttur. Prentaður uppdráttur í mælikvarða 1:3000.
- Leiðbeiningar hverfisskipulags eru skýringargögn með skýringarmyndum, sem fylgja skal þegar skilmálar eru nýttir.

Fylgiskjöl:

- Borgarhluti 7 Árbær – Íbúabátttaka og samráð 14.09.2019.
- Byggðakönnun. Borgarhluti 7 - Árbær. Skýrsla nr. 183. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2017.
- Verklýsing hverfisskipulags fyrir borgarhluta 07 Árbæ, dags. 16. mars 2015.





3

Skipulagsforsendur og greining hverfisins

EFNISYFIRLIT

3.1 Yfirlit og afmörkun hverfisskipulagsins

3.2 Uppbygging og þróun hverfisins skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

3.3 Mat á vithæfi hverfisins

3. Skipulagsforsendur og greining hverfisins

3.1 Yfirlit og afmörkun hverfisskipulagsins

Borgarhluti 7 Árbær nær frá Ártúnsbrekku í vestri að Bugðu í austri. Til norðurs og austurs afmarkast borgarhlutinn af fjölförnum stofnbrautum, Vesturlands- og Suðurlandsvegi. Til suðurs hallar byggðin að Elliðaárdalnum sem er eitt mikilvægasta útivistarsvæði borgarinnar. Auk þessa fara tvær stofnbrautir, Höfðabakki og Breiðholtsbraut, í gegnum borgarhlutann. Af því leiðir annars vegar að hverfin í borgarhlutanum eru mjög vel tengd meginstofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins en hins vegar aðskilja Höfðabakki og Breiðholtsbraut hverfin Ártúnsholt og Norðlingaholt frá kjarna byggðarinnar í Árbæ og Selási.

Fjögur íbúðahverfi og eitt athafnasvæði eru í borgarhlutanum, Ártúnsholt (7.1), Árbær (7.2), Selás (7.3), Norðlingaholt (7.4) og athafnasvæðið Hálsahverfi. Þess ber að geta að innan borgarhlutans og í næsta nágrenni hans eru helstu athafnasvæði borgarinnar, Hálsahverfi og Ártúnshöfði, en þar vinna fleiri þúsund manns.

Innan borgarhlutans eru nokkur svæði sem ekki eru viðfangsefni hverfisskipulagsins. Þau eru Elliðaárdalurinn, þar með talið hesthúsahverfið í Víðidal, og Hálsahverfi (athafnasvæðið).

Ártúnsholt stendur á hæðardragi og er greinilega afmarkað af Vesturlandsvegi, Höfðabakka og Rafstöðvarvegi nyrst í Elliðaárdal. Á mynd 3.2 er sýnd afmörkun

Hverfi	Íbúar	Íbúðir
7.1 Ártúnsholt	1.564	483
7.2 Árbær	3.476	1.402
7.3 Selás	3.286	1.137
7.4 Norðlingaholt	2.811	942
Borgarhluti 7 samtals	11.137	3.964

Mynd 3.1

Yfirlit yfir fjölda íbúa og íbúða í hverfum borgarhlutans í maí 2019.

borgarhlutans og hverfisins. Ártúnsholt er sérstaklega afmarkað á uppdrættinum en þetta hverfisskipulag nær eingöngu til þess svæðis.

Landslag og staðhættir

Hverfið er ávalt og hallar til suðurs og vesturs að Elliðaám og Ártúnsbrekku og til norðurs að Vesturlandsvegi. Hverfið er 70,8 hektarar að stærð og er í 42–68 metra hæð yfir sjávarmáli. Það nýtur góðs af nálægð við Elliðaárdalinn, bæði hvað varðar útivist og náttúru en einnig vegna tenginga við göngustígakerfi borgarinnar í og við Elliðaárdalinn.

Mynd 3.2

Borgarhluti 7 og íbúðahverfi hans. Ártúnsholt er sérstaklega afmarkað á kortinu en þetta hverfisskipulag gildir einungis fyrir það hverfi.



- Skýringar**
- Borgarluti
 - Hverfi
 - Fastmótuð byggð
 - Þróunarsvæði skv. AR 2010-30
 - Athugunarsvæði

Núverandi byggð

Um upphaf byggðar í Árbæ verður ekkert fullyrt en Ártúns er fyrst getið í Vilkinsbók árið 1379 og Árbæjar árið 1464 í skjölum vegna jarðakaupa. Vegna starfsemi Rafmagnsveitu Reykjavíkur upp úr 1930 varð til vísir að byggð sem nefnd var Ártúnsblettir við núverandi Rafstöðvarveg . Austan við Höfðabakka og að Selási var Árbæjarblettum úthlutað um 1940. Í Selási var aftur á móti sumarbústaðarlöndum sem nefnd voru Selásblettir úthlutað upp úr 1925. Í aðalskipulagi Reykjavíkur 1962–1983 eru lögð drög að skipulagi Árbæjarhverfisins og í lok sjöunda áratugar 20. aldar náði byggð í borginni alla leið inn að Elliðaáam. Í framhaldi af því urðu Árbæjar- og Breiðholtshverfi fyrstu eiginlegu úthverfi Reykjavíkur. Deiliskipulag fyrir Árbæ var að stærstum hluta samþykkt á árunum 1964–1966. Í framhaldinu hófust byggingaframkvæmdir í hverfinu en fyrir voru byggingar á svokölluðum Árbæjarblettum.

Hverfið er alfarið byggt lágreistri byggð sérbýlishúsa og lítilla fjölbýlishúsa. Árbæjarsafn er í útjaðri hverfisins en í litlum tengslum við hverfið. Atvinnusvæði er í Hyljunum. Stærstur hluti byggðar er á hábungu hæðarinnar. Grunnskóli og tveir leikskólar eru miðsvæðis í hverfinu sem tengjast vel dalnum og einnig fjölda leiksvæða sem eru í hverfinu. Engin matvöruverslun er í hverfinu en norðan Vesturlandsveggar og í hverfiskjarnanum í Árbæ eru matvöruverslanir.

Mynd 3.3

Ártúnsholt séð úr suðri.



3.2 Uppbygging og þróun hverfisins skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030

Hverfisskipulag þetta gildir einungis fyrir 7.1 Ártúnsholt og er unnið í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010–2030. Í B hluta aðalskipulags, *Skipulag borgarhluta*, er mótuð stefna fyrir borgarhluta 7 Árbæ og einstök hverfi innan hans. Meðfylgjandi aðalskipulagsuppráttur (mynd 3.4) sýnir núgildandi landnotkun og helstu áherslur.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi skal stefnt að því að gera öll hverfi borgarhlutans sem sjálfbærust og skulu gæði hins manngerða umhverfis sett í öndvegi. Til þess að ná markmiðum um sjálfbærari hverfi þarf m.a. að styrkja hverfiskjarna, þjónustu í hverfum og fjölga íbúðum til þess að bæta rekstrargrundvöll þjónustu, þ.m.t. skóla og leikskóla.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að íbúðum í borgarhlutanum geti fjölgað um 240 á skipulagstímabilinu en jafnframt að kannaðir verði frekari þéttingarmöguleikar og fjölgun íbúða í hverfisskipulaginu. Í því sambandi hafa nokkur þéttingarsvæði verið afmörkuð. Aðalskipulagið setur aðeins bindandi stefnu fyrir reiti sem gera ráð fyrir fleiri en 50 almennum íbúðum eða sambærilegri uppbyggingu. Ekki er gert ráð fyrir að breyta þurfi aðalskipulagi vegna hverfisskipulags í Ártúnsholti.

Þróunarsvæði í Ártúnsholti


Tvö þróunarsvæði eru í Ártúnsholti samkvæmt gildandi aðalskipulagi.

- **Þ75 Ártúnsholt - Rafstöðvarvegur**

Svæðið er um 4 hektarar að stærð og að mestu byggt íbúðarhúsum á einni til tveimur hæðum sem tengjast gömlu rafstöðinni í Elliðaárdal. Gert er ráð fyrir að bæta megi við íbúðarhúsnæði á svæðinu. Á hluta af svæðinu eru hávaxin tré sem setja nýtingu undir íbúðabyggð skorður.

- **Þ76 Ártúnsholt - Rafstöðvarvegur**

Íbúðabyggð á tæplega 6 hektara svæði. Gert er ráð fyrir að hægt verði að bæta við allt að 50 sérbýlishúsum á svæðinu sem yrðu hluti af núverandi byggð, skóla og þjónustu í Ártúnsholti. Aðkoma að svæðinu verður frá Rafstöðvarvegi. Á svæðinu eru gamlar malarnámur sem byggðin þarf að laga sig að. Skilyrt er að nýbyggðin þróist alfarið með vistvæn sjónarmið að leiðarljósi, s.s. með sjálfbærum ofanvatnslausnum, byggingarefnum, flokkun sorps o.s.frv.



Mynd 3.4
Borgarhluti 7 Árbær, kort úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 -2030.

Fastmótuð gróin byggð til endurskoðunar í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030

Eftirfarandi svæði eru skilgreind í aðalskipulagi sem fastmótuð byggð sem verður endurskoðuð í hverfisskipulagi.

- **Nethylur-Stangarhylur. Miðsvæði**

Fyrst og fremst er gert ráð fyrir rýmisfrekum verslunum og skrifstofum. Léttur iðnaður og verkstæði eru leyfð.

- **ÍB44 Ártúnsholt**

Fastmótuð byggð frá áttunda og níunda áratug 20. aldar. Lágrest sérbýlishúsabyggð einkennir svæðið og hefur hverfið mjög heilsteypt yfirbragð.

- **OP27 Árbæjarsafn**

Útivistarsvæði til sérstakra nota. Gert er ráð fyrir áframhaldandi þróun og uppbyggingu svæðisins sem safnasvæðis.

Almenn markmið í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 fyrir Ártúnsholt

Í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins um sjálfbærni hverfa, vistvænar samgöngur og aukin gæði byggðar eru eftirfarandi stefnuákvæði sett fram sem varða Ártúnsholt sérstaklega.

- **Borgarhlutakjarni**

Miðja borgarhlutans er skilgreind við miðsvæðið og þjónustukjarnann við Hraunbæ 102 og Ásinn (borgarhlutakjarni, M16). Nánar er fjallað um borgarkjarna í hverfisskipulagi fyrir 7.2 Árbæ.

- **Nærþjónusta**

Verslun og þjónusta sem sinnir daglegum þörfum íbúa verði að Nethyl/Stangarhyl.

- **Borgargötur**

Í Ártúnsholti er Strengur skilgreindur sem borgargata og verður skipulag viðkomandi götu mótað í hverfisskipulagi. Við hönnun og skipulag gatnanna verði tekið mið af stefnu um gæði í manngerðu umhverfi og skilgreindar virkar götuhliðar þar sem það á við.

- **Hjólaleiðir**

Hjólaleiðir eru í samræmi við *Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur*. Við hönnun og útfærslu hjólleiða verði tekið mið af markmiðum og ákvæðum hjólreiðaáætlunar.

- **Hverfisvernd**

Í vinnu við hverfisskipulag verði skoðað hvort setja eigi ákvæði um hverfisvernd á hluta af byggðinni út frá mati á verndargildi húsa og/eða hverfiseininga.

Mynd 3.5

Ártúnsholt séð úr norðri.



3.3 Mat á visthæfi hverfisins

Í vinnu við hverfisskipulag var lagt mat á hversu vistvænt Ártúnsholt væri út frá *Gátlista um vistvæna byggð* en hann byggir á kaflanum *Skipulag vistvænna hverfa* í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030. Þessi gátlisti er mikilvægt hjálpartæki til að meta hversu sjálfbær og vistvæn hverfi borgarinnar eru og til hvaða aðgerða sé hægt að grípa til að stuðla að úrbótum. Gátlistanum er skipt upp í sjö efnisflokka, sbr. númeraða umfjöllun hér á eftir. Nánar er gerð grein fyrir forsendum og aðferðum sem þetta mat byggir á í fygiskjali hverfisskipulags: Verklýsing hverfisskipulags fyrir borgarhluta 07 Árbæ dags. 16. mars 2015. Hér fyrir neðan er farið yfir helstu niðurstöður úr þessu mati en í lok umfjöllunar um hvern efnisflokk eru dregnar saman niðurstöður undir fyrisögninni *Helstu tækifæri*.



SAMFÉLAG

Í Ártúnsholti er mikið af sérbýlishúsum og er það eitt fámennasta hverfi borgarhlutans. Þar bjuggu 1.573 íbúar í 484 íbúðum samkvæmt upplýsingum úr gagnagrunni borgarinnar í maí 2019. Þannig bjuggu að meðaltali 3,2 íbúar í hverri íbúð. Í hverfinu er hátt hlutfall einbýlis- og raðhúsa og mikið af fjögurra og fimm herbergja íbúðum eða um 2/3 hlutar húsakostsins. Aldurshópurinn 35–66 ára er fjölmennur í hverfinu. Lítið er af minni íbúðum sem henta ungum fjölskyldum með börn en líka eldri íbúum sem vilja minnka við sig enbúa áfram í hverfinu. Þessi íbúðasamsetning með mörgum stórum íbúðum og fáum minni íbúðum hefur torvelað endurnýjun og fyrir vikið hefur skólinn í hverfinu átt í vök að verjast vegna fækkunar skólabarna, en tæp 20% nemenda í skólanum búa utan hverfis. Ártúnsskóli er fyrir 1.–7. bekk en eldri nemendur sækja skóla í Árbæ. Auk þess eru tveir leikskólar í hverfinu.

Lítið framboð er á verslun og þjónustu í hverfinu. Þó eru nokkur þjónustufyrirtæki með starfsemi í Hyljum en þar er engin matvöruverslun. Næsta matvöruverslun er Krónan við Bíldshöfða sem er norðan við Vesturlandsveginn, í um 500 metra fjarlægð

frá miðju hverfisins í loftlínu. Snúið er að komast fótgangandi eða hjólandi í þessa matvöruverslun.

Töluvert er af þjónustu og verslun í borgarhlutakjarnanum í Árbæ en þangað er um 1,3 km mælt í loftlínu frá miðju hverfisins.

Ártúnsholt er talið öruggt hverfi en þar hafa fá umferðarslys orðið á undanförunum árum. Mjög góð tengsl eru við helstu útivistarsvæði eins og Elliðaárdalinn.

Helstu tækifæri

Fjölgun minni íbúða mun hafa jákvæð áhrif á samfélagið og skólann og auka rekstrargrundvöll þjónustu í hverfinu. Tækifæri liggja í uppbyggingu verslunar og þjónustu í Hyljum sem gæti bætt úr brýnni þörf. Bættar göngu- og hjólaleiðir í nálæga verslunar- og þjónustukjarna geta haft jákvæð áhrif á hverfið.



GÆÐI BYGGÐAR

Byggðin í hverfinu er að langmestu leyti lágreist, einnar til tveggja hæða sérbýlishús og lítil fjölbýlishús. Hverfið skiptist í afmarkaðar hverfiseiningar með sambærilegum húsagerðum en þessi sérkenni gefa hverfinu heilsteypt yfirbragð. Mikill trjágróður er í hverfinu. Byggðarmynstur og gróður stuðlar að skjólmyndun.

Íbúðapétteleiki í hverfinu er lítill eða tæpar 7 íbúðir á hektara. Íbúðapétteleiki á hektara í borgarhlutanum er tæpar 13 íbúðir á hektara. Þess ber að geta að lágmarksviðmið er 20 íbúðir á hektara samkvæmt viðmiðunarreglum í *Gátlista um vistvæna byggð*. Ástæðan fyrir þessu er byggðarmynstrið og hátt hlutfall stórra einbýlishúsa. Erfitt getur hins vegar orðið að auka þéttleika byggðarinnar jafnt yfir.

Þar sem byggðin í Ártúnsholti er almennt fremur lágreist er skuggamyndun ekki talin vandamál.

Innan hverfisins eru sex leiksvæði auk skólalóða leik- og grunnskóla og sjö dvalarsvæði auk hverfisgarðs vestarlega í hverfinu, milli Silunga- og Seiðakvísla. Ekkert eiginlegt torg eða hverfismiðja er í hverfinu. Stofnbrautir liggja norðan og vestan við hverfið, Vesturlandsvegur og Höfðabakki, með tilheyrandi hljóðvistarvandamálum og loftmengun en hljóðvarnir draga nokkuð úr neikvæðum áhrifum frá umferðinni.

Helstu tækifæri

Fjölga má íbúðum í hverfinu annars vegar með því að heimila að skipta stórum sérbýlishúsum í tvær íbúðir og hins vegar heimila að byggja minni íbúðir á þéttingarreitum eins og við Rafstöðvarveg og í Hyljum. Slík fjölgun íbúa myndi hafa jákvæð áhrif á hverfið og rekstur skóla, leikskóla og nærþjónustu.

Samkvæmt aðalskipulagi verður hluti af Streng við Árkvörn gerður að borgargötu sem gæti orðið vísir að hverfismiðju með hverfistorgi. Þessar aðgerðir ásamt uppbyggingu nærþjónustu í Hyljum munu hafa jákvæð áhrif á gæði byggðar í hverfinu.

Minnka má loftmengun og bæta hljóðvist með gróðurbeltum og öðrum mótvægisáðgerðum næst umferðarþungum götum eins og Vesturlandsvegi og Höfðabakka.



SAMGÖNGUR

Ártúnsholtið er vel tengt vegakerfi borgarinnar. Þrjár aðkomuleiðir eru inn í hverfið, um stofnbrautirnar Vesturlandsveg og Höfðabakka og um undirgöng frá Bíldshöfða. Helsta samgöngutæki íbúa er einkabílinn. Hverfið er einnig vel tengt leiðum strætisvagna en ein akstursleið fer um hverfið auk þess sem skiptistöðin Ártún þar sem fleiri strætisvagnaleiðir stoppa er nálægt hverfinu.

Nálægðin við stofnbrautirnar hefur þó neikvæðar hliðar. Þar ber að nefna að stofnbrautirnar aðskilja hverfið frá nálægri byggð eins og Árbæ en þar er þungamiðja verslunar og þjónustu í borgarhlutanum. Þetta bitnar einna mest á gangandi og hjólandi umferð.

Í hverfinu er að meðaltali um 1,6 bílastæði á íbúð. Samkvæmt *Gátlista um vistvæna byggð* er æskilegt að fjöldi bílastæða fyrir hverja íbúð sé á bilinu 1–1,5. Á borgarlandi eru að auki u.þ.b. 400 stæði skv. talningu. Á atvinnusvæði í Hyljum eru samtals 318 stæði á lóðum. Því er ekki gert ráð fyrir að fjölga bílastæðum í hverfinu þó að íbúðum fjölgi.

Stígatengingar innan hverfisins eru góðar en nokkuð skortir á tengingar á jaðri hverfisins. Huga þarf að tengingum hverfisins við meginhólastígakerfi borgarinnar.

Helstu tækifæri

Hverfið er vel tengt vegakerfi borgarinnar en auka má hlut almenningsgangna með aukinni tíðni og bættri þjónustu. Einnig má bæta stígakerfið og tengingar yfir í nálæga byggð og þjónustukjarna. Endurhönnun Strengs sem borgargötu getur bætt aðstæður fyrir vistvæna ferðamáta.



VISTKERFI OG MINJAR

Ellidaárdalur liggur sunnan með öllu hverfinu en milli byggðarinnar og dalsins er einnig opið grænt svæði sem hallar til suðurs. Um er að ræða svæði í kringum rafstöðina og byggðina sem tengist henni, sleðabrekkuna og svæði Árbæjarsafns. Þannig er allur suður- og vesturhluti hverfisins grænn með góðum tengingum við Elliðaárdalinn, nema Árbæjarsafn sem er afgirt. Stutt er í græn svæði frá flestum stöðum í hverfinu, nema í norðurhluta hverfisins sem liggur að Vesturlandsvegi. Töluverður trjágróður er nú þegar í hverfinu og á opnum svæðum. Þess má geta að ein hæstu sitkagrenitré landsins eru á Rafstöðvarreitnum. Þessi gróðurríku svæði í hverfinu skapa ákjósanleg skilyrði fyrir líffræðilega fjölbreytni og margs konar vistkerfajónustu og það gefur þeim verndargildi þó ekki sé alltaf um upprunalegar náttúruminjar að ræða.

Slíkar náttúruminjar finnast þó á nokkrum stöðum í hverfinu, einkum grágrýtisholt með mólendisgróðri. Stærsta holtið er innan lóðar Árbæjarsafns og á opnum svæðum norðan við safnið meðfram Kistuhyl. Einnig er lítið holt á opnu svæði við sunnanverðan Straum austan við Bleikjukvísl. Þessi svæði hafa verndargildi.

Helstu fornleifar borgarhlutans er að finna við gömlu bæjarstæði Ártúns og Árbæjar og eru þær innan hverfisins. Í útjaðri hverfisins í Elliðaárdal eru fornleifar, yngri minjar og herminjar, sjá mynd 3.5. Borgarsögusafn hefur gert úttekt á menningarminjum og fornleifum í hverfinu, sjá eftirfarandi fylgiskjal hverfisskipulagsins: *Byggðarkönnun. Borgarhluti 7 - Árbær. Skýrsla nr. 183. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur.*

Á Árbæjarsafni er fjöldi friðaðra og friðlýstra húsa, sjá nánar á mynd 3.6.

Ekki hefur verið gerð sérstök úttekt á veðurfari í Ártúnsholti í tengslum við vinnu við hverfisskipulagið þar sem núverandi veðurfari er þekkt. Mikilvægt er hins vegar að vinna að skjólmyndun gagnvart suðlægum vindum (útsynningi) og gegnir trjágróður og byggð mikilvægu hlutverki í því sambandi.

Helstu tækifæri

Sérstaða hverfisins felst í nálægðinni við Elliðaárdalinn og hið viðkvæma lífríki sem þar er. Í hverfisskipulagi þarf bæði að huga að því hvernig bæta megi aðgengi, gönguleiðir og áningarstaði í tengslum við þetta mikilvæga útivistarsvæði en einnig meðhöndlun ofanvatns til að viðhalda sem eðlilegastri hringrás vatns og vernda viðkvæmt lífríki Elliðaánna.

Tengja má Árbæjarsafn betur við hverfið sem og menningarminjar við Rafstöðvarveg, t.d. með minjaási milli safnsins og gömlu rafstöðvarinnar.

Tækifæri liggja í að auka við og bæta trjágróður á opnum svæðum og almenningsrýmum í hverfinu en slíkt skapar meira skjól, bindur jarðveg og skapar aðstæður fyrir fjölbreyttara lífríki.


Í takt við áherslur um sjálfbærari og vistvænni hverfi má búa í haginn fyrir borgarbúskap og matjurtarækt bæði á borgarlandi og á lóðum.

Tækifæri felast í náttúruvernd með því að hlífa jarðminjum og gróðri við raski, þ.m.t. ræktuðum gróðri í suðurhluta hverfisins.

Þó að hverfið sé ekki gamalt eru innan þess áhugaverðar byggingar og hverfiseiningar, sbr. byggðarkönnun, en við skilmálagarð þarf að taka afstöðu til þess hvort vernda eigi hús og/eða hverfiseiningar.

Mynd 3.6

Yfirlit fornminja og minja í borgarhluta 7 Árbæ.





ORKA OG AUÐLINDIR

Hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla eru í Ártúni og við hús OR en áform eru um að fjölga hraðhleðslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu.

Grenndargámar eru í jaðri hverfisins, á vöruflutningabílastæði við Straum.

Stofnlagir hitaveitu, kalds vatns og rafmagns liggja í gegnum skipulagssvæðið og þarf að taka tillit til staðsetningar þeirra við þéttingu byggðar á skipulagssvæðinu.

Helstu tækifæri

Bæta má aðstæður fyrir notkun vistvænna orkugjafa, t.d. með því að staðsetja hleðslustöðvar fyrir rafbíla á borgarlandi. Við staðsetningu þarf að huga að tengingum við núverandi dreifikerfi rafmagns.

Hægt er að auka þjónustu við flokkun og hirðu á endurvinnsluefnum við heimili með skilmálum sem leyfa byggingu aðstöðu á lóð í stað aðstöðu innanhúss, svo sem gerða, skýla eða djúpgáma undir úrgang.

Til að bæta aðgengi að skilum á endurvinnsluefnum þarf að festa grenndarstöðvar í sessi með staðsetningu í hverfisskipulagi.

Með bættri nýtingu má minnka úrgang og með því draga verulega úr auðlindanotkun á sama tíma og kostnaður við meðhöndlun úrgangs er lágmarkaður.

Auka á kolefnisbindingu með meiri trjágróðri í hverfinu.

Landnýtingu má bæta með því að leyfa íbúðabyggð á þróunarsvæði við Rafstöðvarveg og þéttingu byggðar í Hyljum.



MANNVIRKI

Ekki var reynt að meta visthæfi núverandi mannvirkja í hverfinu í hverfisskipulagi vegna þess að ekki hafði verið þróaður mælikvarði fyrir þennan efnisflokk þegar greiningarvinnan fór fram. Vísbendingar um stöðu þessa málaflokks er þó að finna í byggingarsögu hverfisins. Meirihluti mannvirkja í hverfinu er byggður á tímabilinu 1980 til 1990 og eru flest íbúðarhús steinsteypt og einangruð að innan eins og hefð hefur verið fyrir á Íslandi mestan hluta 20. aldar. Einkennandi er einnig að flest hús í hverfinu eru ýmist með rispaki eða valmapaki enda voru ákvæði um þakgerðir í upphaflegu deiliskipulagi.

Mælikvarðar og vottunarkerfi fyrir nýbyggingar eru í þróun. Rétt er að gera kröfu um að opinberar byggingar sem rísa í framtíðinni í hverfinu fylgi umhverfisvottunarstöðlum.

Helstu tækifæri

Tækifæri liggja í að þróa mælivíðmið fyrir visthæfi eldri mannvirkja. Sérstaklega þarf að huga að því að útbúa leiðbeiningar sem geta hjálpað íbúum að gera eldri íbúðarhús vistvænni, ekki síst þegar ráðist verður í viðbyggingar, viðhald og endurbætur.

Mynd 3.7

Yfirlit yfir friðlýst og friðuð hús í borgarhluta 7.1 Ártúnsholti.



- Friðlýst hús og mannvirki
- Friðuð hús
- Einstök hús, húsaðir og götumyndir með hverfisvernd
- Samstæður húsa og heildir með hverfisvernd
- Hús byggð fyrir 1925
- ⋯ Mörk hverfisskipulags



NÁTTÚRUVÁ

Náttúruvá er talin lítil í hverfinu. Svæðið er ekki á þekktu sprungusvæði og jarðskjálftahætta ekki meiri en annars staðar í höfuðborginni.

Hverfið er í nokkurri fjarlægð frá sjó og því engin teljandi flóðahætta fyrir íbúðabyggingu. Elliðaárna liggja í dal tugum metra lægra en meginhluti byggðarinnar og flóðahætta frá þeim er því talin lítil.

Náttúruvá í hverfinu tengist einkum breyttu veðurfari vegna loftslagsbreytinga. Óveður geta orðið tíðari með mikilli úrkomu og vindi sem skapað getur hættuástand í Ártúnsholti eins og annars staðar í höfuðborginni.

Helstu tækifæri

Tækifæri liggja í því að nýta tré og gróður til að binda jarðveg en líka til að tempra vind og auka skjól sem hlíft getur bæði byggingum og fólki í óveðrum. Í þessu sambandi þarf að huga að staðsetningu nýbygginga þannig að þær stuðli að því að bæta skjól í hverfinu.





4

Helstu niðurstöður samráðs

EFNISYFIRLIT

4.1 Yfirlit og forsendur

4.2 Fundir og yfirlit yfir skráðar niðurstöður

4.3 Ártúnsholt

4. Helstu niðurstöður samráðs

4.1 Yfirlit og forsendur

Gerð er grein fyrir niðurstöðum samráðs í borgarhluta 7, annars vegar fyrir allan borgarhlutann og hins vegar fyrir einstök hverfi.

Í samráðinu var beitt þremur mismunandi aðferðum við að fanga skoðanir og viðhorf íbúa, annars vegar til hugmynda sem kynntar voru í skipulagsferlinu og hins vegar til að fá fram hugmyndir íbúa um aðgerðir til að bæta hverfin sín. Allar þessar aðferðir hafa kosti og galla sem hafa þarf í huga þegar niðurstöður eru skoðaðar.

Fyrsta aðferðin var að fá rýnihópa íbúa úr hverfunum til að rýna og ræða frumhugmyndir að hverfisskipulagi en Gallup sá um framkvæmd þeirra. Niðurstöðurnar úr vinnunni með rýnihópunum voru notaðar til að lagfæra hugmyndir sem síðan voru kynntar á íbúafundum.

Á íbúafundum var beitt tveimur aðferðum til að fanga skoðanir íbúa, bæði á hugmyndum sem kynntar voru á veggspjöldum og til að fá fram hugmyndir íbúanna sjálfra um aðgerðir til að bæta hverfin. Fyrri aðferðin er svokölluð miðaaðferð en seinni aðferðin var skoðanakönnun. Miðaaðferðin er hluti af því sem kallað er skapandi samráð en niðurstöður eru skráðar í miðasjá, sem er undirsíða á <http://hverfisskipulag.is>. Gerð er grein fyrir þessum aðferðum í kafla 3 í *greinargerðinni Borgarhluti 7 Árbær - Íbúapátttaka og samráð, dags. 14.09.2019*.

Fyrirvara þarf að setja við þær niðurstöður sem reifaðar verða hér. Þeir íbúar sem tjáðu sig um skipulagsmál í borgarhluta 7, hvort heldur um var að ræða rýnihópa eða íbúafundi, voru aðeins lítil hluti íbúa hverfisins. Í borgarhluta 7 voru 4 rýnihópar með 8–10 íbúum í hverjum hópi eða um 40 manns en á alla þrjá íbúafundina mættu samtals um 170–190 manns. Þetta er aðeins lítil hluti þeirra rúmlega 11 þúsund íbúa sem búa í öllum fjórum hverfum borgarhlutans. Öðru máli gegndi um þátttöku sjöttubekkinga í hverfisskólum en þar tóku nær allir nemendur í árganginum þátt í fundum þar sem þeir gátu komið skoðunum um skipulag í sínu hverfi á framfæri.

Þó að þau gögn sem skráð eru í miðasjá og komu fram í skoðanakönnunum sé hægt að draga saman sem tölfærði þarf að setja fyrirvara við að nota gögnin á þann hátt, bæði vegna þess hversu fáir íbúar létu í ljós álit sitt með þessum hætti og hins að úrvinnsluaðferðir eru enn sem komið er ófullkomnar.

Samráðsaðferðir hafa þó dregið fram fjölbreyttar skoðanir íbúa á margvíslegum málum og gefa nokkuð góða vísbendingu um hvert þeir íbúar sem tóku virkan þátt í samráðinu vilja stefna. Rétt þykir að benda á að þó að flestar hugmyndirnar sem komu fram tengist skipulagsmálum beint er eitthvað um athugasemdir við viðhald og rekstur en slíkum hugmyndum verður komið á framfæri við viðkomandi deildir og skrifstofur Reykjavíkurborgar.

Mynd 4.1

Íbúafundur í Árbæjarskóla fyrir allan borgarhlutann 11. október 2016.





Mynd 4.2

Nemendur í Ártúnsskóla koma hugmyndum um úrbætur í sínum hverfum á framfæri á valfundi.



Mynd 4.3

Nemendur í Ártúnsskóla við mól sem þau byggðu í vinnu við skapandi samráð.

4.2 Fundir og yfirlit yfir skráðar niðurstöður

Eftirfarandi viðburðir fóru fram sem hluti af samráði í borgarhluta 7:

Rýnihópar borgarhluta 7 Árbær 16.–24. nóv. 2015

- Hópar með um 10 einstaklingum á aldrinum 20–35 ára, 35–55 ára og 55–70 ára sem rýndu hugmyndir.

Skapandi samráð

- Módelsmíði og vinna í grunnskólum 2015–2016: Ártúnsskóli, Árbæjarskóli, Selásskóli og Norðlingaskóli.

Íbúafundir

- Ártúnsholt – 26. nóvember 2015.
- Öll hverfi í borgarhluta 7 Árbæ – Fylkishöll 2. júní 2016.
- Árbæjarskóli – 11. október 2016.

Verkefnisstjóri hverfisskipulags mætti á 12 fundi hjá hverfisráði í borgarhluta 7 á tímabilinu frá því í mars 2015 til október 2017.

Verkefnisstjórar hverfisskipulags voru með viðveru í hverfinu meðan verklýsing var kynnt. Að auki voru haldnir nokkrir fundir þar sem fulltrúar hverfisráðs og íbúasamtaka fóru yfir vinnuna við hverfisskipulagið. Verkefnisstjóri hverfisskipulags mætti auk þess á fund hjá íbúasamtökum Árbæjar í nóvember 2015.

Yfirlit yfir samráðsviðburði er í greinargerð um samráð sem er fylgigagn hverfisskipulags í borgarhluta 7.

4.3 Ártúnsholt

Í úrvinnslu samráðs í Ártúnsholti hefur annars vegar verið horft til ákveðinna svæða og málefna sem aðalskipulagið mótast stefnu um og hins vegar til tillagna sem kynntar voru á íbúafundum og var fjallað um undir hinum sjö lykiláherslum *Gátlista um vistvæna byggð*. Fyrst í þessari samantekt er farið yfir áherslur frá aðalskipulagi en síðar er fjallað um málefni sem dregin eru fram undir lykiláherslum *Gátlista um vistvæna byggð*.

Stefna og áherslur aðalskipulags

Þ75 Ártúnsholt–Rafstöðvarvegur

Um er að ræða reit sem var afmarkaður í aðalskipulagi og farið fram á að kannað væri hvort þarna mætti þetta byggð í vinnu við hverfisskipulag. Helstu niðurstöður eru þær að lítil áhugi er fyrir því að byggja íbúðir á þessum reit. Þess í stað vildu þeir sem tjáðu sig um reitinn varðveita trjágróður og friða hús en þarna eru ein hæstu og elstu sitkagrenitré borgarinnar og hús sem tilheyrðu gömlu rafstöðinni frá fyrri hluta 20. aldar.

Þ76 Ártúnsholt–Rafstöðvarvegur

Þetta er reitur þar sem áður fyrr voru sandgryfjur en aðalskipulagið gerir ráð fyrir að þar megi koma fyrir um 50 sérbýlishúsum. Um byggingu á þessum reit hafa verið skiptar skoðanir um tíma. Þeir sem helst hafa verið á móti byggð á reitnum eru íbúar við Seiðakvísl en þeir telja að byggð þarna muni auka umferð í gegnum þeirra hverfishluta. Þegar niðurstöður úr rýnihópum og íbúafundum eru skoðaðar eru ívið fleiri af þeim sem tjáðu sig á móti því að byggð risi þarna.

Nethylur–Stangarhylur

Þetta svæði er miðsvæði samkvæmt aðalskipulagi en hugmyndir sem kynntar voru á íbúafundum gerðu ráð fyrir að þróa byggðina og að leyfðar yrðu viðbyggingar og ofanábyggingar með íbúðum á efri hæðum. Þessar hugmyndir mæltust vel fyrir bæði í rýnihópum og á íbúafundum og engar skráðar athugasemdir komu fram.

Fastmótuð gróin byggð

Í rýnihópum og á íbúafundum var kynnt sú hugmynd að heimila eigendum fasteigna að skipta stórum sérbýlishúsum í tvær íbúðir. Fram kom bæði í rýnihópum og á íbúafundum að eitthvað væri um að eigendur hefðu þegar gert þetta. Hugmynd um að heimila þessa aðgerð í skilmálum hverfisskipulags hlaut mjög góðar viðtökur.

Borgarhlutakjarni

Í samráði voru kynntar hugmyndir um að efla borgarhlutakjarna við Hraunbæ 102 og Ásinn í Árbæjarhverfi og efla þennan kjarna sem miðju borgarhlutans. Þessar hugmyndir mæltust mjög vel fyrir á öllum stigum samráðsins.

Nærþjónusta

Fram kom í rýnihópum og samtölum við íbúa að nærþjónusta í hverfinu væri afar takmörkuð og bæta þyrfti úr því. Helst fannst íbúum vanta kaffihús, veitingastað og bar. Athygli vakti að fáar ábendingar komu fram um að það vantaði matvörubúð í hverfið.

Borgargötur

Hugmyndir um að gera Streng að borgargötu voru ræddar í rýnihópum og á íbúafundum. Íbúar höfðu ekki miklar skoðanir á þessum hugmyndum en meirihluti þeirra sem tjáðu sig var jákvæður fyrir hugmyndunum. Fram komu hugmyndir um að samfara því að gerð yrði borgargata yrðu opin svæði lagfærð, komið upp rafhleðslustöðvum og lýsing bætt, svo það helsta sé nefnt.

Hjólreiðar

Hugmyndir um hjólreiðar fengu nokkra umfjöllun. Meðal þess sem kom fram var vilji til að aðskilja hjóla- og göngustíga og bæta hjóla- og göngustígatengsl við Árbæ með úrbótum á undirgöngum undir Höfðabakka og með nýrri hjóla- og göngubrú yfir Vesturlandsveg.

Hverfisvernd

Hugmyndir um að vernda einstök hús eða hverfiseiningar í hverfinu vöktu litla eftirtekt hjá íbúum. Þó komu fram hugmyndir um að vernda byggð á Rafstöðvarreitnum við Rafstöðvarveg.

Gátlisti um vistvæna byggð – lykiláherslur

Til þess að tengja betur saman niðurstöður úr samráði og tillögur að hverfisskipulagi í Ártúnsholti er farin sú leið að greina niðurstöður eftir þeim lykiláherslum sem tiltekna eru í *Gátlista um vistvæna byggð*.



SAMFÉLAG

Undir samfélag flokkast menntun og tómsundur, menning og félagsmál, verslun og þjónusta og fjölgun íbúa til þess að bæta aldursdreifingu. Horft verður á þennan flokk út frá hugmyndum sjöttubekkinga í Ártúnsskóla annars vegar og fullorðinna íbúa hins vegar, enda viðhorf og áherslur ólíkar.

Hugmyndir grunnskólanemenda í Ártúnsholti um úrbætur í hverfinu ná fyrst og fremst til þess hvernig bæta megi skólalóð Ártúnsskóla, leiksvæði og opin svæði sunnan við Seiðakvísl. Nemendur óskuðu eftir fleiri og betri leiktækjum og betri leiksvæðum. Nokkrar hugmyndir komu fram um að bæta leiksvæði á milli Álakvíslar og Sílakvíslar.

Íbúar kalla eftir auknu framboði menningar- og félagsstarfs í hverfinu, s.s. myndlistarskóla, tónlistarskóla, ungbarnaskóla og leikskóla. Einnig vilja íbúar fá meira af bekkjum og götugögnum á útivistarvæðum og við göngustíga og kalla eftir drykkjarfontum og leiðarvísingum í hverfinu til að nefna nokkur atriði. Kallað er eftir aukinni aðstöðu fyrir menningarstarfsemi og félagsstarf. Fram komu hugmyndir um að nota skólahúsnæði í auknum mæli undir slíka starfsemi.

Skortur á almenningssalernum kemur fram í miðasjá. Nokkrir íbúar óska eftir hundagerði í útjöðrum hverfisins en aðrir kvarta undan óþrifnaði vegna hundaskíts.

Skortur á verslun og veitingahúsum er nefndur og hafa íbúar mestan áhuga á að slík starfsemi verði byggð upp í Hyljum og á Árbæjarsafni.

Allnokkrar hugmyndir komu fram um fjölgun íbúða í hverfinu, sbr. umfjöllun að framan.



GÆÐI BYGGÐAR

Undir gæði byggðar flokkast öll þau atriði er snúa að því hvernig hægt sé að þróa byggðina á vistvænum forsendum, byggðamynstri og staðaranda, eflingu almenningsrýma.

Við skoðun á miðasjá kom í ljós að sjöttubekkingar í Ártúnsskóla láta þennan málaflökk sig litlu varða og engir miðar eru frá þeim, hvorki um umhverfi og náttúru né byggðina í hverfinu. Íbúar hins vegar hafa miklar skoðanir á því hvernig hægt sé að auka gæði byggðarinnar. Þegar mismunandi skoðanir íbúa á nýrri hverfiseiningu við Rafstöðvarveg eru síðar frá vekur athygli að eftir standa áhyggjur íbúa vegna umferðarhávaða og þá aðallega meðfram Vesturlandsvegi. Þar vilja íbúar láta koma upp hljóðvörnum sem skýla byggðinni.



SAMGÖNGUR

Undir samgöngur flokkast borgargötur, göngu- og hjólastígar, almenningsamgöngur og bílastæði.

Samgöngur fá mesta athygli íbúa en um þriðjungur skráðra miða tengist akandi umferð þar sem íbúar gera athugasemdir við of mikla umferð, of mikinn hraða og að það vanti bílastæði. Margir íbúar tjá sig um gangandi og hjólandi umferð þar sem skortur á góðri lýsingu og óskir um úrbætur á göngu- og hjólastígum eru áberandi. Nokkrar hugmyndir komu fram um úrbætur á aðstöðu fyrir almenningsamgöngur og þá aðallega við Streng. Hugmyndir um að betrubæta umhverfi Strengs og gera hann að borgargötu mælast almennt vel fyrir.



VISTKERFI OG MINJAR

Vistkerfi og minjar taka til vistkerfa í hverfum, meðhöndlunar ofanvatns, menningar- og fornminja.

Sjöttubekkingar í hverfisskólanum hafa takmarkaðan áhuga á þessum málaflökki.

Þeir íbúar sem leggja fram hugmyndir undir þessum málaflökki beina sjónum að því að bæta þurfi trjágróður og jafnvel friðlýsa fyrirhugað byggingarsvæði við Rafstöðvarveg. Líkur má leiða að því að þetta séu sömu aðilar og eru á móti því að byggt verði á þeim reit. Aðrar hugmyndir snúa að því að auka trjágróður, snyrta inni í hverfinu og heimila matjurtaræktun á svæði suðvestan við Árbæjarsafn þar sem áður voru skólagarðar.



ORKA OG AUÐLINDIR

Orka og auðlindir fjalla um vistvæna orkugjafa, sorpflokkun og úrgangsstjórnun, kolefnisbindingu og bættu nýtingu auðlinda og betri landnýtingu.

Í þessum málaflökki komu fram flestar hugmyndir um skort á ruslatunnum í hverfinu og óskir um betri grenndarstöðvar. Einnig komu fram hugmyndir um að koma fyrir rafhleðslustöðvum við Streng.



MANNVIRKI

Undir þennan málaflökk falla úrbætur á núverandi húsnæði og hvernig hægt sé að bæta og þróa húsnæðið í takt við auknar kröfur um vistvænar áherslur.

Fáir íbúar tjáðu sig um slíkar aðgerðir en þeir sem það gerðu óskuðu eftir því að fá að byggja kvisti, viðbyggingar og sólskála og fá leyfi til að skipta stórum sérbýlishúsum í tvær íbúðir eins og fjallað hefur verið um að framan.



NÁTTÚRUVÁ

Þessum málaflokki tilheyra atriði er snúa að náttúruvá en lítið sem ekkert kom fram í samráðsferlinu um að íbúar hefðu áhyggjur af náttúruvá í Ártúnsholti.

Mynd 4.4
Ártúnsholt séð úr norðri.





5

Stefna og helstu áherslur í Ártúnsholti

EFNISYFIRLIT

5.1 Forsendur

5.2 Stefna og helstu áherslur hverfisSKIPULAGS

5. Stefna og helstu áherslur í Ártúnsholti

5.1 Forsendur

Í þessum kafla er fjallað um bindandi stefnu hverfisskipulags Reykjavíkur fyrir Ártúnsholt.

Tilgangur stefnumótunar í hverfisskipulagi er að ná fram skýrri heildarsýn yfir þróun hverfisins til framtíðar og tryggja að mismunandi skilmálaeiningar með ólíka skilmála séu samræmdar og samtengdar. Tilgangur stefnunnar er einnig að stuðla að heildstæðri sýn á stefnuþætti sem liggja þvert á hverfi borgarinnar líkt og samgöngur, meðhöndlun ofanvatns og náttúruvá. Stefnuna skal lesa samhliða skilmálum fyrir hverja hverfisskipulagseiningu.

Stefnumótun hverfisskipulags fyrir Ártúnsholt tekur mið af eftirfarandi forsendum:

- Stefna Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030, þ.á m. stefnumiðum fyrir borgarhlutann Árbæ.
- Greiningu á visthæfi byggðar, sbr. kafla 3.3 í þessari bók.
- Niðurstöðum úr samráði við gerð hverfisskipulags, sbr. kafla 4 í þessari bók..

Stefnan er sett fram undir sjö lykiláherslum og á sjö þemakortum. Lykiláherslurnar eru þær sömu og koma fram í greiningu á visthæfi byggðar og eru eftirfarandi: SAMFÉLAG, GÆÐI BYGGÐAR, SAMGÖNGUR, VISTKERFI OG MINJAR, ORKA

OG AUÐLINDIR, MANNVIRKI OG NÁTTÚRUVÁ. Þemakortin eru leiðbeinandi skýringarkort og þeim er ætlað að styðja við skýringar, framsetningu og framfylgd stefnunnar fyrir hverfið. Þessi þemakort skulu notuð þegar breytingar í byggðu umhverfi í hverfinu eru útfærðar, þ.m.t. útfærsla á skilmálum.

Stefnan er útfærð nánar í skilmálum fyrir hverja skilmálaeiningu. Ef misræmi er milli þemakorta annars vegar og skipulagsskilmála eða skipulagsuppráttar hins vegar skal taka mið af skilmálum og/eða hverfisskipulagsupprætti.

Mynd 5.1

Listræn túlkun á vistvænna Ártúnsholti í framtíðinni.
Teikning: Pétur Stefánsson.



5.2 Stefna og helstu áherslur hverfisskipulags



SAMFÉLAG

Stefna og áherslur í þessum málaflokki ná yfir þéttingu byggðar, fjölgun íbúða og nærþjónustu en allt þetta skapar aðstæður fyrir bætt mannlíf í hverfinu.

Fjölgun íbúða

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010–2030 gerir ráð fyrir því að a.m.k. 90% allra nýrra íbúða á skipulagstímabilinu rísi innan núverandi þéttbýlismarka til að bæta landnotkun og nýtingu ýmissa innviða. Þéttari byggð dregur almennt úr vegalengdum, samgöngukostnaði og umhverfisáhrifum samgangna.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að íbúðum fjölgi í Ártúnsholti á þróunarsvæðum við Ártúnsholt-Rafstöðvarveg. Einnig er kveðið á um að þéttingarmöguleikar verði kannaðir frekar í hverfisskipulagi en í aðalskipulaginu er aðeins sett bindandi stefna fyrir reiti sem gera ráð fyrir fleiri en 50 almennum íbúðum eða sambærilegri uppbyggingu.

Með því að fjölga litlum og meðalstórum íbúðum gefst tækifæri til að jafna aldursdreifingu í hverfinu og vega upp á móti háu hlutfalli stórra sérbýlishúsa sem skv. greiningu *Gátlista um vistvæna byggð*. Íbúðapéttleiki er einnig undir meðallagi samanborið við önnur hverfi í Reykjavík. Smærri íbúðagerðir henta vel fyrir ungar fjölskyldur með börn á grunn- eða leikskólaaldri og fjölgun þeirra mun hafa jákvæð áhrif á nýtingu grunnskóla í hverfinu. Smærri íbúðagerðir henta einnig vel fjölskyldum sem vilja selja stærra eignir og komast í minna húsnæði innan hverfisins. Fjölbreytt framboð íbúða stuðlar þannig að auknu jafnvægi í hverfinu og hefur jákvæð áhrif á nýtingu innviða eins og leikskóla og skóla sem og á uppbyggingu nærþjónustu.

Stefna

Með hverfisskipulaginu er opnað fyrir heimild til að fjölga íbúðum í hverfinu. Með eftirfarandi aðgerðum gæti þeim fjölgað um allt að 283 en um er að ræða hægfara þróun sem verður vöktuð, sjá punkt 3 fyrir neðan.

- Aukaíbúðir innan núverandi íbúðabyggðar:
Lóðarhöfum sérbýlishúsa er heimilað að innrétta eina aukaíbúð á sama fastanúmeri þar sem aðbúnaður og aðstæður leyfa. Aukaíbúð getur verið innan núverandi fasteignar eða í viðbyggingu. Nánar er gerð grein fyrir heimildinni í skilmálaeiningum 7.1.1, 7.1.2, 7.1.3, 7.1.5, 7.1.8 og 7.1.12.
- Þétting byggðar í Nethyl-Stangarhyl:
Veitt er heimild fyrir viðbyggingar og/eða ofanábyggingar fyrir atvinnustarfsemi og íbúðir innan skilmálaeiningarinnar. Heimilað verður að innrétta allt að 49 íbúðir á efri hæðum húsa innan svæðisins. Uppbygging er háð samþykki og samvinnu meðlóðarhafa innan hversrar lóðar. Gerð er nánari grein fyrir heimildinni í skilmálaeiningu 7.1.9.
- Vöktun á fjölgun íbúða og/eða breytingum á íbúðum fer fram í gegnum umsóknarferli byggingarfulltrúa og skráningu í fasteignaskrá og byggingagátt (gagnasafn) Mannvirkjastofnunar. Úr gagnasafni Mannvirkjastofnunar verður hægt að vakta þróunina og birta upplýsingar jafnóðum, t.d. í borgarvefsjá og hverfasjá eða með öðrum hætti.



Samfélag

Ártúnsholt

Stefnt er að fjölgun íbúða í hverfinu um allt að 280 með eftirfarandi aðgerðum:

- Heimila lóðarhöfum að innrétta aukaíbúðir í stórum sérbýlishúsum.
- Þetta byggð við Nethyl–Stangarhyl.

Nærþjónusta fyrir hverfið er í bensínstöð við Straum og við Nethyl–Stangarhyl. Bætt aðkoma og aðgengi frá hverfinu að nærþjónustu sett í forgang.

Til að auka atvinnu í hverfinu er atvinnustarfsemi í íbúðarhúsnæði heimiluð.



Nærþjónusta í hverfinu



Starfsemi innan íbúðarbyggðar



Tímabundin starfsemi á borgarlandi



Fjölgun íbúða



Nýr þéttingarreitur



Próunarsvæði



Verslun og þjónusta

Í gildandi aðalskipulagi segir að í hverjum borgarhluta og hverju hverfi skuli vera hverfiskjarni og nærþjónustukjarni svo að dagleg verslun og þjónusta sé í sem mestri nálægð við íbúana og sem flestum gert kleift að versla, fótgangandi eða hjólandi, innan síns hverfis. Fjölgun íbúa styrkir grundvöll fyrir verslun og þjónustu sem stuðlar að því að íbúar geti sótt helstu nauðsynjar í göngufæri frá heimilum sínum.

Í almennum markmiðum aðalskipulagsins fyrir borgarhluta 7 Árbæ segir að nærþjónustukjarni í Ártúnsholti skuli festur í sessi við Nethyl og Stangarhyl.

Stefna

- Skilgreina nærþjónustu í hverfinu við bensínstöð við Straum og á þéttingarreitum við Nethyl og Stangarhyl. Starfsemi fest í sessi með afmörkun á skipulagsupprætti og með veitingu nýrra heimilda. Veitt er heimild fyrir uppbyggingu íbúða á efri hæðum við Nethyl-Stangarhyl en lögð áhersla á verslun og þjónustu á jarðhæðum.
- Setja í forgang aðkomu og aðgengi að þjónustukjörnum við endurbætur göngu- og hjólastíga í hverfinu og tengja þá við borgargötu og hverfistorg.
- Heimila útgáfu leyfa fyrir tímabundna starfsemi líkt og matarvagna eða söluhús við borgargötur og á borgarlandi.

Starfsemi í íbúðabyggð


Í kaflanum *Skapandi borg* í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 kemur fram að helsti styrkur atvinnulífsins í Reykjavík sé fjölbreytni þess, sem nauðsynlegt sé að viðhalda og rækta. Breytingar á atvinnuháttum á síðustu áratugum gefa einnig tilefni til þéttari og blandaðri borgarbyggðar. Ýmiss konar starfsemi fer fram í atvinnuhúsnæði innan íbúðahverfa í Reykjavík en atvinnustarfsemi á heimilum getur einnig aukið mannlíf í hverfum og fjölgað atvinnutækifærum. Með því að skýra heimildir fyrir slíka starfsemi, innan ákveðinna marka, er stutt við fjölbreytt atvinnu- og mannlíf í hverfum.

Stefna

- Heimila minni háttar starfsemi innan íbúðabyggðar.
- Starfsemi í tengslum við húsnæði fyrir fatlað fólk er heimiluð.
- Samþykkja samhliða hverfisskipulagi leiðbeiningar um starfsemi innan íbúðabyggðar.

Mynd 5.2

Skýringarmynd. Dæmi um útfærslu Hylja til framtíða sem blönduð byggð, með áherslu á íbúðir á efri hæðum og verslun og þjónustu á neðri hæðum, ásamt bættri lóðarhönnun og fegrunar umhverfis. Teikning: Trípólí Arkitektar.





GÆÐI BYGGÐAR

Stefna og áherslur í þessum málafllokki ná yfir þróun byggðar á vistvænum forsendum, verndun og styrkingu byggðamynsturs, eflingu almenningsrýma og varna gegn hávaða og loftmengun meðfram stofnbrautum.

Þróun byggðar á vistvænum forsendum

Í *Gátlista um vistvæna byggð*, sem skv. aðalskipulagi skal liggja til grundvallar hverfisskipulagi, er m.a. lögð áhersla á að skoða innan viðkomandi hverfa þætti sem varða vistvæna þróun í hönnun og arkitektúr. Áhersla er lögð á að við val á byggingarefnum og tæknilegum útfærslum sé hugað að því að gera byggingar vistvænni.

Stefna

Stefnt er að því að þróa byggð á vistvænum forsendum með eftirfarandi aðgerðum:

- Skilgreina nýja skilmála fyrir gróna byggð sem heimila ýmsar viðbætur og breytingar á húsnæði og lóð.
- Samþykkja samhliða hverfisskipulagi leiðbeiningar sem skýra hvernig skuli útfæra nýja skilmála, t.d. um viðbyggingar, hönnun lóða, starfsemi o.s.frv., sbr. kafla 2 í þessari bók þar sem tilgangur og gildi leiðbeininga er útskýrt.



Mynd 5.3

Skýringarmynd. Dæmi um útfærslu almenningsrýma. Mynd: DLD



Gæði byggðar

7.1

Ártúnsholt

Stefnt er að grænni og vistvænni byggð með nýjum skilmálum fyrir hverfið og samþykkt sérstakra leiðbeininga um grænar áherslur hverfisskipulags.

Hugað er að gæðum byggðar og staðaranda með verndun byggðarmynsturs og staðaranda, sem nánar er gerð grein fyrir í stefnu um vistkerfi og minjar.

Almenningasrými eru eflað með því að skipuleggja sérstakt hverfistorg við Streng ásamt fegrun og endurhönnun borgargötu.

Nýir skilmálar og leiðbeiningar gera ráð fyrir aukinni trjá- og gróðurækt.

Settir eru skilmálar um leiðbeinandi legu hljóðvarna meðfram Vesturlandsvegi og Höfðabakka.

Einnig eru settir skilmálar og leiðbeiningar um kyrrlátt svæði, sem ætlað er til dvalar og slökunar á opnu svæði í skjóli frá helstu umferðarleiðum.



Opin svæði

H Hverfisgarður

L Leiksvæði

D Dvalarsvæði

K Kyrrlátt svæði



Hverfistorg



Hljóðvarnir



Efling almenningsrýma

Almenningsrými eru götur, opin svæði, hverfisgarðar, leiksvæði, dvalarsvæði og hverfistorg. Í stefnu um samgöngur er gerð grein fyrir göngu- og hjólastigum.

Í *Gátlista um vistvæna byggð* í gildandi aðalskipulagi segir að torg og önnur almenningsrými eigi að vera áhugaverðir áfangastaðir sem geri borgarbúum kleift að halda viðburði og njóta lífsins. Þau séu mikilvæg til að viðhalda mannlífi og þjónustu og auki umhverfisgæði hverfisins. Í heildarskipulagi opinna svæða, sem uppfært var samhliða gerð aðalskipulagsins, er leitast við að skilgreina, styrkja og bæta núverandi útivistarsvæði og flokka þau eftir eðli, hlutverki og notkun. Þá er í aðalskipulagi sérstakur kaffi um borgarbúskap og leiðir til að efla hann og kveðið á um að í hverfis- og deiliskipulagi verði nánar fjallað um útfærslu borgarbúskapar.

Stefna

- Móta nýja skilmála fyrir almenningsrými í hverfinu, flokka opin svæði eftir mismunandi notkun og skilgreina almenningsrými á skipulagsupprætti hverfisskipulags.
- Merkja á skipulagsupprætt kyrrlátt svæði og móta skilmála fyrir það. Kyrrlátt svæði er opið svæði sem ætlað er til dvalar og slökunar í skjóli frá helstu umferðarleiðum og þar sem hljóðstig fer ekki yfir tiltekin mörk. Kyrrlátt svæði verður skilgreint sunnan við hverfisgarðinn milli Seiðakvísar og Silungakvísar, skilmálaeining 7.1.11.
- Byggja upp hverfistorg við Streng sem verður hluti af endurhönnun götunnar. Umhverfi götunnar verður fegrað með trjágróðri, bættri lýsingu, bekkjum og öðrum götugögnum. Hönnun skal vera vönduð og taka mið af sérkennum hverfisins.
- Heimila matjurtagarða á borgarlandi.
- Setja skilmála um algilda hönnun almenningsrýma til að tryggja aðgengi allra óháð hreyfigetu.
- Samþykkja samhliða hverfisskipulagi leiðbeiningar um almenningsrými sem skýra hvernig skuli útfæra nýja skilmála.

- Breyta götum og bílastæðum við skilgreindar borgargötur með áherslu á opin almenningsrými og skilyrði fyrir fjölbreytta ferðamáta.
- Samþykkja leiðbeiningar um borgargötur samhliða hverfisskipulagi.
- Nánari umfjöllun um borgargötur er í kaflanum um SAMGÖNGUR.

Hljóðvist og loftmengun

Samkvæmt markmiðum umhverfis- og auðlindastefnu aðalskipulags skal skipulagi þannig háttað að hljóðvist og loftgæði séu sem best á hverjum stað. Þá skal efla þjónustu vistkerfa sem hafa jákvæð áhrif á loftslag og loftgæði. Einnig segir að skilgreina skuli kyrrlát svæði og setja viðmið til að mæla hljóðvist utandyra.

Stefna

Stefnt er að bættri hljóðvist og loftgæðum með eftirfarandi aðgerðum:

- Afmarka svæði meðfram Vesturlandsvegi og Höfðabakka þar sem gert er ráð fyrir hljóðvörnum.
- Setja kilmála fyrir aukna trjá- og gróðurrækt meðfram stofnbrautum í hverfinu.
- Skilgreina á skipulagsupprætti hverfisins kyrrlátt svæði sunnan við hverfisgarð milli Seiðakvísar og Silungakvísar, skilmálaeining 7.1.11 (sjá einnig umfjöllun um Almenningsrými).

Mynd 5.4

Ljósmynd: Leiksvæði.

Mynd: DLD.



SAMGÖNGUR

Stefna og áherslur í þessum málaflokk ná yfir göngu- og hjólastíga, tengingar við hverfið, almenningsamgöngur og akandi umferð.

Borgargötur

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 er sett fram ný sýn á götuna og hugtakið borgargata m.a. skilgreint. Borgargötur eru lykilgöturnar í hverju hverfi og skulu njóta forgangs við endurhönnun og fegrun sem almenningsrými og umferðaræð fyrir alla ferðamáta. Í hverfisskipulagi á að hanna borgargöturnar innan hverfanna heildstætt með aðliggjandi byggð. Meginmarkmiðið er að endurskilgreina götuna sem fjölbreytilegt almenningsrými sem gegnir mikilvægu hlutverki við framtíðarþróun borgarinnar.

Í aðalskipulagi er gatan Strengur skilgreind sem borgargata og lögð sérstök áhersla á endurskilgreiningu og endurhönnun götunnar fyrir alla samgöngumáta, með hverfistorgi og helstu innviðum sem íbúar þurfa að sækja, svo sem lykilstoppistöð fyrir almenningsamgöngur, grenndarstöð, rafhleðslustöðvum og stæðum fyrir deilibíla.

Stefna

Stefnt er að því að styrkja götuna Streng og umhverfi hennar með eftirfarandi aðgerðum:

- Skilgreina götuna sem borgargötu í hverfisskipulagi.
- Endurhanna og fegra götuna, sjá einnig stefnu um GÆÐI BYGGÐAR.
- Gera ráð fyrir öllum samgöngumátum í skilmálum fyrir götuna.
- Staðsetja við götuna þjónustuinnviði á borð við lykilstoppistöð fyrir almenningsamgöngur, grenndarstöð, rafhleðslustöðvum og stæðum fyrir deilibíla.
- Veita heimild fyrir staðsetningu matarvagna og söluhúsa, sjá einnig stefnu um SAMFÉLAG.

- Samþykkja samhliða hverfisskipulagi leiðbeiningar um borgargötur.
- Setja skilmála um algilda hönnun gatna, stíga og gangstétta til að tryggja aðgengi allra óháð hreyfigetu.



Mynd 5.5

Skýringamynd. Dæmi um aðskilda göngu og hjólastíga. Mynd: DLD.



Samgöngur

Ártúnsholt

Stefnan er að gera Streng að borgargötu með endurhönnun, fegrun og nýju hverfistorgi. Þar er gert ráð fyrir lykil strætóstöð, grenndarstöð, rafhleðslustöðvum og deilibílum. Stefnt er að því að fjölga ekki bílstæðum í hverfinu.

Núverandi gönguleiðir eru festar í sessi og nýjar gönguleiðir skilgreindar um Árbæjarsafn og meðfram Vesturlandsvegi. Hjólastígar í hverfinu eru skilgreindir og afmarkaðir á hverfisskipulagsupprætti.

Stefnt er að göngubrú yfir Ártúnshöfða og nýjum undirgöngum við Vesturlandsveg ásamt endurbótum á undirgöngum við Höfðabakka.

 Gönguleiðir

 Nýjar gönguleiðir

 Nýir hjólastígar

 Nýir hjólastígar

 Nýir hjólastígar

 Tengingar við hverfið

 Borgargötur

 Lykil stöðvar og/eða leiðir almenningssamgangna



Vistvænir samgöngumátar

Efling vistvænna ferðavenja er leiðarljós í allri stefnumörkun Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030. Lykillinn að því að ná árangri við að breyta ferðavenjum er að tryggja samspil ákvarðana um þéttingu byggðar og umbætur sem varða almenningssamgöngur, hjólréiðar og gangandi vegfarendur. Í almennum markmiðum aðalskipulagsins fyrir borgarhluta 7 segir að við hönnun og útfærslu hjólaleiða verði tekið mið af markmiðum og ákvæðum *Hjólréiðaáætlunar Reykjavíkur*.

Stefna

Stefnt er að bættum aðbúnaði fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, sbr. eftirfarandi aðgerðir:

- Festa í sessi lykildöguleiðir á skipulagsuppdrætti hverfisins.
- Veita heimild fyrir nýjum göngustígum um Árbæjarsafn þar sem gamli Suðurlandsvegurinn lá áður. Í samráði við stjórnendur Árbæjarsafns verður stígurinn opinn um safnasvæðið. Stígurinn gegnir lykilhlutverki við að tengja Ártúnsholt við Árbæ gegnum endurbætt undirgöng undir Höfðabakka.
- Byggja göngubrú yfir Vesturlandsveg sem bætir göngu- og hjólatengsl íbúa í Ártúnsholti við verslun og þjónustu á Bíldshöfða. Ekki er gert ráð fyrir þessari framkvæmd í gildandi aðalskipulagi en hún verður tekin með í breytingum á aðalskipulagi sem eru í vinnslu.
- Byggja ný undirgöng undir Höfðabakka sem bæta göngu- og hjólatengsl Ártúnsholts við atvinnusvæði á Hálsum. Ekki er gert ráð fyrir þessari framkvæmd í gildandi aðalskipulagi en hún verður tekin með í breytingum á aðalskipulagi sem eru í vinnslu.
- Skilgreina á hverfisskipulagsuppdrætti hjólréiðastígakerfi sem tengir hverfið við aðliggjandi hverfi, verslun og þjónustu.
- Skilgreina helstu tengingar við hverfið.
- Staðsetja lykilstoppistöð almenningssamgangna við Streng.
- Staðsetja stæði fyrir deilibíla við Streng.
- Setja skilmála um algilda hönnun biðstöðva almenningssamgangna til að tryggja aðgengi allra óháð hreyfigetu.

Bílastæði

Markviss stefna í bílastæðamálum er í samræmi við áherslur aðalskipulagsins um þéttari byggð, aukin gæði byggðar og eflingu almenningssamgangna. Stefna hverfisskipulags í málaflöknum tekur mið af ákvæðum aðalskipulags í kaflanum um vistvænar samgöngur.

Stefna

- Yfirfæra skilmála um bílastæði úr eldra deiliskipulagi.
- Fjölga ekki bílastæðum í hverfinu nema lítillaga þó að íbúðum fjölgi þannig að hlutfall bílastæða á íbúð verði ekki hærra en það er í dag.
- Skilgreina í skilmálum bílastæðaviðmið sem taka mið af bílastæðastefnu aðalskipulags Reykjavíkur.
- Fjölga ekki bílastæðum vegna aukaíbúða eða starfsemi í íbúðarhúsnæði.
- Heimila fjölgun bílastæða um að hámarki eitt fyrir hverja nýja séríbúð.
- Afleggja stór bílastæði við Straum/Vesturlandsveg.



Mynd 5.6
Flygildi.





VISTKERFI OG MINJAR

Stefna og áherslur í þessum málaflokki ná til vistkerfa, meðhöndlunar ofanvatns, verndunar menningar- og fornminja og náttúrusérkenna.

Umhverfis- og auðlindastefna Aðalskipulags Reykjavíkur 2010–2030 er sett fram í níu málaflokkum og hefur m.a. að markmiði að efla þjónustu vistkerfa og líffræðilegan fjölbreytileika í borginni og þar með auka umhverfisgæði. Markmið í trjárækt eru einnig sett fram í aðalskipulagi. Þar segir m.a. að efla skuli trjárækt innan marka þéttbýlis, hvetja til ræktunar á einkasvæðum og styrkja ákvæði um ræktun og skjólmyndun í skilmálum deiliskipulags og byggingarskilmálum.

Stefna

Stefnt er að því að viðhalda fjölbreyttum gróðri í hverfinu og styðja við frekari gróðurrækt á einkalóðum og borgarlandi með eftirfarandi aðgerðum:

- Setja fram í öllum skilmálaeiningum skilmála sem vernda núverandi gróður og tré fyrir órökstuddu raski.
- Samþykkja leiðbeiningar um frágang lóða samhliða hverfisskipulagi.
- Samþykkja leiðbeiningar um almenningsrými samhliða hverfisskipulagi.
- Vernda sérstakar náttúruminjar í skilmálum og á hverfisskipulagsupprætti.
- Setja fram skilmála sem er ætlað að vernda Elliðaárdal fyrir mengun og raski í skilmálaeiningum byggða sem liggja næst dalnum.



Vistkerfi og minjar

Ártúnsholt

Stefnt er á að verja vistkerfi í hverfinu með því að styðja við fjölbreyttan gróður og verja núverandi gróðurfur fyrir órókstuddu raski. Sérstakar náttúruminjar eru skilgreindar og verndaðar.

Stefnt er að því að ofanvatn verði meðhöndlað með blágrænum ofanvatnslausnum, eftir því sem við á og að gegndræpt yfirborð í hverfinu haldi sér.

Hverfisvernd er sett á ákveðin svæði og/ eða hús til að vernda sérkenni byggðarinnar. Friðuð og friðlýst hús ásamt fornminjum eru merkt inn á stefnukort, þar sem við á.



Náttúrusérkenni



Lágmarksgegndræpi og blágrænar ofanvatnslausnir



Hverfisvernd

- E** Einstök hús, húsaðir og götumyndir
- S** Samstæður húsa og heildir



Friðuð hús



Friðlýst hús



Fornleifar og yngri minjar



Blágrænar ofanvatnslausnir


Í *Gátlista um vistvæna byggð* í gildandi aðalskipulagi, í kafla um vistkerfi og minjar, er lögð áhersla á að rétt meðhöndlun ofanvatns geti skipt sköpum fyrir vistkerfi bæði innan og utan marka borgarinnar. Því séu vistvænar útfærslur á fráveitukerfum og ofanvatnslausnum mikilvægir þættir við útfærslu vistvænna hverfa.

Mikilvægt er að við þróun byggðar sé blágrænum ofanvatnslausnum beitt til að hægja á rennsli og hreinsa ofanvatn af þökum og hörðu yfirborði áður en það er leitt í viðtaka. Huga þarf vel að flóðaleiðum til að veita vatni í farveg við úrkomuákefð til að forðast flóð og tjón af völdum þess.

Stefna

Stefnt er að því að nýjar framkvæmdir minnki ekki gegndræpt yfirborð í hverfinu og að meðhöndlun ofanvatns styðjist við náttúrulegar lausnir, sbr. eftirfarandi aðgerðir:

- Setja fram í öllum skilmálaeiningum skilmála um meðhöndlun ofanvatns á opnum svæðum og einkalóðum.
- Tryggja við breytingar á landnotkun flóðaleiðir til að auka seiglu svæðisins m.t.t. aukinnar úrkomu og mögulegra flóða vegna loftslagsbreytinga.
- Setja skilmála um notkun blágrænna ofanvatnslausna við breytingar eða nýja uppbyggingu.
- Gæta að því að heimildir um aukið byggingarmagn valdi því ekki að afrennslisstuðull lóðar hækki heldur sé unnið á móti auknu byggingamagni með blágrænum ofanvatnslausnum (þ.m.t. gegndræpu yfirborði) innan lóðar sem því nemur.
- Samþykkja samhliða hverfisskipulagi leiðbeiningar um blágrænar ofanvatnslausnir.



Mynd 5.7

Skýringarmynd. Dæmi um blágrænar ofanvatnslausnir.
Teikning: Trípólí Arkitektar.

Verndarákvæði

Í gildandi aðalskipulagi er sérstakur kaffi um borgarvernd þar sem sett eru markmið sem ætlað er að vernda staðbundin, söguleg og listræn sérkenni í húsagerð og skipulagi við þróun og endurskipulagningu byggðarinnar. Þar er kveðið á um að í hverfisskipulagi skuli móta tillögur um verndun í einstökum hverfum, s.s. verndun stakra húsa, húsaraða og húsasamstæða, og skulu tillögurnar byggja á byggða- og húsakönnunum Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Stefna

Stefnt er að því að vernda og styrkja byggðamynstur og staðaranda Ártúnsholts með eftirfarandi aðgerðum:

- Gera grein fyrir sérstökum byggðareinkennum í hverfisskipulagi, eftir því sem á við, sem lóðarhöfum ber að taka tillit til við breytingar á húsnæði.
- Setja hverfisvernd á þyrpingu verkamannabústaða við Álakvísl, skilmálaeining 7.1.7.
- Setja hverfisvernd á þyrpingu húsa við Rafstöðvarveg (starfsmannahús Rafmagnsveitu Reykjavíkur og hús á Ártúnsblettum) sem lagt er til að verði hluti af stærra hverfisvernduðu svæði rafstöðvarinnar í Elliðaárdal og bæjarstæðis Ártúns, skilmálaeining 7.1.12.
- Setja hverfisvernd á safnsvæði Árbæjarsafns sem minjaheild þar sem bæði er að finna fornminjar og menningarlandslag sem tilheyra gamla Árbænum og safnhús og skipulag eins elsta útisafns landsins. Lagt er til að hverfisverndin nái einnig til húss við Rafstöðvarveg 41 (Árbæjarblettur 13) sem hefur tengingu við sögu Árbæjar, skilmálaeining 7.1.14.

Fornleifar

Fornleifar eru skráðar innan marka hverfisskipulags í Ártúnsholti.

Stefna

- Gera grein fyrir þekktum fornleifum í þeim skilmálaeiningum þar sem þær er að finna.
- Merkja þekktar fornleifar á hverfisskipulagsupprátt.

Náttúrusérkenni

Í markmiðum umhverfis- og auðlindastefnu aðalskipulagsins er kveðið á um að umhverfisúttekt verði hluti af skipulagsvinnu og að verndun náttúruauðs og umhverfisgæða í borginni njóti forgangs.

Náttúrusérkenni eru til staðar innan hverfisskipulags Ártúnsholts, m.a. stórt grágrýtisholt með mólendisgróðri og sýnilegum jökulrákum.

Stefna

- Gera grein fyrir mikilvægum náttúrusérkennum í þeim skilmálaeiningum þar sem þær er að finna.
- Merkja náttúrusérkenni á hverfisskipulagsupprátt.
- Kveða á um varðveislu náttúrusérkenna í skilmálum.



ORKA OG AUÐLINDIR

Stefna og áherslur í þessum málaflokki taka til meðhöndlunar á úrgangi, veitukerfa, vistvænna orkugjafa ásamt kolefnisbindingar og landnýtingar.

Markmið umhverfis- og auðlindastefnu aðalskipulagsins eru m.a. bætt landnýting, aukin kolefnisbinding og aukin notkun á innlendum vistvænum orkugjöfum. Einnig að komið sé í veg fyrir sóun á heitu og köldu vatni og að dregið verði úr úrgangi til urðunar og að endurnýting og endurvinnsla sé aukin.

Stefna

Stefnt er að því að bæta aðstæður fyrir notkun vistvænna orkugjafa, auka þjónustu við meðhöndlun á úrgangi, auka kolefnisbindingu og bæta landnýtingu með eftirfarandi aðgerðum:

- Staðsetja grenndarstöð miðlægt í hverfinu og festa hana í sessi á hverfisskipulagsuppdrætti og í skilmálum.
- Staðsetja hleðslustöðvar fyrir rafbíla miðlægt í hverfinu. Staðsetning þarf að taka mið af núverandi dreifikerfi rafmagns.
- Heimila húseigendum í öllum gerðum íbúðarhúsa í hverfinu að byggja úrgangsskýli á lóð og bæta aðstæður fyrir meðhöndlun úrgangs.
- Setja fram skilmála sem vernda núverandi gróður fyrir órökstuddu raski og stuðla að frekari gróður- og trjárækt við nýja uppbyggingu m.a. til að auka kolefnisbindingu.
- Bæta landnýtingu með fjölgun íbúða og þéttingu byggðar, sbr. stefnu um SAMFÉLAG.
- Taka tillit til staðsetningu stofnlagna hitaveitu, kalds vatns og rafmagns við þéttingu byggðar.



Mynd 5.8

Skýringarmynd. Dæmi um innviði sem eykur gæði byggðar: Flokkun úrgangs og langtíma hjólageymslur. Mynd: DLD.



Mynd 5.9

Skýringarmynd. Dæmi um útfærslu grenndarstöðvar. Mynd: DLD.



Orka og Auðlindir

7.1

Ártúnsholt

Stefnt er að því að bæta aðstæður fyrir meðhöndlun úrgangs með því að staðsetja grenndarstöðvar miðsvæðis í hverfinu, heimila húseigendum að reisa stærri úrgangsskýli á eigin lóð og bæta aðstæður fyrir flokkun.

Stefnt er að því að koma upp aðstöðu fyrir rafbíla og deilbíla miðsvæðis í hverfinu.

Taka skal tillit til stofnlagna, fráveitu, hitaveitu, vatnsveitu og rafmagns sem merkt eru sem Veitukerfi á stefnukort og hverfisskipulgasupprátt.



Grenndarstöðvar



Hleðslustæði



Deilibílar



Veitukerfi



MANNVIRKI


Stefna og áherslur í þessum málaflokki taka til mannvirkja í hverfinu, eldri byggingarheimilda og útfærslu nýrra byggingarheimilda í hverfisskipulagi með nýjum byggingarreitum.

Í *Gátlista um vistvæna byggð* er lögð áhersla á að skoða þætti sem varða vistvæna þróun mannvirkja. Byggingar og önnur mannvirki eru viðamiklir notendur náttúrulegra auðlinda og stór hluti losunar gróðurhúsalofttegunda kemur frá byggingum og framleiðslu byggingarluta.

Stefna

Stefnt er að því að gera mannvirki í hverfinu vistvænni með eftirfarandi aðgerðum:

- Yfirfæra eldri byggingarheimildir í nýja skilmála í nýju hverfisskipulagi fyrir hverfið.
- Byggingarreitir við íbúðarhús eru stækkaðir til að skapa skilyrði fyrir nýbyggingar, minni viðbyggingar og ofanábyggignar við fjölbýlishús.
- Byggingarreitir á miðsvæðum eru stækkaðir til að skapa skilyrði fyrir þrópun byggðarinnar.
- Byggingarreitir fyrir viðbyggingar og lausar kennslustofur er skilgreindur á lóðum leikskóla, grunnskóla og samfélagsþjónustu.
- Veita nýjar byggingarheimildir fyrir gróna byggð, til dæmis:
 - Viðbætur og viðbyggingar.
 - Svalir og kvisti.
- Innréttingu aukaíbúða í stærri sérbýlishúsum þar sem aðstæður og aðbúnaður leyfi.
- Samþykkja samhliða hverfisskipulagi leiðbeiningar fyrir breytingar, viðbætur, endurbætur á eldri mannvirkjum og fjölgun íbúða.



Mynd 5.10

Skýringarmynd. Dæmi um breytingar og viðbætur á sérbýli.
Teikning: Trípólí Arkítæktar.



Mannvirki

Ártúnsholt

Stefnt er að því að mannvirki í hverfinu verði sem mest vistvæn, sjálfbær og að líftími þeirra verði sem lengstur.

Samþykktar eru nýjar heimildir sem gera íbúum kleift að byggja, breyta, þróa og viðhalda núverandi húsnæði, t.d. með því að byggja svalir, kvisti, viðbyggingar eða breyta þaki. Jafnframt eru samþykktar nýjar leiðbeiningar hverfisskipulags um breytingar á íbúðarhúsnæði sem er ætlað að aðstoða íbúa og einfalda málsmeðferð hjá borginni.

Ónýttar heimildir úr eldri skipulagsáætlunum eru færðar yfir í nýtt hverfisskipulag.



Mannvirki

Viðbætur, breytingar og viðbyggingar



NÁTTÚRUVÁ

Stefna og áherslur í þessum málaflokki ná yfir flóðahættu, ofanflóð og aðrar náttúruhamfarir, m.a. vegna versnandi veðurfars í kjölfar loftslagsbreytinga.

Í *Gátlista um vistvæna byggð* er lögð áhersla á að skoða þætti sem varða vistvæna þróun byggðar í tengslum við náttúruvá.

Hætta vegna náttúruvá er talin lítil í hverfinu. Aðgerðir til að bregðast við náttúruvá vegna tíðari óveðra í framtíðinni felast í því að nota tré og gróður til að binda jarðveg, tempra vind og auka skjól til að hlífa fólki og byggingum.

Stefna

Stefnt er að því að beita gróðurrækt og vistvænum lausnum til að lágmarka hættu á því að vindur og úrkoma valdi skaða, sbr. eftirfarandi aðgerðir:

- Setja fram skilmála í hverfisskipulagi sem verndar núverandi gróður í hverfi og styður við frekari gróðurrækt sjá einnig stefnu um VISTKERFI OG MINJAR.
- Beita blágrænum ofanvatnslausnum til þess að takast á við aukna úrkomu vegna loftslagsbreytinga, sjá einnig stefnu fyrir ORKU OG AUÐLINDIR.





Náttúruvá

Ártúnsholt

Stefnt er að mótvægisáðgerðum gegn náttúruvá með því að heimila frekari trjá- og gróðurækt til þess að binda jarðveg, tempra vind og auka skjól.

Stefnt er að því að meðhöndla ofanvatn með blágrænum ofanvatnslausnum.

Rask á gróðri verður ekki heimilað án rökstuðnings og mótvægisáðgerða.



Tré og gróður

Mótvægisáðgerðir vegna náttúruvá





6

Umhverfismat Ártúnsholts

EFNISYFIRLIT

6.1 Almenn

6.2 Inngangur

6.3 Efni og helstu stefnumið áætlunarinnar

6.4 Helstu umhverfisáhrif

6. Umhverfismat Ártúnsholts

6.1 Almennt

Ártúnsholt er eitt fjögurra hverfa í borgarhluta 7, Árbæ. Um er að ræða vestasta hluta borgarhlutans sem afmarkast af Höfðabakka til austurs, Vesturlandsvegi til norðurs og gildandi deiliskipulagi Elliðaárdals til suðurs og vesturs. Landi hallar til suðurs og vesturs að Elliðaárdal og Ártúnsbrekku.

Uppbygging í Ártúnsholti hófst upp úr 1980. Um er að ræða lágreista byggð, eins til tveggja hæða sérbýlishús og allt að þriggja hæða fjölbýlishús. Við Rafstöðvarveg er byggð frá fyrri tíð sem reis í tengslum við orkuframleiðslu í Elliðaánum. Hverfið er í góðum tengslum við stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins og verðmæt útivistarsvæði Elliðaárdalsins.

Í hverfinu eru skilgreindar þrettán skilmálaeiningar, 7.1.1–7.1.14. Skilmálaeining er samstæður hverfishluti, t. d. þar sem í gildi eru hliðstæð skipulagsákvæði. Skilmálaeiningunum eru gerð ítarleg skil í skilmálum í bók II. Með markvissum ákvæðum í skilmálum er m.a. leitast við að einfalda málsmeðferð byggingarleyfisumsókna vegna minniháttar breytinga.

Mynd 6.1

Ártúnsholt afmarkað á loftmynd.



6.2 Inngangur

Markmið laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum með því að taka tillit til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð. Það skal gert með umhverfismati tiltekinn skipulags- og framkvæmdaáætlana stjórnvalda sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið.

Ákvæði laga um umhverfismat áætlana gilda um umhverfismat þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í viðaukum í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í skipulagslögum nr. 123/2010 (12. gr.) er auk þess ákvæði þess efnis að við gerð skipulagsáætlana skuli gera grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma við umhverfismat áætlunarinnar, ef við á. Þá skal jafnframt hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við gerð skipulagsáætlana.

Í þeirri hverfisskipulagsáætlun sem hér um ræðir er ekki mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í fyrrnefndum viðaukum í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Enda þótt allar meginforsendur hverfisskipulagsáætlunarinnar liggi fyrir í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030 er hér sett fram mat á þeim umhverfisþáttum sem máli skipta.

Hverfisskipulag Ártúnsholts mun leysa af hólmi gildandi deiliskipulagsáætlanir hverfisins.

Umhverfismat þetta tekur aðeins til þeirra breytinga á gildandi deiliskipulagsáætlunum sem hverfisskipulagsáætlunin hefur í för með sér.

6.3 Efni og helstu stefnumið áætlunarinnar

Stefnumið áætlunarinnar eru í samræmi við stefnu fyrir borgarhlutann í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030, greiningu á visthæfi hverfisins, sbr. kafla 3.3, niðurstöður samráðs, sbr. kafla 4 í bók I og greinargerð um samráð sem er fylgiskjal hverfisskipulagsins.



SAMFÉLAG

Fjölgun íbúða, einkum lítilla og meðalstórra

Blönduð landnotkun, þ.á m. nærþjónusta á miðsvæði, Nethylur–Stangarhylur

Markmiðið er að auðvelda íbúum hverfisins aðgengi að nærþjónustu í ásættanlegri fjarlægð frá heimili.

Bættar tengingar við Árbæjarhverfið og borgarhlutakjarnann í Árbæ og önnur aðlæg hverfi

Markmiðið er að bæta félagslegt öryggi með því m.a. að auðvelda íbúum hverfisins aðgengi að fjölbreyttri þjónustu í aðlægum hverfum. Nánari umfjöllun er í liðnum SAMGÖNGUR.

Áætlunin gerir ráð fyrir eftirfarandi aðgerðum:

Þétting byggðar á miðsvæði, Nethylur–Stangarhylur

Í skilmálaeiningu 7.1.9, Nethylur–Stangarhylur, á miðsvæði við gatnamót Vesturlandsvegur og Höfðabakka, gerir áætlunin ráð fyrir talsverðum breytingum á landnotkun, nýtingu og byggðarmynstri. Ráðgert er að þetta byggðina, hækka byggingar og stækka. Stefnt er að blandaðri byggð með þjónustuhúsnæði af ýmsu tagi ásamt skrifstofum og íbúðum á efri hæðum. Svæðið er í góðum tengslum við stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins og skipulagið gerir ráð fyrir að göngu- og hjólaleiðir verði bættar.

Mynd 6.2

Ártúnsholt séð úr suðri.



Íbúðum fjölgað í stórum sérbylishúsum

Heimilað er að bæta við einni aukaíbúð í stórum sérbylishúsum, þar sem aðstæður leyfa. Gerð er grein fyrir þessum heimildum í skilmálalið um fjölgun íbúða fyrir einstakar skilmálaeiningar. Óvissa er um hversu mikla fjölgun þessi heimild hefur í för með sér því vitað er að húseigendur hafa í talsverðum mæli nú þegar innréttað litlar íbúðir án þess að hafa til þess heimildir í skipulagi. Einnig er vert að nefna að gerð aukaíbúða innan núverandi íbúðarhúsnæðis, þarf ekki að leiða til fjölgunar íbúa ef gengið er út frá að meðalfjöldi fermetra á hvern íbúa haldist nokkuð stöðugur. Líklegt er einnig að fjölgun aukaíbúða í hverfinu verði hægfara þróun sem verði vöktuð, sbr. áform sem lýst er að framan og í kafla 5 í umfjöllun um vöktun. Þessi vöktun gerir það síðan mögulegt að bregðast við ef fjölgun íbúa fer að hafa áhrif á innviði.



GÆÐI BYGGÐAR

Almenningsrými

Markmiðið er að almenningsrými verði eflað og aðgengi fyrir alla tryggt með því að byggja á aðferðafræði algildrar hönnunar.

Markmiðið er að tillit sé tekið til staðarandans í hverfinu.

Markmiðið er að gera umhverfið öruggara og meira aðlaðandi og hvetja þannig til heilsueflandi útivistar og hreyfingar.

Markmiðið er að stuðla að lífræðilegri fjölbreytni, s.s. með skilmálum um viðhald og ræktun fjölbreytts gróðurs.

Útfærsla lóða

Markmiðið er að útfærslur lóða séu með þeim hætti að gæði þeirra séu sem mest.

Markmiðið er að stuðla að lífræðilegri fjölbreytni, s.s. með skilmálum um viðhald og ræktun fjölbreytts gróðurs.

Hávaðavarnir og skjólmyndun

Markmiðið er að hljóð- og loftmengun sé haldið í lágmarki.

Áætlunin gerir ráð fyrir eftirfarandi aðgerðum:

Efling almenningsrýma

Almenningsrými eru opin svæði, þ.á m. hverfisgarður í syðri hluta hverfisins og torg og dvalarsvæði við Streng sem gerður er að borgargötu. Í því felst m.a. mótun hverfistorgs og kyrrláts svæðis og uppsetning grenndarstöðvar, hleðslustöðvar fyrir rafbíla og stæða fyrir deilibíla. Umhverfi Strengs verður fegrað með trjágróðri, betri lýsingu, bekkjum og öðrum götugögnum. Við hönnun almenningsrýma er gerð krafa um að fylgt verði viðurkenndum leiðbeiningum um algilda hönnun til að tryggja aðgengi fyrir alla.

Útfærsla lóða

Settir eru skilmálar um útfærslu lóða og lóðamarka þar sem kveðið er á um vandaðan frágang og verndun gróðurs á lóðum.

Gróður

Til þess að viðhalda og auka við fjölbreyttan gróður bæði á opnum svæðum og lóðum eru settir skilmálar sem eru útfærðir nánar í leiðbeiningum hverfisskipulags. Aukinn trjágróður veitir meira skjól, bindur jarðveg og skapar aðstæður fyrir lífræðilega fjölbreytni.

Bættar hljóðvarnir meðfram stofnbrautum

Umferðarhávaði berst inn í hverfið frá aðliggjandi stofnbrautum, Vesturlandsvegi og Höfðabakka. Í hverfisskipulaginu eru merktar leiðbeinandi staðsetningar fyrir hljóðvarnir meðfram stofnbrautum. Um er að ræða jarðvegsmanir eða aðrar hljóðvarnir ásamt því að gert er ráð fyrir að gróðursetja tré og runna til þess að fegra umhverfið, sem einnig stuðlar að aukinni skjólmyndun.

Borgarbúskapur

Í samræmi við áherslur um sjálfbærari og vistvænni hverfi verður búið í haginn fyrir borgarbúskap og matjurtarækt bæði á borgarlandi og á lóðum.

**SAMGÖNGUR****Borgargata við Streng****Bættar almenningsamgöngur**

Markmiðið er að stuðla að aukinni notkun almenningsamgangna.

Hjóla- og göngustígar, tengingar við aðlæg hverfi

Markmiðið er að fjölga gangandi og hjólandi vegfarendum með því að bæta göngu- og hjólaleiðir í hverfinu og tengingar við nærliggjandi hverfi, græn svæði og Elliðaárdalinn og gera göngur og hjólreiðar öruggari.

Bílastæði

Markmiðið er að draga úr umfangi þeirra svæða sem fara undir bílastæði.

Áætlunin gerir ráð fyrir eftirfarandi aðgerðum:**Borgargötur**

Gert er ráð fyrir endurhönnun Strengs á grundvelli hugmyndafræði um borgargötur og leiðbeininga hverfisskipulags. Í því felst m.a. mótun hverfistorgs og uppsetning grenndarstöðvar, hleðslustöðvar fyrir rafbíla og stæða fyrir deilibíla. Meðal annarra aðgerða er fegrin með gróðri, endurbætur á lýsingu, vönduð og fjölbreytt notkun yfirborðsefna og uppsetning götugagna.

Almenningsamgöngur

Lykilstöðvar almenningsamgangna eru skilgreindar í hverfisskipulagi. Gert er ráð fyrir að fjölga biðstöðvum við Streng og að tryggja aðgengi allra að biðstöðvum óháð hreyfigetu einstaklinga. Gert er ráð fyrir að á skipulagstímanum muni þjónusta Strætó bs. batna, s.s. með aukinni tíðni ferða og lengri þjónustutíma.

Göngu- og hjólastígar

Gert er ráð fyrir að umferð gangandi og hjólandi vegfarenda sé aðskilin á helstu stofnleiðum. Einnig er gert ráð fyrir nýjum stígatengingum til að þetta net samgönguleiða fyrir gangandi og hjólandi. Það verði meðal annars gert með nýjum göngustíg um Árbæjarsafn, að hluta til þar sem gamli Suðurlandsvegurinn lá áður og er enn sýnilegur. Í skilmálum fyrir götur, stíga og gangstéttir er gerð krafa um að viðurkenndum leiðbeiningum um algilda hönnun sé fylgt til að tryggja aðgengi fyrir alla.

Bílastæði

Í samræmi við stefnu aðalskipulagsins er miðað við 1,5 bílastæði á íbúð. Bílastæði fyrir stóra bíla við Straum verða aflögð, sem er í samræmi við vilja íbúa eins og hann birtist í samráðsferlinu. Gert er ráð fyrir stæði fyrir deilibíla og hleðslustæðum í tengslum við borgargötu á Streng. Fjölgun bílastæða vegna aukaíbúðar eða starfsemi í íbúðarhúsnæði verður ekki heimiluð.

Ný eða endurbætt göng undir Höfðabakka við Árbæjarsafn

Undirgöngin tengja Ártúnsholt og Árbæ. Núverandi göng og aðkoma að þeim er óaðlaðandi og þröng með tilliti til þess að þetta er meginleið gangandi og hjólandi á milli hverfanna. Undirgöngin tengjast einnig biðstöðvum almenningsvagna á Höfðabakka.

Ný göng undir Höfðabakka

Skilgreind eru ný göng undir Höfðabakka nálægt gatnamótum Vesturlandsvegur og Höfðabakka en svæðið austan Höfðabakka er reyndar utan afmörkunar hverfisskipulags og því ekki hluti áætlunarinnar. Núverandi stígakerfi býður ekki upp á tengingu á milli Ártúnsholts og atvinnusvæðisins sem kennt er við Hálsa nema uppi á hæðinni við Bæjarháls. Undirgöng á þessum stað falla vel að landinu og þetta stíganetið sem er mjög gisið á þessum slóðum. Ekki er gert ráð fyrir þessari framkvæmd í gildandi aðalskipulagi en hún verður tekin með í breytingum á aðalskipulagi sem eru í vinnslu.

Göngubrú úr hverfinu yfir Vesturlandsveg.

Skilgreind er göngubrú úr hverfinu yfir Vesturlandsveg en svæðið norðan vegarins er reyndar utan afmörkunar hverfisskipulags og því ekki hluti áætlunarinnar. Svæðið norðan vegarins er reyndar utan afmörkunar hverfisskipulags og því ekki hluti áætlunarinnar. Göngubrú mun auðvelda aðgengi íbúa Ártúnsholts að núverandi og fyrirhugaðri byggð norðan vegarins, þ.á m. verslun og þjónustu, en bætir einnig tengingar að biðstöðvum strætó við Vesturlandsveg. Ekki er gert ráð fyrir þessari framkvæmd í gildandi aðalskipulagi en hún verður tekin með í breytingum á aðalskipulagi sem eru í vinnslu.



VISTKERFI OG MINJAR

Meðhöndlun ofanvatns

Markmiðið er að tryggja gegndræpi yfirborðs á opnum svæðum og lóðum með blágrænum ofanvatnslausnum, ma.a. með það að markmiði að vernda vistkerfi hverfisins og Elliðaárdals.

Náttúruminjar

Markmiðið er að tryggja verndun viðkvæmra náttúruminja innan hverfis með afmörkun á skipulagsuppdrætti.

Menningar- og fornminjar

Markmiðið er að vernda menningar- og fornminjar í hverfinu og bæta aðgengi íbúa hverfisins að þeim.

Áætlunin gerir ráð fyrir eftirfarandi aðgerðum:

Meðhöndlun ofanvatns

Settir eru skilmálar um meðhöndlun ofanvatns á opnum svæðum og lóðum til að tryggja gegndræpi yfirborðs og vernda þannig vistkerfi hverfisins og Elliðaárdals. Nánari útfærslur eru í skilmálum og leiðbeiningum hverfisskipulags um blágrænar ofanvatnslausnir.

Verndun náttúrusérkenna

Sérstæðum og verðmætum jarðminjum og vistgerðum er hlíft fyrir annari landnotkun og þær afmarkaðar á skipulagsuppdrætti.

Árbæjarsafn og gamla rafstöðin

Tengsl Árbæjarsafns við hverfið verði bætt, m.a. með því að opna safnið á fleiri stöðum og leggja nýja stíga á safnsvæðinu. Gamli Suðurlandsvegurinn verði gerður sýnilegur að hluta á safnsvæðinu. Einnig er áhugavert að tengja Árbæjarsafn gömlu rafstöðinni og byggðinni við Rafstöðvarveg með svonefndum minjaási, þó að rafstöðin sé reyndar utan skipulagssvæðisins.

Verndarákvæði

Stefnt er að því að byggðin við Rafstöðvarveg, þ.e. íbúðabyggðin sem er innan skipulagssvæðis hverfisskipulagsins, njóti hverfisverndar.



ORKA OG AUÐLINDIR

Vistvænir orkugjafar, aukin flokkun heimilisúrgangs og bætt landnýting

Stefnt er að bættum aðstæðum fyrir notkun vistvænna orkugjafa.

Stefnt er að bættri aðstöðu og þjónustu við flokkun og skil endurvinnsluefna.

Stefnt er að aukinni kolefnisbindingu.

Stefnt er að bættri landnýtingu.

Áætlunin gerir ráð fyrir eftirfarandi aðgerðum:

Vistvænir orkugjafar

Stefnt er að bættum aðstæðum fyrir notkun vistvænna orkugjafa, t.d. með því að staðsetja hleðslustöðvar fyrir rafbíla á borgarlandi og við skóla, leikskóla og samfélagsþjónustu.

Stærri sorpskýli og aukin flokkun úrgangs

Stefnt er að aukinni þjónustu við flokkun og hirðu endurvinnslufna við heimili með skilmálum sem leyfa byggingu aðstöðu á lóð í stað aðstöðu innanhúss, svo sem gerða, skýla eða djúpgáma. Til að bæta aðgengi og auðvelda skil endurvinnslufna er gert ráð fyrir að grenndarstöð sem í dag er við Straum verði færð að Streng. Þannig verður stærri hluti íbúa í göngufæri við grenndarstöð.

Aukin kolefnisbinding

Stefnu um aukna kolefnisbindingu er fylgt eftir með meiri trjágróðri í hverfinu, sbr. umfjöllun um gróður í GÆÐI BYGGÐAR.

Betri landnýting

Landnýting er bætt með því að heimila uppbyggingu í Hyljunum auk þess sem heimilt er að fjölga íbúðum með skilmálum um aukaíbúðir.

Mannvirki

Próun byggðar og byggðarmynstur

Markmiðið er að byggð þróist á vistvænum forsendum skilmála og leiðbeininga um leið og byggðarmynstur er styrkt.

Breytingar og viðhald húsnæðis

Markmiðið er að auðvelda lóðarhöfum að fá leyfi fyrir minni háttar viðbyggingum án þess að til þurfi að koma flókið skipulags- og afgreiðsluferli leyfisveitanda.

Markmiðið er að auðvelda lóðarhöfum að fá leyfi fyrir breytingum á húsnæði, s.s. kvistum, svölum og þakbreytingum, án þess að til þurfi að koma flókið skipulags- og afgreiðsluferli leyfisveitanda.

Markmiðið er að auðvelda viðbyggingar og staðsetningu lausra skólastofa á skóla- og leikskólalóðum án þess að til þurfi að koma flókið skipulags- og afgreiðsluferli leyfisveitanda.

Áætlunin gerir ráð fyrir eftirfarandi aðgerðum:**Breytingar á byggingarreitum**

Byggingarreitum íbúðarhúsa er breytt og sköpuð skilyrði fyrir minni háttar einnar hæðar viðbyggingar.

Byggingarreitur fyrir viðbyggingar og lausar kennslustofur er skilgreindur á lóðum leikskóla, grunnskóla og samfélagsþjónustu.

Breytingar og viðhald húsnæðis

Heimilaðar eru minni viðbyggingar við sérbýlishús til að koma til móts við óskir íbúa um breytingar og gera mannvirkin vistvænni. Einnig eru heimilaðar aukaíbúðir í sérbýlishúsum.

Settir eru skilmálar og leiðbeiningar um svalir og svalalokanir, þakbreytingar og kvisti, útlitsbreytingar og viðhald, nýtingu kjallara, niðurrif, tækniþúnað og ósamþykktar framkvæmdir.

Heimilaðar eru viðbyggingar og lausar kennslustofur við leikskóla og skóla í hverfinu. Auk þess eru heimiluð flutningshús og önnur mannvirki sem tengjast minjavörslu á Árbæjarsafni, sjá skilmála fyrir skilmáleiningu 7.1.14.

6.4 Helstu umhverfisáhrif

Umhverfisáhrif hverfisskipulagsáætlunarinnar eru almennt metin jákvæð. Mynd 6.3 tekur saman helstu aðgerðir sem tiltekna hafa verið og áætluð áhrif þeirra á umhverfið en síðan er fjallað um hverja aðgerð fyrir sig.

Uppbygging í Hyljum með breyttri landnotkun ásamt heimildum til að innrétta aukaíbúðir í stórum sérbýlishúsum stuðlar að fjölgun íbúða með áherslu á litlar og meðalstórar íbúðir. Allt þetta stuðlar að jafnari dreifingu aldurshópa í hverfinu og betri rekstrargrundvelli fyrir nærþjónustu, þar með talið skólustarf. Þetta getur jafnframt dregið úr þörf fyrir að aka um lengri veg til að sækja þjónustu en þó er ekki er víst að það náist nema samhliða takist að breyta ferðavenjum íbúa, í samræmi viðáherslur aðalskipulagsins.

Gert er ráð fyrir þéttari byggð og betri landnýtingu í Hyljunum frá því sem nú er. Það er háð útfærslu hver áhrifin verða á gæði byggðar en þess er vænst að þau verði frekar jákvæð en neikvæð. Það er þó háð nokkrum þáttum eins og umhverfisúrbótum á lóð, aukinni skjólmyndun, m.a. með nýjum byggingun og gróðri og hvort tekst að vinna gegn aukinni umferð og neikvæðum áhrifum hennar á hljóðvist, öryggi og loftgæði. Til að bæta hljóðvist í hverfinu eru settir skilmálar um hljóðvarnir næst Vesturlandsvegi og Höfðabakka og skilmálar um gróður til að bæta loftgæði ásamt því að bæta gæði byggðarinnar. Bætt hljóðvist hefur jákvæð áhrif á samfélagið og gæði byggðar þó að það sé háð útfærslu hljóðvarna hver áhrifin verða á ásynnd hverfisins. Gert er ráð fyrir að vinna að bættri ásynnd hverfisins, m.a. með auknum gróðri.

Í skilmálum fyrir Hyljina er gerð krafa um að ef lóðarhafar ætla að nýta sér uppbyggingarheimildir þurfi þeir að ráðast í umhverfisúrbætur. Slíkar umhverfisúrbætur felast m.a. í því að innleiða blágrænar ofanvatnslanir, auk gróðurþekju á lóðum og endurskoða bílastæði samhliða þessum umhverfisúrbótum. Ekki verður séð að uppbygging 49 íbúða ásamt annarri atvinnustarfsemi muni hafa í för með sér fjölgun bílastæða á svæðinu sem í dag eru 318. Líklegra er að bílastæðum á svæðinu geti jafnvel fækkað samfara því að atvinnuhúsnæði á efri hæðum sé breytt

í íbúðir þar sem leyfi fyrir fjölda bílastæða í skilmálum fyrir nýjar íbúðir eru færri en þau sem voru í upphaflegum skilmálum á svæðinu fyrir atvinnuhúsnæði.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið hluta auglýstra gagna til að skapa sér mynd af efninu, en ekki farið nákvæmlega yfir öll gögnin. Yfirferðin hefur fyrst og fremst beinst að dæmum um þær skipulagsákvæðanir sem verið er að taka, og taka ábendingar stofnunarinnar mið af því. Því geta ábendingar sem varða tiltekin dæmi átt við almennt eða við fleiri staði í hverfisskipulagstillögunum. Skipulagsstofnun óskar eftir því að fá skrifleg viðbrögð við neðangreindum ábendingum. Stofnunin er fús til að skýra frekar ábendingar sínar á fundi sé þess óskað.

Ábendingar Skipulagsstofnunar eru eftirfarandi:

Almennt um framsetningu stefnu og skilmála

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í endanlegum gögnum verði skýrari skil á milli hugmynda um framkvæmdir sem eftir er að útfæra nánar og bindandi skilmála eða heimilda til framkvæmda. Þá þarf í einhverjum tilvikum að lagfæra orðalag eða skýra nánar hvað felst í einstökum skilmálum og eins telur stofnunin að lagfæra megi framsetningu. Þá telur stofnunin að skýra þurfi gildi leiðbeininga, eða færa mikilvæg atriði/ fyrirmæli yfir í skilmála og rökstyðja þurfi betur niðurstöður umhverfismats.

Við yfirferð gagna hafði stofnunin í huga að í tilviki hverfisskipulags eru hagsmunaaðilar fyrst og fremst fasteignaeigendur á svæðinu, en ekki stórir byggingaraðilar, og að framkvæmdir á grundvelli þess geta náð yfir áratugi. Nauðsynlegt er því að upplýsingar og skilmálar séu settir fram á skýran og aðgengilegan hátt og að ekki leiki vafi á um túlkun þeirra til framtíðar.

Skilgreining á hugtakinu hverfisskipulag

Á bls. 4 í bók 1 fyrir Ártúnsholt er hverfisskipulag t.d. skilgreint svo: „Skipulagsáætlun þar sem eldri deiliskipulagsáætlanir eru sameinaðar í eina heildstæða áætlun fyrir heilt hverfi með nýjum heimildum og vistvænum skilmálum til að þróa byggð í takt við Aðalskipulag og breyttar áherslur í samfélaginu.“ Þessi setning lýsir því hvernig Reykjavíkurborg hefur ákveðið að vinna með stjórnþækið hverfisskipulag, en felur ekki í sér skilgreiningu á hugtakinu hverfisskipulag eins og það er skilgreint skipulagslögum og skipulagsreglugerð.

Í ljósi þess að Reykjavíkurborg er í vinnu sinni að hverfisskipulagi að gefa verkfærinu hverfisskipulag annað umfang og inntak en skilgreining hugtaksins samkvæmt skipulagslögum og skipulagsreglugerð felur í sér, er mjög mikilvægt að skýrt sé skilið á milli mismunandi skilgreininga á hugtakinu hverfisskipulag annarsvegar samkvæmt skipulagslögum og skipulagsreglugerð og hinsvegar eins og Reykjavíkurborg hefur ákveðið að vinna með þetta stjórnþæki. Yfirfara þarf gögnin m.t.t. þess að skýra þetta.

Samræmi hverfisskipulagstillagna við aðalskipulag

Stefna fyrir hverfið

Æskilegt er að skýrara samband sé í skipulagsgögnunum við stefnu og ákvæði aðalskipulags, bæði almennrar stefnu/ákvæða aðalskipulagsins og þess sem sérstaklega gildir samkvæmt aðalskipulagi um viðkomandi hverfi/hverfishluta.

Þá þarf að gæta þess að skýrt sé hvenær aðeins er verið að setja fram hugmyndir um framkvæmdir sem ekki er gert ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi, sem dæmi má nefna nýjar gönguleiðir yfir Vesturlandsveg og undir Höfðabakka.

Fjöldi íbúða

Í dag eru 2962 íbúðir í þeim þremur hverfum sem hverfisskipulagstillögurnar fjalla um. Samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur er gert ráð fyrir fjölgun um 440 íbúðir í borgarhluta 7, þar af 200 við Bæjarháls og 240 á sérstökum þéttingarsvæðum, auk þéttingarmöguleika sem komi til við gerð hverfisskipulags. Í hverfisskipulagstillögunum þremur er heimiluð fjölgun íbúða um allt að 2100 íbúðir. Þótt einungis megi ætla að hluti þessara heimilda verði nýttur þá er hér um stórt skref að ræða.

Í aðalskipulagi Reykjavíkur er sett fram bindandi stefna um alla þéttingarreiti þar sem ætlunin er að byggja 50 íbúðir eða fleiri, eða sambærilegt magn annars konar húsnæðis. Jafnframt segir í aðalskipulaginu að í hverfisskipulagi verði skilgreindir frekari þéttingarmöguleikar innan hverfanna fyrir minniháttar uppbyggingu (færri en 50 íbúðir).

Skipulagsstofnun telur að betur þurfi að fara yfir samsvörun svo víðtækra uppbyggingarmöguleika eins og lagðir eru til í hverfisskipulagstillögunum þremur við gildandi aðalskipulag. Jafnvel verði að gera breytingu á aðalskipulagi til að rúma svigrúm til uppbyggingar af þessu tagi, ekki síst í ljósi þess að sambærilegir þéttingarmöguleikar eru í skoðun fyrir önnur hverfi borgarinnar.

Í því sambandi þarf að hafa í huga framangreind ákvæði aðalskipulagsins um „minniháttar uppbyggingu“. Ennfremur telur stofnunin þessa nýju nálgun, sem felur í sér svo víðtæka uppbyggingarmöguleika, kalla á að sett sé fram afdráttarlaus stefna um hvernig stendur til að vakta þróun íbúðafjölda og íbúðagerða í hverfunum og hvernig brugðist verði við ef áhrifin af íbúðafjölguninni verða neikvæð. Hafa þarf í huga að unnt þarf að vera að fylgjast með að til lengri tíma sé áfram til staðar heilbrigð blanda ólíkra íbúðarstærða og íbúðargerða í hverfinu og einnig kann að verða tilefni til þess að breyta slíkum tiltölulega opnum uppbyggingarmöguleikum síðar, ef aðstæður breytast. Skipulagsstofnun telur að Reykjavíkurborg þurfi við afgreiðslu hverfisskipulagsins nú að hafa þetta í huga og byggja inn viðeigandi ákvæði í hverfisskipulagið um vöktun og viðbrögð við niðurstöðum vöktunar.

Í hverfisskipulagstillögu fyrir Árbæ eru skilgreind tvö „athugunarsvæði“. Annað þessara svæða er skilmálaeining 7.2.15 sem tekur til opins svæðis milli Höfðabakka og Rofabæjar. Um hana er sagt í hverfisskipulagstillögunni að þar sé gert ráð fyrir nýrri íbúðarbyggð fyrir 30–50 íbúðir í sérstöku deiliskipulagi. Svæðið er jafnframt merkt inn á hverfisskipulagsuppdrátt. Ekki er gert ráð fyrir íbúðarbyggð á þessu svæði í aðalskipulagi og þarf því að taka út umfjöllun um þessar hugmyndir.

Afmörkun hverfisskipulagssvæða

Ekki er samræmi í framsetningu milli hverfa hvað varðar svæði fyrir sjálfstæðar deiliskipulagsáætlanir:

Í Ártúnsholti er þéttingarsvæði fyrir 50 íbúðir utan afmörkunar hverfisskipulagsins. Í Árbæ eru tvö þéttingarsvæði innan afmörkunar hverfisskipulagssvæðis en þó ekki mörkuð stefna um þau í hverfisskipulagstillögunni; reitur 7.2.10 þar sem fyrir liggur nýlegt deiliskipulag við Bæjarháls, og reitur 7.2.1, þar sem fyrir liggur nýlegt deiliskipulag. Þessi svæði eru sýnd „auð“ á

hverfisskipulagsupprætti og engir skilmálar um þau í bók 2. Í Selási er þéttingarsvæði fyrir 20 íbúðir við Brekknaás innan afmörkunar hverfisskipulagsins. Að mati Skipulagsstofnunar eiga þessir reitir að vera utan afmörkunar hverfisskipulags. Ennfremur skarast skipulagssvæði hverfisskipulags Seláss við deiliskipulag opins svæðis við Suður-Selás og Norðlingaholt.

Í hverfisskipulagstillögu fyrir Árbæ er skilmálaeining 7.2.7 við Rofabæ 102 merkt sem svæði sem gera á sérstakt deiliskipulag fyrir, en er engu að síður hluti af hverfisskipulagstillögunni. Á svæðinu er í gildi deiliskipulag sem falla mun úr gildi við gildistöku hverfisskipulagsins. Þá verða allar leyfisveitingar á reitnum í reynd að bíða þar til gengið hefur verið frá breytingu á hverfisskipulaginu með nýju deiliskipulagi fyrir reitinn. Skipulagsstofnun telur þetta óheppilega leið og að fyrir þurfi að liggja afdráttarlaus þörf á því að fella úr gildi deiliskipulag reitsins án þess að ný skipulagsákvæði hafi verið mótuð fyrir hann.

Hverfisskipulagsupprættir og skilmálamyndir í bók 2

Í bók 1 fyrir Ártúnsholt er hlutverk hverfisskipulagsuppráttarins skýrt svo: „Afmörkun hverfis og skilmálaeininga innan þess.“ Af þessu má ráða að upprátturinn sé aðeins til skýringar. Gildi hans þarf að vera alveg skýrt, en það skiptir máli við túlkun og beitingu skipulagsins sem og við breytingar á því.

Þótt almennt séu myndir fyrir hverja skilmálaeiningu í bók 2 nákvæmlega eins og samsvarandi reitur á hverfisskipulagsupprætti, eru undantekningar frá því, dæmi lóðin við Rofabæ 7 – 9. Ef reynir á slíkt misræmi vakna spurningar um hvort hverfisskipulagsupprátturinn eða viðkomandi skilmálamynd sé réttþærri.

Hverfisskipulagsupprættir eru í litlum mælikvarða, 1:3000, og erfitt getur verið að lesa og skýra þau ákvæði sem eru sett fram á þeim, auk þess sem málsetningar vantar fyrir byggingarreiti. Fjarlægð byggingarreita frá lóðarmörkum er heldur hvorki lýst í texta eða málsett á uppráttum.

Það vantar að merkja inn fornleifar og helgunarsvæði þeirra á þann eða þá upprætti sem taka gildi.

Gæta þarf þess að byggingarreitir séu á lóðum fyrir nýbyggingar, en sem dæmi þá vantar byggingarreit fyrir nýbyggingu fyrir fjölbýlishús á lóðina Bleikjukvísl 3 – 9 í Ártúnsholti.

Í skilmálum fyrir Hylji (skilmálaeining 7.1.9) segir að ekki séu skilgreindar nýbyggingar, en þó er athugasemd í skilmálum og sýndir byggingarreitir fyrir nýbyggingar að Nethyl 1 og 3. Þetta þarf að skoða.

Í bók 1 fyrir Ártúnsholt kemur fram að að heimild sé fyrir hækkun fjölbýlishúsa þar sem aðstæður leyfi, en á uppráttum er ekki að finna tákni fyrir mögulega hækkun fjölbýlishúsa, eins og á hinum hverfisskipulagsuppráttunum fyrir Árbæ og Selás. Skoða þarf hvaða á við og annaðhvort leiðréttastefnu í bók 1 eða skilmála í bók 2/ upprætti.

Byggingar og framkvæmdaheimildir

Ákvæði skipulagsreglugerðar um hverfisskipulag gefa kost á því að setja fram almennar reglur, leiðbeiningar og fyrirmæli um umfang og yfirbragð mannvirkja, breytingar og viðhald húseigna í stað hefðbundinna byggingarreita og skilmála um nýtingarhlutfall eða byggingarmagn, er skilyrt því að framkvæmdaheimildir séu skýrðar með fullnægjandi hætti. Að mati stofnunarinnar þurfa skilmálar sums staðar að vera skýrari, sbr. eftirfarandi dæmi:

Íbúðir:

Heimildir til að bæta við íbúðum á lóðum sérþýlishúsa, par- og raðhúsa eru í hverfisskipulagstillögunum bundnar þeim skilyrðum að þær verði á sama matsnúmeri og í sömu eigu

og aðalíbúð á lóðinni og ennfremur segir sums staðar að þær skuli vera til útleigu. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í hverfisskipulaginu verði skýrt frekar hvernig framfylgja á þessum skilyrðum, t.d. með eftirliti með eignaskiptasamningum eða á annan hátt. Hvernig á skilyrði um útleigu að vera framfylgt?

Skoða þarf skilgreiningu á íbúðum í bók 1 og umfjöllun í bók 2. Í skilgreiningum segir að nýjar íbúðir flokkist í aukaíbúðir og séríbúðir, en í skilmálum er talað um aukaíbúðir og viðbótaríbúðir.

Fyrirliggjandi byggingarheimildir og nýjar viðbótarheimildir

Upplýsingar um byggingarheimildir sem yfirferast frá gildandi deiliskipulagi þurfa að mati Skipulagsstofnunar að koma fram í skilmálum fyrir hverja skilmálaeiningu í bók 2 í stað þess að vera í bók 1.

Í einhverjum tilvikum þarf að skýra betur þær byggingarheimildir sem yfirferast úr gildandi deiliskipulagi. Dæmi: Í bók 2 fyrir skilmálaeiningu 7.3.1 í Selási kemur fram nýtingarhlutfallið 0,55-0,64. Ekki er skýrt hvaða þýðingu það hefur í bók 2, hvort það sé hámark, sbr. sambærilega framsetningu skilmála í skilmálaeiningu 7.2.4, þar sem fram kemur nýtt hámark nýtingarhlutfalls fyrir skilmálaeininguna, eða hvort þetta séu aðeins upplýsingar um núverandi ástand sbr. töflu í bók 1. Ef um hámark er að ræða, má ætla að eldri byggingarheimildir séu þegar fullnýttar fyrir allar lóðirnar, og væri réttast að segja það í stað þess að gefa fólki væntingar um ónýttar byggingarheimildir sem (líklega) ekki eru til staðar.

Þá þarf að taka afstöðu til og skýra þegar ósamræmi er á milli uppgefina ónýttara byggingarheimilda og viðbótarheimilda í bók 2. Dæmi: Fyrir skilmálaeiningu 7.3.1 í Selási er bæði heimild fyrir 30 m² útbyggingu við raðhús (skv. eldri skilmálum) og heimild fyrir viðbótarbyggingarmagn, með þeim fyrirvara að viðbygging megi ekki vera stærri en 20 m². Hvað gildir á viðkomandi lóðum? Má lóðarhafi þrátt fyrir hámarksákvæðin byggja 30m² útbyggingu skv. ónýttum heimildum (ef þær eru til staðar) og aðra viðbyggingu skv. viðbótarheimildum?

Skilmálar um kjallara eru misvísandi. Annarsvegar segir að heimilt sé að taka í notkun ósamþykkt rými í kjöllum, sem eru utan heimils nýtingarhlutfalls, en jafnframt segir að kjallarar reiknist til hámarksbyggingarmagns/nýtingarhlutfalls. Hvað á við?

Í sérskilmálum í bók 2 um Ártúnsholt segir: „Sækja skal um byggingarleyfi fyrir ósamþykktum rýmum sem tekin hafa verið í notkun, t.d. í kjöllum og sökklum, skv. samþykktum aðaluppdráttum. Einnig skal sækja um leyfi fyrir rýmum í viðbyggingum, skúrum eða skálum á lóð.“ (feitletrun Skipulagsstofnunar) Hér er sett fortakslaus krafa um að afla þurfi leyfis. Það vekur spurningar. Ber að uppfylla þetta skilyrði fyrir einhvern tiltekinn tíma? Hvað ef þessi mannvirki falla ekki undir leyfisskyldu sbr. gr. 2.3.5 í byggingarreglugerð?

Dragast ósamþykkt mannvirki sem eru stærri en smáhýsi (15 m²), svo sem gróðurhús á lóð frá byggingarheimildum?

Ekki virðist alls staðar vera samræmi í framsetningu eldri skilmála, t.d. virðist einungis jarðhæð núverandi fjölbýlishúss við Álakvísl, húsagerð C, vera skráð en í öðrum skilmálaeiningum eins og 7.3.1 er heildarflatarmál mannvirkja skráð.

Bílastæði

Fyrir þarf að liggja hvað mörg bílastæði eru á hverri lóð (grunnástand). Bílastæði á gömlum mælibleðum geta ekki falið í sér skipulagsákvæði í skilningi deiliskipulags/hverfisskipulags. Og ef ákvæði um bílastæðafjölda eiga að koma úr eldra deiliskipulagi þarf að tilgreina hver hann er í hverju tilviki.

Skipulagsstofnun telur jafnframt hættu á að misskilningur geti komið upp við túlkun skilmála vegna stöðlunar þeirra, þ.e. allar skilmálaeiningarnar eru með sömu grunnskilmála óháð því hvort þeir eigi

við um reitinn eða ekki sbr. eftirfarandi dæmi um bílastæði: Í skilmálaeiningu 7.3.1 í Selási, eru bæði skilmálar um að óheimilt sé að bæta við bílastæðum fyrir aukaíbúðir og skilmálar um að fjöldi og fyrirkomulag bílastæða fyrir nýjar íbúðir skuli vera skv. gildandi bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar.

Skv. skilgreiningu hverfisskipulagsins á nýjum íbúðum í bók 1 (og einnig í leiðbeiningum) eru nýjar íbúðir bæði aukaíbúðir og séríbúðir (kallaðar viðbótaríbúðir í skilmálahefti, og fyrir þær skal vera fyrir 1 bílastæði fyrir íbúðir 80m² og minni skv. bíla- og hjólastæðastefnunni). Ef með nýjum íbúðum þarna er aðeins átt við viðbótaríbúðir/séríbúðir en ekki aukaíbúðir væri rétt að annaðhvort breyta yfirskrift þessara skilmála, eða taka fram að skilmálar um bílastæði fyrir nýjar íbúðir eigi ekki við fyrir þessa skilmálaeiningu. Annað dæmi; Heimilt er að vera með viðbótaríbúðir í fjölbýlishúsunum í Árbæ, en ekki aukaíbúðir. Það getur hinsvegar valdið misskilningi að í viðkomandi skilmálaeiningum eru skilmálar um bílastæði fyrir aukaíbúðir, án þess að fram komi að þeir eigi ekki við fyrir viðkomandi reit.

Ýmsir skilmálar

Byggingarreitur fyrir smáhýsi, aukahús og viðbyggingar ná almennt yfir nær alla lóð viðkomandi húss og kemur svigrúm til uppbyggingar á þeim fram í skilmálum. Að mati Skipulagsstofnunar geta svo rúmir byggingarreitir leitt af sér uppbyggingu sem getur raskað yfirbragði byggðar og mögulega valdið núning eða deilum innan hverfis. Stofnunin hvetur Reykjavíkurborg til að endurskoða þessa nálgun. Þá telur stofnunin að ástæða geti verið til að takmarka fjölda smáhýsa innan lóða.

Heimilt verður að byggja íbúðir á efri hæðum í Hyljum í Ártúnsholti (skilmálaeining 7.1.9). Skipulagsstofnun bendir á að útreikningur á umferðarhávaða þarf að liggja fyrir við afgreiðslu hverfisskipulagsins, sem og skilmálar um hvernig bregðast skal við til að uppfylla ákvæði reglugerðar um hávaða. Ef gera á ráð fyrir hljóðvörnum, þarf að setja skilmála um gerð og útfærslu þeirra, eða kynna breytingu á hverfisskipulaginu þegar það liggur fyrir.

Í skilmálaeiningu 7.4.2 í Árbæ er gefið upp núverandi nýtingarhlutfall og byggingarmagn og aukið nýtingarhlutfall og byggingarmagn fyrir A-rými. Skipulagsstofnun lítur svo á að þar með sé ekki gert ráð fyrir nýjum B-rýmum, sbr. skilgreiningu hugtaksins nýtingarhlutfall í skipulagsreglugerð, og telur æskilegt að það komi fram til að fyrirbyggja misskilning um að þau séu undanskilin útreikningi nýtingarhlutfalls.

Í hverfisskipulagstillögu fyrir Ártúnsholt (bók 1) eru mismunandi skilmálar um þaksvalir eða þakverandir. Setja þarf skilgreiningu um þessi hugtök í kafla 7 í bók 1.

Lóðarhafar og aðrir þurfa að sækja um leyfi til að fella tré sem eru hærri en 8m eða eldri en 60 ára. Mikilvægt er að málsmeðferð slíkra umsókna sé skýrð, til hvaða þátta verði litið við afgreiðslu slíkra leyfa og hvort kærheimildir séu til staðar.

Í skilmálum fyrir sérbyli, þar- og raðhús, eru sett skilyrði um fjölda og stærð sorptunna á lóð. Skipulagsstofnun telur geta orkað tvímælis að deiliskipulag/hverfisskipulag sé réttur vettvangur til að setja slík fyrirmæli gagnvart borgurunum. Sama gildir um skyldu lóðarhafa til að stofna félag um rekstur sameiginlegra úrgangslausna.

Leiðbeiningar

Hlutverk og málsmeðferð leiðbeininga

Í tengslum við hverfisskipulagsvinnuna hefur Reykjavíkurborg unnið leiðbeiningarit svo sem um um viðbyggingar, útfærslu lóða, almenningsrýma o.fl. Leiðbeiningarnar eru ekki tengdar einstökum hverfum eða skilmálaeiningum heldur er ætlað að vera almennar fyrir borgina.

Spurningar vakna um málsmeðferð og gildi þessara leiðbeininga samkvæmt skipulagslögum gagnvart því að þær skuli vera grundvöllur leyfisveitinga.

Þar sem leiðbeiningarnar eiga að gilda fyrir öll hverfi borgarinnar er ljóst að þær verða ekki hluti samþykktar hvers hverfisskipulags. Þær geta tekið breytingum óháð afgreiðslu hvers hverfisskipulags og samkvæmt munnlegum upplýsingum frá verkefnisstjóra hverfisskipulags hjá Reykjavíkurborg geta átt eftir að bætast við fleiri leiðbeiningarit, sem ekki liggja fyrir nú við afgreiðslu hverfisskipulags í Ártúni, Árbæ og Selási. Það getur til dæmis átt við leiðbeiningar um úrgangslausnir við íbúðarhúsnæði sem ekki virðast liggja fyrir, en vísað er til í fyrirbyggjandi hverfisskipulagstillögum.

Í skilmálum hverfisskipulagstillagnanna kemur ítrekað fram að fara skuli eftir umræddum leiðbeiningum við framfylgd hverfisskipulagsins, án þess að leiðbeiningarnar séu hluti viðkomandi hverfisskipulags og að þeim er hægt að breyta og bæta við leiðbeiningum án formlegrar málsmeðferðar samkvæmt skipulagslögum.

Það vekur spurningar um hvort ekki sé eðlilegra að grundvöllur leiðbeininganna sé látinn liggja í aðalskipulagi borgarinnar, frekar en að tengja þær hverfisskipulagi. Ef gildi þeirra verður ekki tryggt t.d. með þeim hætti þá telur stofnunin að færa eigi atriði / fyrirmæli sem varðar mikilvæg búsetugæði úr leiðbeiningum yfir í skilmála, svo sem hvað varðar skuggavarp og ýmsar formkröfur til að tryggja samræmi viðbygginga og nýbygginga við yfirbragð fyrirbyggjandi byggðar.

Ákvæði leiðbeininga sem ganga lengra en skilmálar hverfisskipulagsins

Í leiðbeiningunum eru á köflum fyrirmæli og skilmálar sem ganga lengra en skilmálar hverfisskipulagstillagnanna.

Í leiðbeiningum eru, svo dæmi séu tekin, gefnar heimildir fyrir niðurgröfnum veröndum við hús, settir skilmálar um viðbyggingar á svæði sem eru með verndarákvæði og að starfsemi í íbúðarbyggð þurfi að fara fram á almennum vinnutíma. Umfjöllun um þessi atriði er hinsvegar ekki í skilmálum hverfisskipulagstillagnanna. Ef um er að ræða mikilvæg atriði sem fara skal eftir ættu að vera skilmálar um þau í hverfisskipulaginu því ekki má leika vafi á um hverjir eru bindandi skilmálar þess, sbr. það sem kemur fram hér að ofan.

Í leiðbeiningum, m.a. um parhús og raðhús, segir að leitast skuli við að viðbyggingar auki ekki skuggavarp á íverusvæði á lóð nágranna eða inni í húsum en í gátlista sömu leiðbeiningar er talað um að viðbygging skuli ekki valda verulegu skuggavarp á íverusvæði nágranna á þeim árstíma þegar helst megi njóta sólar. Þarna er um áherslumun að ræða sem þarf að taka afstöðu til.

Í leiðbeiningum segir að starfsmannafjöldi í íbúðarhúsnæði takmarkist við 1-3 starfsmenn, en síðar í sama leiðbeiningarhefti virðist sá starfsmannafjöldi eingöngu eiga við sumar tegundir starfsemi.

Samræmi leiðbeininga við lög og reglugerðir

Gæta þarf þess að leiðbeiningar séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Dæmi:

Samkvæmt byggingarreglugerð mega nýjar íbúðir ekki vera í kjallara nema 25% úthliða sé ofan jarðar (þ.e. jarðhæð) og stofa snúi í tiltekna áttir. Í leiðbeiningum segir hinsvegar að það sé hægt að gera nýja íbúð í kjallara sem er niðurgrafinn á allar hliðar, ef hugað er að gæðum t.d. ef gerð er lítill verönd við eina hlið íbúðar. Þarna þarf að gæta þess að leiðbeiningar gefi ekki aðrar lausnir í skyn en heimilt er. Þá segir að fyrir stærri íbúðir en 40 m² skuli fylgja ákvæðum byggingarreglugerðar, sem að sama skapi er villandi, því ákvæði byggingarreglugerðar gilda óháð stærð íbúða.

Í leiðbeiningum um starfsemi í íbúðarbyggð segir að tillögu um búsetuúrræði skuli kynna fyrir nágrönnum. Nauðsynlegt er að skýra um hvers konar málsmeðferð er þar að ræða. Hafa þarf í huga að þegar hverfisskipulag hefur tekið gildi og framkvæmd/starfsemi er í samræmi við það, er ekki um að ræða grenndarkynningu byggingarleyfis samkvæmt 44. gr. skipulagslaga. Reykjavíkurborg getur hinsvegar í aðal- eða deiliskipulagi/hverfisskipulagi ákveðið að ganga lengra varðandi kynningar leyfisumsókna en skipulagslög krefjast.

Samræmi milli leiðbeininga og hverfisskipulags

Gæta þarf þess að ekki sé ósamræmi á milli fyrirmæla í leiðbeiningum og hverfisskipulagi, dæmi:

Í leiðbeiningunum segir að ef aukaíbúðir kalli ekki á aukningu byggingarmagns þá þurfi ekki að gera fyrir þær bílastæði. Svo segir; þegar um aukningu á byggingarmagni er að ræða er gerð krafa um viðbótarbílastæði. Í skilmálum hverfisskipulagsins kemur hinsvegar fram að nota megi viðbótarbyggingarmagn fyrir aukaíbúðir og að óheimilt sé að gera fyrir þær ný bílastæði.

Þá segir í leiðbeiningum um starfsemi í íbúðabyggð að gististarfsemi sé ekki heimiluð á heimilum, en 90 daga heimagisting er það skv. skilmálum hverfisskipulagsins. Þetta þarf að fara yfir og samræma orðalag.

Leyfisveitingar

Þar sem skilmálar hverfisskipulagstillagnanna eru almennir er þar vísað til þess að við útfærslu þeirra beri að fara eftir leiðbeiningum, sem Reykjavíkurborg gefur út. Mikilvægt er að tryggðir verði verkferlar þannig að þessar leiðbeiningar verði, auk skilmála, lagðar til grundvallar við mat á leyfisumsóknum eða tilkynningum um framkvæmdir skv. gr. 2.3.5. í byggingarreglugerð.

Umhverfismat og vöktun

Umhverfismat hverfisskipulagsins er sett fram í bók I. Þar er metin stefna skipulagsins, auk ýmissa hugmynda og aðgerða. Stofnunin bendir á að jafnframt þarf að leggja mat á hvernig stefnan er útfærð. Sem dæmi má nefna að ekki er rökstudd með sannfærandi hætti sú niðurstaða að umtalsverð fjölgun íbúða og nýjar heimildir fyrir atvinnustarfsemi inni í grónu hverfi með eða án bílastæða hafi aðeins jákvæð eða í versta falli engin áhrif á umhverfið. Í því skyni þyrfti m.a. að liggja fyrir áætlun á því hvað mögulega geti þurft að bæta við mörgum nýjum bílastæðum vegna heimilda fyrir viðbótaríbúðir í fjölbýlishúsum. Eins telur stofnunin að leggja þurfi mat á það hvaða áhrif það getur haft á yfirbragð Árbæjarhverfisins ef byggt verður ofan á hluta fjölbýlishúsanna við Rofabæ og Hraunbæ, og fjölbýlishúsin við Rauðás og Reykás, en á báðum þessum svæðum er byggð með heildstæðu yfirbragði.

Vegna umfangs nýrra heimilda um auka- og viðbótaríbúðir telur stofnunin að ákveða þurfi hvernig áhrif skipulagsins verða vöktuð og jafnframt hvernig brugðist verði við ef þörf er á eins og fyrr hefur verið nefnt í þessu bréfi.


Breytingar á hverfisskipulagi

Í gr. 5.8.5 í skipulagsreglugerð eru ákvæði um framsetningu breytinga á deiliskipulagi og eiga þau einnig við um hverfisskipulag. Æskilegt er að strax sé skoðað hvernig breytingar á hverfisskipulagi verða fram settar, meðal annars með tilliti til þess að sömu ákvæði koma í sumum tilfellum fram víðar en á einum stað í bókum 1 og 2 og á skipulagsupprætti.



Málfríður K Kristiansen

Hverfisskipulag í Ártúnsholti, Árbæ og Selási



Umsögn skipulagsfulltrúa við athugasemdum og ábendingum eftir auglýsingu

Reykjavík 22. september 2019





Efnisyfirlit

Inngangur	2
Athugasemdir íbúa.....	2
Birtingakvísl 3–9 - Fjölbýlishús.....	3
Kynningar- og samráðsferli hverfisSKIPULAGS	9
Fjölgun íbúða	12
Grenndarstöð við Streng	14
Stórbílastæði við Straum.....	14
Deilibílar og rafhleðslustöðvar við Streng	15
Hljóðvist.....	15
Önnur atriði.....	16
Ábendingar Skipulagsstofnunar	21
Almennt um framsetningu stefnu og skilmála	21
Skilgreining á hugtakinu hverfisSKIPULAG	22
Samræmi hverfisSKIPULAGstillagna við aðalskipulag	23
Afmörkun hverfisSKIPULAGSSVÆÐA.....	27
HverfisSKIPULAGSUPPRÆTTIR og skilmálamyndir í bók 2.....	29
Byggingar og framkvæmdaheimildir	31
Fyrirliggjandi byggingarheimildir og nýjar viðbótarheimildir	32
Leiðbeiningar	39
Ákvæði leiðbeininga sem ganga lengra en skilmálar hverfisSKIPULAGSINS	41
Samræmi leiðbeininga við lög og reglugerðir.....	43
Samræmi milli leiðbeininga og hverfisSKIPULAGS.....	44
Leyfisveitingar	45
Umhverfismat og vöktun	45
Breytingar á hverfisSKIPULAGI	47
Ábendingar heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur	49
Kyrrlát svæði.....	49
Hljóðvist.....	49
Fráveitukerfit.....	50
Atvinnustarfsemi í íbúðarbyggð.....	50
Niðurrif bygginga.....	51
Borgarbúskapur.....	52
Leiðbeininar hverfisSKIPULAGS	52
Ábendingar frá Veitum ohf.....	54
Athugasemdir Veitna vegna lagna og veitumannvirkja	54
HverfisSKIPULAG Ártúnsholti, 7.1.....	54
HverfisSKIPULAG Árbæ, 7.2.	55
HverfisSKIPULAG Selás, 7.3.....	56
Hleðsla rafbíla, aðgengi að rafmagni og dreifistöðvar	56
Meðferð ofanvatns og notkun ofanvatnslausna.....	56
Samráð	57

Inngangur

Eftir samþykkt skipulags- og samgönguráðs og borgarráðs voru tillögur að hverfisSKIPULAGI í Ártúnsholti, Árbæ og Selási auglýstar í samræmi við 5. mgr. 37. gr. sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillögurnar voru kynntar í sex vikur, frá 2. febrúar 2019 til 17. mars 2019, á sýningu á Borgarbókasafninu í Árbæ auk þess sem þær voru aðgengilegar á vef borgarinnar á slóðunum <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu> og <http://hverfisSKIPULAG.is/>.

Kynning á sýningunni og öðrum viðburðum fór fram með kynningarbæklingi sem dreift var með fjölpósti Póstdreifingar á öll heimili í póstnúmerinu 110, að Bryggjuhverfinu undanskildu og þeim húsum sem afþakka fjölpóst. Að auki var hverfisSKIPULAGIð kynnt með auglýsingu í Fréttablaðinu, Árbæjarblaðinu og á RÚV og Bylgjunni. Einnig voru hengd upp kynningarplaköt á fjölmörgum stöðum í borgarhlutanum til að kynna sýninguna.

Til viðbótar voru haldnir kynningarfundir til að kynna efni tillagna og svara fyrirspurnum. Fjölmennt kynningarfundur var haldinn fimmtudaginn 7. febrúar í Árbæjarskóla sem rúmlega 100 manns sóttu. Auk þess voru sérstakir kynningarfundir á bókasafninu í Árbæ fyrir þá sem þess óskuðu, s.s. starfsfólk á Árbæjarsafni, Hollvinasamtök Elliðaárdalsins o.fl. Á vef hverfisSKIPULAGS og á sýningunni var hægt að nálgast sérstök eyðublöð fyrir athugasemdir við hverfisSKIPULAGIð. Á sýningunni voru íbúar hvattir til þess að nýta rétt sinn til athugasemda og nota til þess sérstök eyðublöð til að auðvelda úrvinnslu athugasemda.

Við lok kynningar, 17. mars, höfðu borist skriflegar athugasemdir frá allnokkrum íbúum og hagsmunaaðilum í borgarhlutanum, eins og sjá má fyrir neðan, auk ábendinga frá Skipulagsstofnun, Veitum og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Hér á eftir verður farið yfir athugasemdir íbúa og svör við þeim og síðan gerð grein fyrir ábendingum opinberra stofnana og fyrirtækja.

Athugasemdir íbúa

Alls bárust 53 skriflegar athugasemdir, þar af einn undirskritalisti með 102 undirskriftum. Nokkrir íbúar sendu inn fleiri en eina athugasemd við mismunandi málefnum. Samkvæmt greiningu á athugasemdum senda 34 einstaklinga inn athugasemdir auk undirskriftalistans en sömu aðilar skrifa sjálfstæðar athugasemdir og skrifa á undirskriftalistann. Til einföldunar má segja að það hafi borist 154 athugasemdir (102 undirskriftir undir undirskriftarlista meðtaldar) og af þeim vörðuðu 135 byggingu á fjölbýlishúsi við Birtingakvísl 3–9, sjá umfjöllun fyrir neðan.

Eftirtaldir íbúar sendu inn athugasemdir:

Aðilar sem skrifa saman undir bréf eru taldir saman.

Anna K. Karlsdóttir og Lárus F. Þórhallsson, Ágústa Kristófersdóttir og Óli Jón Jónsson, Árný Þórarinsdóttir og Ragnar Jónsson, Ásdís Sigurgestdóttir og Þórarinn Klemensson, Bryndís Björnsdóttir og Magni Sigurður Sigmarsson, Bryndís Magnúsdóttir og Björn H. Sigurðsson, Dána Hilmarsdóttir, Einar Guðberg Jónsson, Elísabet Jónsdóttir, Erla Rannveig Gunnlaugsdóttir og Pálmar Guðmundsson, Guðmundur H. Einarsson, Guðný Klara Kristjánsdóttir, Halldóra Sverrisdóttir, Hallur Steinar Jónsson og Jóhanna Valgerður Magnúsdóttir, Inga Lára Karlsdóttir og Jökull Úlfarsson, Ingibjörg Tómasdóttir, Jóhann P. Jónsson, Linda Björk, Lovísa Hallgrímsdóttir,



María Gísladóttir og Birgir Guðmundsson, Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, Pálína Björnsdóttir, Ragnar W. Hallbergsson, Ragnheiður Valdimarsdóttir, Sigmundur Einarsson og Margrét I. Kjartansdóttir, Sigrún Hjartardóttir og Elvar Vilhjálmsson, Sigurður Ingvarsson og María Bjarnadóttir, Sigurgeir A. Jónsson, Snæbjörn Ingi Ingólfsson, Stefán Orri Stefánsson, Viktoría Áskelsdóttir, Þorgeir Björnsson og Vilhelmína Sigurðardóttir, Þorsteinn Sigurðsson, Þór Austmar.

Til viðbótar er undirskriftalisti með nöfnum 102 íbúa, sjá fyrir neðan.

Athugasemdir eru flokkaðar í kafla hér fyrir neðan eftir málefnum,, mikilvægi og/eða fjölda athugasemda. Þannig er það málefni sem mesta athygli fékk tekið fyrir og neðar þau sem færri gerðu athugasemdir við. Leitast er við að svara athugasemdum á málefnalegan hátt og ef margar athugasemdir varða sama málið er vísað í fyrra svar sem merkt er málefninu. Umfjöllun um athugasemdir íbúa og svör er skipt í eftirfarandi kafla:


- BIRTINGAKVÍSL 3–9 – FJÖLBÝLISHÚS
- KYNNINGAR- OG SAMRÁÐSFERLI HVERFISSKIPULAGS
- GRENNARSTÖÐ VIÐ STRENG
- FJÖLGUN ÍBÚDA
- STÓRBÍLASTÆDI VIÐ STRAUM
- DEILIBÍLAR OG RAFHLEDSLUSTÖÐVAR VIÐ STRENG
- HLJÓÐVIST
- ÖNNUR ATRIÐI

Birtingakvísl 3–9 - Fjölbýlishús

Flestar athugasemdir (33 auk 102 undirskrifa undir undirskriftalista) bárust vegna tillögu um 8 íbúða hús við Birtingakvísl 3–9, en svæðið hefur fram að þessu verið opið svæði. 87% þeirra sem athugasemdir gera mótmæla byggingu fjölbýlishúss á þessum stað og skora á borgaryfirvöld að falla frá tillögunni. Athugasemdir íbúa um þessa tillögu eru flestar samhljóða og samræmdar og draga fram áhyggjur íbúa vegna fyrirhugaðs fjölbýlishúss. Helstu rök eru þau að verið sé að taka í burtu mikilvægt útivistarsvæði í miðju hverfinu sem sé mikið notað af börnum. Auk þess muni byggingin valda skuggavarpi og auka umferð á þéttbyggðu svæði og leiða til aukins bílastæðavanda sem er allnokkur á þessu svæði að sögn íbúa. Hér að neðan er birt bréfið sem fylgdi undirskriftalistanum ásamt undirskriftum en skv. ákvæðum persónuverndarlaga hefur verið strikað yfir viðkvæmar persónuupplýsingar eins og kennitölur, símanúmer og netföng.



Við undirritaðir íbúar og fasteignaeigendur við Birtinga- og Bleikjukvísl ásamt öðrum íbúum í Ártúnsholti mótmælum harðlega áformum borgaryfirvalda sem fram koma í nýju hverfisskipulagi fyrir Árbæ um að taka grænt svæði í hjarta byggðarinnar milli Birtinga- og Bleikjukvíslar undir tvö fjölbýlishús.



Meðfylgjandi er undirskriftalisti íbúa Birtinga-, Bleikjukvíslar og annarra íbúa Ártúnsholts þar sem mótmælt er fyrirhuguðum byggingum á grænu svæði á milli Birtinga- og Bleikjukvíslar.


Meðfylgjandi:

Bréf íbúa til Borgaryfirvalda

Undirskriftarlisti íbúa

Bréf Reykjavíkurborgar frá árinu 2003 þar sem borgin viðurkennir að bílastæðum í Birtingakvísl sé ábótavant.

Ljósmyndir af lagningum bifreiða í Birtingakvísl áður en bílastæðum var fjölgað 2003. Ljósmyndir frá nóvember 2002.

	Reykjavíkurborg Skipulagsfulltrúi
Mótt.	14. MAR. 2019
	sign
Skjaln.	Ábm.



Við undirritaðir íbúar og fasteignaeigendur við Birtinga- og Bleikjukvísl ásamt öðrum íbúum í Ártúnsholti mótmælum harðlega áformum borgaryfirvalda sem fram koma í nýju hverfisskipulagi fyrir Árbæ um að taka grænt svæði í hjarta byggðarinnar milli Birtinga- og Bleikjukvíslar undir tvö fjölbýlishús.

Íbúi/Þinglýstur eigandi, nafn og kt.	Heimilisfang
Shann P. Gunnarsson	
Walter S. Steingrimsdóttir	
Einhardur Jónsson	
Katrín Klara Kristjónsdóttir	
Ragnheiður Valdimarsdóttir	
Þorgeir Björnsson	
Vilhelmina Jónsdóttir	
Þorgeir Þorgeirsson	
Waldur Guðmundsson	
Waldur Þorgeirsson	
Sigurður Ari Guðmundsson	
Hildur Karlsdóttir	
Honest H. Ólafsson	
Ólafur Jónsson	
Ólafur Jónsson	
Ann Kristin Karlsdóttir	
Þorsteinn Sigurðsson	
SNRBOÖRN 2. IN WOLFSSON	
Ingólfur Einarsson	
Waldur Guðmundsson	
Waldur Björnsson	
Bryndis Björnsdóttir	
Waldur Guðmundsson	
Sigrún Ólafsdóttir	
Margrét Klara Ólafsdóttir	
Bryndis Ólafsdóttir	
Birkir Björnsson	
Linda Björnsdóttir	
Ólafur Guðmundsson	



Svar:

Í athugasemdum sem bárust við tillögum að hverfisSKIPULAGI fyrir borgarhluta 7 Árbæ á tímabilinu 2. febrúar til 17. mars 2019 tjáðu fjölmargir íbúar (einkum í Ártúnsholti) andstöðu sína við tillögu um að nýta svæði sem í hverfisSKIPULAGSGÖGNUM er nefnt Birtingakvísl 3–9, fyrir tveggja hæða fjölbýlishús með átta íbúðum. Andstaða við tillöguna birtist einnig á fundum með íbúum á kynningartímanum.

Af viðbrögðum íbúa við tillögunni er ljóst að þeim er mjög annt um þetta svæði. Því er lagt til að fallið verði frá áformum um fjölbýlishús á svæðinu og þannig komið til móts við óskir meirihluta íbúa sem tjáðu sig um þetta mál. Jafnframt er lagt til að svæðið verði óbreytt sem opið svæði. Á lagfærðum hverfisSKIPULAGSUPPDRÆTTI fyrir Ártúnsholt, dags. 12.9.2019, er svæðið því sýnt sem opið svæði. Jafnframt hefur skilmálum fyrir skilmálaeiningu 7.1.8. verið breytt til samræmis og svæðið fest í sessi sem opið svæði í hverfisSKIPULAGI.

Kynningar- og samráðsferli hverfisSKIPULAGS

Athugasemd frá Sigmundi Einarssyni og Margréti I. Kjartansdóttur

Í tólf síðna greinargerð eru gerðar athugasemdir við eftirtalin atriði:

- A. Kynningarferli hverfisSKIPULAGS
- B. Samráðsferli hverfisSKIPULAGS
- C. Nýbyggingar (fjölbýlishús) við Birtingakvísl
- D. Breytta notkun bílastæða við Streng
 - a. Flutning grenndarstöðvar að Streng
 - b. Staðsetningu deilibíla við Streng
- E. Vörubílastæði við Straum

Athugasemdum varðandi kynningar- og samráðsferlið er svarað hér vegna eðli þeirra, en liðum C-E er svarað í öðrum köflum.

A. Kynningarferli hverfisSKIPULAGS

Gerðar eru „alvarlegar athugasemdir við kynningarferli hverfisSKIPULAGS“ eins og segir í greinargerðinni. Kvartað er undan því að kynningarbæklingur vegna hverfisSKIPULAGS hafi ekki borist inn á þeirra heimili og ítrekað að kynningarferlið hafi „alveg“ farið fram hjá þeim. „**Þetta er nokkuð sem á ekki að gerast**“ segir í greinargerðinni. Vegna þess að kynning á tillögum að hverfisSKIPULAGI fór fram hjá þeim er þess krafist að „**þetta mál verði kannað nánar og að hverfisSKIPULAGIÐ verði auglýst að nýju**“ (feit- og skáletrun frá bréfitara).

Svar:

Eins og segir í inngangi að umsögn um athugasemdir íbúa var hverfisSKIPULAGI í borgarhluta 7 kynnt í sex vikur bæði á vef borgarinnar og hverfisSKIPULAGSINS, með auglýsingum í Fréttablaðinu, RÚV og Bylgjunni og í samræmi við ákvæði í skipulagslögum og skipulagsreglugerð nr 90/2013 gr. 5.6. *Kynning og auglýsing deiliskipulagstillögu*. Einnig var umfangsmikil kynning á samfélagsmiðlum sem sérstaklega var miðuð að markhópum í borgarhluta 7 og íbúasamtökum í Ártúnsholti, Árbæ og Selás. Hengd voru upp plaköt á áberandi stöðum í borgarhlutanum og auglýsing og grein birt í Árbæjarblaðinu. Auk þess var kynningarbæklingi sem prentaður var í yfir fjögur þúsund eintökum dreift í öll hús í borgarhlutanum með Póstdreifingu, sem ber í öll hús önnur en þau sem afþakka fjölpóst.

Vegna ummæla bréfitara um að kynningarbæklingur hafi ekki borist til þeirra eða fleiri í hverfinu



var málið kannað hjá Póstdreifingu sem annaðist dreifinguna, sjá yfirlýsingu fyrir neðan.

Reykjavík, 22. mars 2019

Póstdreifing ehf.
Hádegismóum 2
110 Reykjavík

Athygli, v. Reykjavíkurborgar
Árni Þórður Jónsson

Efni: Yfirlýsing vegna dreifingar á fjölpósti fyrir Reykjavíkurborg

Hér með fullyrðist það að Póstdreifing dreifði bæklingi fyrir Reykjavíkurborg samkvæmt pöntun þann 31. janúar síðastliðinn. Tilgreint dreifisvæði var heimili í póstnúmeri 110, fyrir utan Bryggjuhverfið.

Dreift var á heimili á fyrrnefndu dreifisvæði að þeim húsum frátöldum er afþakka fjölpóst, aðgengi að húsi óviðunandi eða aðrar hindranir.

Framkvæmd dreifingarinnar var á engan hátt fjarstýrt af Reykjavíkurborg eða undirverktökum hennar.

Fyrir hönd Póstdreifingar ehf

Jón Hjörtur Hjartarson, sölustjóri

Póst : dreifing Vatnagöndum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

Við látum það berast

 Gæðavottað dreifingarkerfi
ISO 9001:2008

 Framúrskarandi
fyrirtæki

Allnokkuð var fjallað um hverfisSKIPULAGIÐ í fjölmiðlum við upphaf sýningar á tillögunum í bókasafninu í Árbæ. Í hádegisfréttum RÚV 24. janúar á Rás 1 og 2 var fjallað um hverfisSKIPULAGIÐ. Sama umfjöllun birtist samdægurs á vef RÚV. Á Vísi og í Fréttablaðinu birtist umfjöllun 24. janúar. Umfjöllun birtist í Kjarnanum 1. febrúar. Formaður skipulags- og samgönguráðs var í viðtali í þættinum í Bítinu á Bylgjunni 24. janúar. Verkefnisstjóri hverfisSKIPULAGS var í viðtali á sjónvarpsstöðinni Hringbraut 4. febrúar og í þættinum Samfélagið í nærmynd á RÚV 15. mars. Morgunblaðið var auk þess með veglega umfjöllun dagana 1. til 5. febrúar.



Það er mjög erfitt að tryggja að slíkar kynningar nái örugglega augum og eyrum allra sem málið varðar, sérstaklega þegar um er að ræða markhóp upp á nokkur þúsund manns. En af því sem hér hefur verið reifað má ljóst vera að frá hendi borgaryfirvalda var allnokkur orka og fjármunir lagðir í að kynna tillögur að hverfisSKIPULAGinu sem best í borgarhluta 7.

B. Samráðsferli hverfisSKIPULAGS

„Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við samráðsferli hverfisSKIPULAGS“ eins og segir í greinargerð íbúa (feitletrun frá bréfitara). Farið er yfir það að samráðsferlið hafi ekki náð til bréfitara sem skrifar eftirfarandi; „*Borgarskipulag þarf og verður að gera grein fyrir því hvaða íbúar það voru í Ártúnsholti sem haft var samráð við og jafnframt hvernig þeir voru valdir*“ (feit- og skáletrun frá bréfitara).

Svar:

Gerð er grein fyrir samráðinu sem fór fram á vinnslutíma hverfisSKIPULAGS í almennri greinargerð í bók I og fylgigagni hverfisSKIPULAGS sem heitir Borgarhluti 7, Íbúapátttaka og samráð, sem er bók upp á 104 blaðsíður. Öll þessi gögn lágu frammi á sýningunni á bókasafninu í Árbæ og voru aðgengileg bæði á vef borgarinnar um skipulag í kynningu og á <http://hverfisSKIPULAG.is/>.

Í stuttu máli þá var þrenns konar aðferðum beitt við samráð í borgarhluta 7. Í fyrsta lagi voru það fundir með íbúum og hagsmunaaðilum en allnokkrir slíkir fundir voru haldnir. Á tímabilinu 2015 til 2018 þegar verið var að móta tillögur voru haldnir þrjú íbúafundir. Sá fyrsti var í Ártúnsholti 26. nóvember 2015. Haldinn var íbúafundur í Fylkishöll 2. júní 2016 og í Árbæjarskóla 11. október 2016. Mæting á þessa fundi var frá 50 upp í 100 manns og mest á fundinn í Árbæjarskóla. Þessir fundir voru auglýstir með dreifibréfi og með útvarpsauglýsingum auk umfjöllunar á vef Reykjavíkurborgar og hverfisSKIPULAGS. Slíkt mæting telst ágæt í samanburði við aðra fundi um skipulagsmál, svo sem fundi borgarstjóra í hverfunum.

Aðrir fundir voru með íbúasamtökum Árbæjar og fasteignaeigendum í Hyljum, sjá nánar umfjöllun í bókinni Borgarhluti 7, Íbúapátttaka og samráð.

Í upphafi vinnu við hverfisSKIPULAG í nóvember 2015 var Gallup með rýnihópa úr Ártúnsholti, Árbæ og Selási á aldrinum 20–35 ára, 35–55 ára og 55–70 ára. Úr borgarhlutanum komu fjórir hópar, samtals um fjórutíu manns, en valið var í hópa eftir aldri; 20–35 ára, 35–55 ára og 55–70 ára, skv. starfsaðferðum Gallup. Gallup valdi í rýnihópa með slembiúrtaki úr þjóðskrá skv. viðurkenndum aðferðum félagsvísinda um megindlega aðferðafræði. Til áréttingar komu starfsmenn Reykjavíkurborgar hvergi nærri vali á þátttakendum í rýnihópa, sem ætlað var að sýna þverskurð íbúa í hverfunum á aldrinum 20 til 70 ára og eldri. Umræður og skoðanaskipti í rýnihópum um frumhugmyndir höfðu mikil áhrif á mótun fyrstu hugmynda og stefnu.

Skapandi samráð er samráðsaðferð sem beitt var í borgarhluta 7 en það verkefni var unnið með grunnskólum í Ártúnsholti, Árbæ, Selási og Norðlingaholti. Aðferðum skapandi samráðs var líka beitt á íbúafundum, sjá umfjöllun í greinargerðinni Íbúapátttaka og samráð. Niðurstöður samráðs eru einnig aðgengilegar á heimasíðu hverfisSKIPULAGS, sjá <http://hverfisSKIPULAG.is/samrad/>.

Þrátt fyrir orð bréfitara er hér fullyrt að mikið og vandað samráð hafi verið haft við íbúa í borgarhluta 7 vegna vinnu við hverfisSKIPULAG og að fjölbreyttum aðferðum hafi verið beitt við samráðið til þess að reyna að ná til sem flestra. En alltaf má gera betur og bæta samráðsaðferðir, m.a. byggt á gagnrýni bréfitara. Engu að síður er rétt að ítreka að þrátt fyrir alla viðleitnina getur

samráðsferlið farið fram hjá íbúum af ýmsum óþekktum ástæðum.

Fjölgun íbúða

Athugasemd frá Ingólfi Finnbogasyni, Pálinu Björnsdóttur, Þór Austmar, Sigurgeiri A. Jónssyni og Guðmundi H. Einarssyni.

Í athugasemdum koma fram áhyggjur af því að nú þegar séu einhverjir fasteignaeigendur búnir að útbúa aukaíbúðir, s.s. í bílskúrum og kjöllurum. Af þessu leiði aukin umferð aðila sem ekki eiga heima í hverfinu, bílastæðavandamál og aukið ónæði í barnvænu hverfi.

Svar:

Í skilmálum um fjölgun íbúða segir:

Fjölgun íbúða

Til að fjölga litlum íbúðum og leiguíbúðum er heimiluð ein aukaíbúð í hverju rað-, par- og sérbýlishúsi, allt að 50 m². Aðalíbúð og aukaíbúð skulu tilheyra sama matshluta og vera í einni eigu.

Við breytingar þarf að fylgja ákvæðum gildandi byggingarreglugerðar og leiðbeiningum hverfisskipulags um fjölgun íbúða.

Samráð skal haft við Veitur ohf. um tengingu aukaíbúða við fráveitukerfi.

Í greiningum á Ártúnsholti kom fram að mikið er af sérbýlishúsum. Þar er hátt hlutfall einbýlis- og raðhúsa og mikið af fjögurra og fimm herbergja íbúðum eða um 2/3 hlutar húsakostsins. Aldurshópurinn 35–66 ára er fjölmennur í hverfinu. Lítið er af minni íbúðum sem henta ungum fjölskyldum með börn en líka eldri íbúum sem vilja minnka við sig en búa áfram í hverfinu. Þessi íbúðasamsetning með mörgum stórum íbúðum og fáum minni íbúðum hefur torvelað endurnýjun og fyrir vikið hefur skólinn í hverfinu átt í vök að verjast vegna fækkunar skólabarna, en tæp 20% nemenda í skólanum búa utan hverfis. Upp úr þessu eru hugmyndir um aukaíbúðir komnar.

Einnig er vert að taka fram að við gerð skipulagsskilmála hverfisskipulags var m.a. kortlagt hvaða umsóknir byggingar- og skipulagsyfirvöldum hafa verið að berast á síðustu árum og skilmálar hverfisskipulags mótaðir með hliðsjón af því. Umsóknir um heimild til að útbúa aukaíbúð í sérbýlishúsi er meðal algengustu óska sem yfirvöldum berast. Því er lítið svo á að með heimildinni um aukaíbúðir sé bæði verið að bregðast við stöðunni eins og hún raunverulega er í mörgum hverfum borgarinnar, þar sem nú þegar hafa verið innréttaðar aukaíbúðir án heimilda í skipulagi, og helstu óskum íbúa um breytingar á húsnæði sínu. Einnig er rétt að hafa í huga að fasteignaeigendum er í sjálfsvald sett hvort þeir nýta heimildina.

Athugasemd frá Ingólfi Finnbogasyni

Mótmælir þéttingu byggðar með því að veita fasteignaeigendum heimild til að byggja smáhýsi á lóð sinni til útleigu.

Svar:

Tillögur um að veita fasteignaeigendum heimild til að byggja smáhýsi á lóð sinni til útleigu eru hvorki í stefnu og áherslum hverfisskipulags í bók I né í skilmálum í bók II í Ártúnsholti, Árbæ eða

Selás. Í skilmálum um þetta segir eftirfarandi:

Smáhýsi

Heimilt er að byggja stakstæð smáhýsi á lóð sem þurfa þó að vera innan skilgreinds byggingarreits. Smáhýsi á lóð mega vera garðskúrar, garðskálar o.þ.h. Stakstæð smáhýsi mega að hámarki vera 15 m² hvert og mesta hæð þeirra 2,5 metrar frá yfirborði lóðar og upp á efstu brún þaks, skv. byggingarreglugerð 2012, gr. 2.3.5.

Einungis er heimilt að byggja eitt smáhýsi á lóð við sérbýlishús. Þar sem par- og raðhús standa á sameiginlegum lóðum er heimilt að byggja eitt smáhýsi á sérafnotareit hverrar íbúðar. Á lóðum fjölbýlishúsa er að hámarki heimilt að byggja þrjú smáhýsi á sameiginlegri lóð. Ekki er heimilt að byggja smáhýsi á sérafnotareitum einstakra íbúða í fjölbýlishúsum.

Smáhýsi reiknast ekki inn í nýtingarhlutfall lóða.

Guðmundur H. Einarsson

Athugasemd barst á kynningartímanum frá Guðmundi H. Einarssyni. Athugasemdin var í fjórum meginliðum. Þrír fyrstu fjalla um opin svæði á mörkum Árbæjar og Seláss og verður þeim svarað sameiginlega hér fyrir neðan. Síðasta athugasemdin varðar fjölgun íbúða án bílastæða (aukaíbúða).

Opin svæði

Rætt er um opin svæði vestan Fylkisvegjar frá íþróttavelli að Rofabæ, austan Hraunbæjar milli Bæjarháls og Rofabæjar/Selásbrautar og garð við Rofabæ austan við verslunarhús. Bréfitari lýsir ánægju með öll framangreind svæði sem hann telur þrýði af í bænum og varar við miklum umbreytingum á þeim, s.s. hugmyndum um að breyta þeim í geymslusvæði fyrir vinnutæki o.þ.h. Sérstaklega varar bréfitari við að heimilað verði að ganga á garðinn austan við verslunarhús við Rofabæ vegna breytinga sem til stendur að heimila á nærliggjandi mannvirkjum. Er þar væntanlega vísað til heimilda til ofanbygginga á fjölbýlishúsum við Hraunbæ og/eða verslunarhús við Rofabæ og mögulegs rasks sem slíkar framkvæmdir gætu haft á næsta nágrenni.

Fjölgun íbúða án bílastæða

Telur bréfitari margt gott hægt að segja um markmið um að fjölga íbúðum en ekki sé réttlæt看legt að heimila fjölgun íbúða án þess að þeim fylgi bílastæði meðan almenningssamgöngur eru ekki raunhæfari valkostur. Íbúðum hafi þegar verið fjölgað víða í stórum raðhúsum með þeim afleiðingum að gestastæði í götum eru notuð af þeim íbúum.

Svar:

Opin svæði

Eins og kemur fram í athugasemd eru engar fyrirætlunir í hverfisSKIPulagi um að ganga á þessi opnu svæði eða breyta notkun þeirra frá því sem nú er. Þvert á móti má segja að í hverfisSKIPulagi sé skilgreining þeirra sem opin svæði styrkt með afmörkun á hverfisSKIPulagsuppdrætti þar sem tvö af umræddum svæðum eru merkt sem hverfisgarðar og það þriðja sem grænt svæði. Skilmálar hverfisSKIPulags kveða skýrt á um að í hverfisgördum skuli markvisst auka gróður auk þess sem segir í skilmálaeiningu 7.2.11: „Á lóðum nr. 33, 35 og 41 við Rofabæ er gert ráð fyrir opnu svæði til útivistar og leikja. Útfærsla og skipulag svæðisins skal miða að því að hvetja til hreyfingar og leikja og almennrar frístundaiðju fyrir hverfisbúa.“ Þegar og ef til framkvæmda á nálægum húsum kemur þarf að gæta þess að umsvif framkvæmdanna gangi ekki á gæði svæðanna, en slíkt þarf að tryggja í viðeigandi leyfum sem gefin eru út fyrir framkvæmdunum og eru ótengd hverfisSKIPulagi.

Fjölgun íbúða án bílastæða

Hér er vísað í svar að ofan varðandi heimildir til fjölgunar íbúða.

Því má bæta við að í hverfisSKIPulagi er markvisst stefnt að því að styrkja aðra ferðamáta en einkabílinn svo að íbúum sé gert auðveldara að nota bílinn minna, eða jafnvel vera án hans alveg.



